


DRÖM

LÍK KRISTJÁNS Í LÍKHÚSI Í MÁNUÐ

4

■ Ætli þeir grafi hann ekki úti?



„Ef þú ferð út segi ég engum frá því sem gerðist



BRAUST INN, BARDI OG BATT OLETTA KONU

10-11

Skuggaleg saga Magna Línberg

Samstarf við Sjálfstæðisflokk olli ofsóknum

32-43

■ Karl Tómasson ræðir pólitíkina og veikindin



■ Fætur stóðu út úr runna

54-55

Líkfundur Fjölnis orsakaði fangelsisvist





Róbert Veigar:

20-21

Dó næstum sama dag og pabbi

■ Hjartavöðvinn starfar aðeins um 15–20%



„Hvernig sinnir maður konu og fjölskyldu þegar þau fara heim með ekkert barn?

LJÓSMÆÐUR OPNA SIG

16

Ódýrustu rafmagnsbordin á Íslandi!



Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - SÍÐUMÚLA 37



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Hvaða ár?

■ **Kjalarnes** varð hluti af Reykjavík í mars þetta ár.

■ Undrallyfið **Viagra** kom á markað, ófáum körlum til yndisauka.

■ Íslenska hljómsveitin **Írafár** var stofnuð.

■ **Rush Hour** og **There's Something about Mary** voru meðal vinsælustu mynda ársins.

■ **Hugo Chavez** var kjörinn forseti Venesúela

0661-8VAS



Síðustu orðin

„Snertu ekki hringana mína.“

– stærðfræðingurinn Archimedes rétt áður en hann var drepinn af rómverskum hermanni í umsátrinu um Sýrakúsu árið 212 f.Kr.

Á þessum degi, 6. apríl



1199 – Rikardur I Englandskonungur deyr vegna sýkingar sem hann fær í kjölfar þess að ör er fjarlægð úr öxl hans.

1712 – Þrælauppreisnin í New Yorkborg hefst. 23 afrískir þrælar ákveða að segja hingað og ekki lengra. Þegar upp er staðið liggja níu hvítir menn í valnum og sex eru særðir. Um 70 þrælar eru handteknir og fangelsaðir. Af þeim er réttáð yfir 27 og 21 síðan sakfelldur og teknir af lífi.



1895 – Rithöfundurinn Oscar Wilde er handtekinn á Cadogan-hótelinu í London eftir að hafa tapað meidyrðamáli gegn John Douglas, 9. markgreifa af Queensberry.

1917 – Bandaríkin lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum í heimsstyrjöldinni fyrri.

1974 – Sænski kvartetttinn ABBA ber sig úr bítum í Eurovision-söngvakeppninni með laginu Waterloo. Sigurinn markar upphafið að heimsfrægd hljómsveitarinnar.

Lík Kristjáns í líkhúsi í mánuð: „Ætli þeir grafi hann ekki úti“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Lík Kristjáns Ragnars Mátssonar, sem lést 47 ára gamall á Benidorm þann 28. febrúar, er nú fast á líkhúsi á Spáni. Fjölskylda hans og sambýliskona hafa ekki burði til að flytja það heim til greftrunar og óvissa ríkir um hvort Kristján fái að hvíla í íslenski mold.

Snemma í mars greindi DV frá sviplegu fráfalli Kristjáns en hann stökk út um glugga á sjöttu hæð íbúðar sem hann og sambýliskona hans, Eva Rut Bragadóttir, dvöldu tímabundið í. Kristján, sem hafði verið í fíkniefnaneyslu og með geðraskanir, hafði margsinnis áður reynt sjálfsvíg og tvisvar lent í fólkskulegri líkamsárás, bæði á Íslandi og á Spáni. Eftir árás á nýársnótt 2017, þar sem hann var sleginn ítrekað með hamri í höfuðið, blindaðist hann og andleg færni hans stórskadaðist. Eftir það þjáðist hann af tíðum höfuðverk og uppköstum.

800 þúsund of stór biti

Skömmu eftir andlátinu sagði Kristín Sveinsdóttir Strickland, móðir Kristjáns, sem býr í Arizona-fylki í Bandaríkjunum, að faðir Kristjáns vissi af málinu og ætlaði að reyna að koma líkinu heim. Sjálf hefði hún ekki burði til þess. Faðirinn, Már Þorvaldsson, vildi ekki ræða við DV þegar leitað var eftir því.

Eva Rut segir nú að upphæðin sé mjög há fyrir fjölskylduna, um 800 þúsund krónur. Sjálf hefur hún glímt við fjárhags- og húsnæðisvanda. Þá gekk hún undir krabba-meinsmeðferð fyrir nokkru. „Ég er búin að reyna að afla peninga eins og ég get en ég veit ekki hvort það dugi. Faðir Kristjáns hafði samband við utanríkisráðuneytið en þeir gátu ekkert hjálpað.“

Eva hefur verið í sambandi við sjúkrahúsið þar sem lík Kristjáns er geymt en hún veit ekki hversu lengi hann verður geymdur þar. Þau eiga tíu ára gamlan son á Íslandi og æskilegt væri að hann gæti heimsótt gróf föður síns.

Hvað verður gert ef hann verður ekki fluttur heim?

„Ég veit það ekki. Ætli þeir grafi hann ekki úti.“



Ráðuneytið veitir aðeins ráðgjöf

Svanhvít Aðalsteinsdóttir, sérfræðingur hjá borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins, segist ekki geta tjáð sig um einstök mál en að ráðuneytið aðstoði Íslendinga erlendis ekki fjárhagslega í tilvikum sem þessum. Hvorki við jarðarfari né líkflutning.

„Við getum í raun ekkert gert annað en að leiðbeina fólki hvert það geti snúið sér. Með slíkum leiðbeiningum getur fólk jafn vel

lækkað kostnaðinn við flutningana og greftrunina. En við erum háð þeim reglum sem gilda ytra og þær eru mjög mismunandi eftir löndum og svæðum. Við reynum að styðja við fólk eins og hægt er.“

Hún segir að tilfelli sem þessi séu ekki mjög algeng en þau komi fyrir, jafnvel nokkrum sinnum á ári. Líkt og hér heima geti fólk þá leitað til sveitarfélaga, félagsþjónustu eða annarra stofnana sem


aðstoða við jarðarfari en fólk verði að leita eftir

því sjálf. Hlutverk ráðuneytisins sé fyrst og fremst upplýsingagjöf, bæði þegar andlát ber að og til aðstandenda sem vilja koma líki heim til Íslands.

„Við vitum ekki alltaf af því þegar Íslendingar látast í útlöndum. Stundum sjá fjölskyldurnar sjálfar alfarið um þetta.“ ■

5 sem hús sem mega alls ekki brenna

Á fimmtudaginn varð stórbruni í Miðhrauni í Garðabæ. Í húsinu var lager Icewear og geymslur Geymslur ehf. sem innihéldu eigur fólks og jafnvel heilu búslóðirnar. Tjónið er gríðarlegt, bæði peningalega séð og tilfinningalega. Af því tilefni tók DV saman lista yfir fimm hús á Íslandi sem mega alls ekki brenna.



Costco

Segja má að verslun Costco í Kaupúni sé kirkja okkar Íslendinga. Þorri landsmanna er með aðild að Costco og eru margir sem vilja ekki versla annars staðar.



Hallgrímskirkja

Stuðlabergskirkja Guðjóns Samúelssonar á Skólavörðuholti er fyrir löngu orðin eitt helsta kennileiti höfuðborgarinnar. Svo er Hallgrímskirkja einn vinsælasti útsýnisstaðurinn á Íslandi og malar gull.



Nonnahús

Nonni átti heima þarna þegar hann var lítill. Brennuvargar, látið Nonnahús í friði.




Harpa

Harpa kostaði landsmenn alveg óskaplega mikinn pening og er nú orðin vettvangur tónleika sem og ráðstefna.



Árnagarður

Öll handritin sem Árni Magnússon safnaði eru geymd í Árnagarði við Suðurgötu. Það tók Árni langan tíma að safna þeim og það var mikið vesen að koma þeim heim.



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

548.000.-



Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur
ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is




Nordic Seamless*

Verð frá:

310.000.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



Continental*

Verð frá:

374.000.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

BUBBI FALINN

„Vantrú er öfgatrú. Kristin trú er seld á svarta markaði í himnaríki,“ sagði Bubbi Morthens, af sinni alkunnu visku, á Twitter-síðu sinni í kjölfar páskahátíðarinnar. Eins og áður var andlit Bubba falið á síðum páskablaðs DV og er lesendum þakkað kærlega fyrir góða þátttöku. Í þetta skiptið var Bubbi falinn í sólblómi á blaðsíðu 71.

Sá lesandi sem hreppti hnossið að þessu sinni var Gunnvör Björnsdóttir og hlýtur hún gjafabréf á veitingastað að launum.

Ásjóna Bubba er síðan að sjálfsgöðu falin í þessu tölublaði. Lesendur sem hafa uppi á goðinu geta sent lausnir í netfangið bubbi@dv.is. Einn heppinn lesandi fær óvænt og skemmtileg verðlaun frá DV.

Finndu Bubba í blaðinu



LOF & LAST

– Kara Kristel, kynlífsbloggari og þúsundþjalasmiður:

Lof vikunnar fær Selena Gomes, fyrir það að brjóta hjartað í Abel, úr hljómsveitinni The Weeknd. Flestir aðdáendur eru sammála um að við getum þakkað henni fyrir hversu æðisleg platan *My Dear Melancholy*, sem sveitin gaf út í vikunni, er. Um tíma var sveitin orðin smá slök en þessi plata er hreint út sagt meistaraverk sem minnir mjög á fyrstu tónlistina sem Weeknd gaf út, sem er jú klassik. Bestu plöturnar fæðast oft í ástarsorg. Takk Selena, og takk Abel fyrir plötuna.

Last vikunnar fá stjórnvöld. Ég á kannski ekkert erindi í að tjá mig um stjórnsmál enda veit ég lítið um þau. Eitt veit ég þó og það er að ljósmæður sinna ótrúlega mikilvægu og fallegu starfi og er vinna þeirra eflaust ekki metin rétt til fjár. Án ljósmæðra væru flestar fæðingar mun hættulegri. Ég þekki það sjálf. Á minni meðgöngu voru nokkrar ljósmæður algjörlega með mig í fanginu. Þetta voru persónuleg samskipti og ég verð þeim ævinlega þakklát. Kommon, hvernig væri að koma til móts við þær? Ef það er til nóg fé fyrir öllum þessum bílum og bónusum þá er alveg til peningur fyrir manneskjurnar sem passa að við komum örugg í heimin.

Bílprófslaus sendill frá Domino's rekin eftir árekstur:

„Hvernig á ég að borga ef ég er ekki með vinnu?“

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Sendill var rekin frá pít-sastaðnum Domino's eftir að hafa starfað á stað í Spönginni í tvær vikur. Ástæða brottrekstrarins var sú að hann olli tjóni á bílaleigubíl sem staðurinn var með á leigu á háannatíma á föstudagskvöldi. Sendillinn er ekki með bílpróf og kann að eigin sögn ekki að keyra beinskiptan bíl.

Sendillinn fyrrverandi, sem vildi ekki láta nafns síns getið, segir farir sínar ekki sléttar af samskiptum við píturisann. Eftir að hann lét af störfum þá segist hann hafa verið boðaður á fund með stjórnendum Domino's sem hafi rukkað hann um tjónið á bílnum, tjón sem nemur allt að hálfri milljón króna. Hann er ekki sáttur við það. „Það var ekki ég sem bað um vinnu sem sendill, ég sótti bara um og átti von á að fara að vinna við að baka. Ég var aldrei spurður um ökuskipti eða hvort ég kynni að keyra. Ég fór inn á klósett til að læra hvernig á að keyra beinskiptan bíl, svo fékk ég líka hjálp frá hinum sendilinum,“ segir sendillinn fyrrverandi í samtali við DV.

„Eftir að ég var rekin þá hitti ég mannaússtjórnann sem sagði að ég ætti að borga allt tjónið. Ég var boðaður á annan fund sem ég mætti ekki á, þá fékk ég skilaboð sem minntu á eitthvað frá handrúkkara. Sagt að ég hefði svikið þá um fund og ég þyrfti að borga 400 til 500 þúsund. Hvernig á ég að borga ef ég er ekki með vinnu?“

Sæll

Nú hefur þú í tvígang svikið mig um fund og ég sé ekki annað í stöðunni en að senda þetta í löginnheimtu. Þar með er það úr okkar höndum. Þú vonandi áttar þig á því hvað gerist í því ferli ef greiðslur falla niður.

Með kveðju,



Snorri Jónsson
Mannauðsstjóri
Domino's Pizza – Ísland
www.dominos.is

Tölvupósturinn sem Snorri sendi á sendilinn fyrrverandi.



Teikning DV af sendilinum inni á klósetti að æfa sig að keyra beinskiptan bíl.

Hann segir að hann hafi verið ráðinn af vaktstjóra staðarins í Spönginni en ekki stjórnendum fyrirtækisins. Hann segir jafnframt að hann viti um aðra sendla hjá fyrirtækinu sem séu ekki með bílpróf og í þokkabót sé algengt að sendlar séu undir áhrifum kannabísefna undir stýri.

Snorri Jónsson, mannaússtjóri Domino's, sagðist ekki kannast við málið þegar DV leit aði eftir viðbrögðum. Aðspurður hvort sendlar bæru ábyrgð ef þeir yllu tjóni á bílum fyrirtækisins þegar þeir væru að keyra út pítur sagði starfsmannastjórinn: „No comment á það“. DV hefur hins vegar undir höndum samskipti Snorra við sendilinn fyrrverandi. Í tölvupósti með yfirskriftinni *Bílatjón sem sendur var á sendilinn fyrrverandi fyrr sama dag sagði Snorri að það væri ekki annað í stöðunni en að senda tjónið í löginnheimtu*. „Þar með er það úr okkar höndum. Þú vonandi áttar þig á því hvað gerist í því ferli ef greiðslur falla niður,“ segir í póstinum frá Snorra. ■

Hálfvitarnir sem kunna ekki að eiga pening



Svarthöfði

Lélegt fjármálalæsi er ástæðan fyrir því að fólk lendir í fjárhagslegum erfiðleikum segir fjármálaráðuneytið í greinargerðinni sem fylgir fjögurra ára áætlun ríkisstjórnarinnar. Það er langt síðan Bjarni Benediktsson hefur náð að hitta naglann jafn vel á höfuðið. Hverjir eru það sem kvarta undan launum og bótum? Jú, það eru hálfvitarnir sem kunna ekki að eiga pening! Þannig blasir það að minnsta kosti við Svarthöfða.

Lélegt fjármálalæsi vill oft loða við börn ekki-fjáfesta. Þetta þekkir Bjarni vel á eigin skinni enda kann pabbi hans, Benedikt Sveinsson fjárfestir, öll helstu trixín í business. Það er þjóðráð að sameina þetta við eina áherslu Sjálfstæðismanna, að nýta eldri borgara sem leikskólakennara, með því að fá Benedikt til að kenna fjárhagslegum ómögum „the art of the deal“. Við skulum bara vona, ef það verður raunin, að hann haldi vinum sínum víðs fjarri.

Látum það liggja á milli hluta að enginn í ríkisstjórninni eða

ráðuneytinum kann að lifa á vesalingalaunum, því flestir sem eru á vesalingalaunum völdu það sjálfir. Íslenskt samfélag er ekki stórt, það vita allir hvernig á að verða ríkur. Það er eitthvað mein í heilabúi þess sem sleppir því að ganga í stjórnmalaflokk og fara í lögfræði, fer þess í stað í kennara- eða hjúkrunarnám, og ætlast svo til þess að geta eignast húsnæði og bíl. Það mun að sjálfsgöðu ekkert breytast, sjáðu bara kommúnistann sem var gerður að forsætisráðherra.

„Ef við rifjum upp staðreyndirnar þá er það svo að, að undanskildum dýralæknum, engin háskólastétt uppfyllir jafn miklar menntunarkröfur og ljósmæður til að geta starfað við fag sitt, sex ára háskólanám ... Til að fá námið metið að verðleikum í samræmi við aðrar stéttir með sambærilega menntun hjá ríkinu þurfa meðalgrunnlaun ljósmæðra að hækka um 24–25% og það er einungis leiðrétting á því misrétti sem ljósmæður hafa þurft að búa við í fjölda ára, misrétti sem aðrar fagstéttir hafa viðurkennt,“ sagði núverandi forsætisráðherra fyrir 10 árum og uppskar mikið lófaklapp



frá ljósmæðrum á þingpöllum. Án gríns. Svarthöfði grínast ekki með svona, það er í alvörunni til upptaka af þessu.

Það er of seint fyrir þessa sem eru þegar komnir á ellilífeyri, en allir aðrir geta bjargað sér. Skráið ykkur í Sjálfstæðisflokkinn, Fram-

sókn, Samfylkinguna, Vinstri græn eða Viðreisn, í versta falli kemstu að í einhverju sveitarfélagi. Og skráið ykkur síðan í lögfræði, eða hagfræði, eða viðskiptafræði. Annars verður þú bara hálfviti sem kannst ekki að eiga pening og átt ekki að eiga pening. ■

Klæðskerasniðin þægindi

Náttúruleg efni, einstakt handverk og PASCAL gormakerfið gera rúmin okkar að athvarfi fyrir stöðugan gæðasvefn.

FRUMKVÖDLAR SÍÐAN 1926



DUXIANA
Ármúla 10
S-5689950
duxiana.com

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður

SUMARDEKKIN UN

MUNDU TOYO FYRIR ÖRYGGIÐ

NESDEKK ER NÚ Á 6 STÖÐUM!
FÁÐU GÓÐ RÁÐ UM RÉTTU DEKKIN HJÁ FAGMÖNNUM OKKAR.

Reykjanesbær



Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210


Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

TOYO TIRES
dríven to perform

DIR FYRIR 15. APRÍL:

SUMARDEKKIN OG UMHVERFIÐ



MAGNI BRAUST INN UM MI KONU MEÐ ÖSKUBAKKA Ö

■ Fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm ■ Elt konur í 40 ár ■ Braust inn um

Valbjörn Magni Björnsson, eða Magni Líndal, játaði að hafa brotist inn til ófrískrar konu um miðja nótt, ráðist á hana og reynt að binda hana með snæri sem hann hafði meðferðis. Þá gekk hann einnig í skrokk á konunni og barði hana með öskubakka. Fyrir þetta fékk Magni tveggja mánaða skilorðsbundin dóm. Hann sat sem sagt ekki einn dag í fangelsi fyrir árás sem skipulögð var í þaula. Samkvæmt heimildum DV hafði hann verið með konuna á heilanum. Maður konunnar var á næturvakt þegar árásin átti sér stað. Þetta var í febrúar árið 1978 í Neskaupstað. Elti-hrellirinn Magni gengur nú laus á Akureyri og herjar þar á fyrrverandi sambýliskonu sína til skamms tíma, Svanhildi Sigurgeirsdóttur, sem ekki fær nálgunarbann. Magni hefur í 40 ár fengið að eyðileggja líf kvenna. Magni hefur herjað á Svanhildi frá því að hún flúði eigið heimili. Fyrir utan að sitja um Svanhildi, elta hana í búðum, hringja látlaust í hana hefur hann tekið blóm af leiði föður hennar og komið fyrir á bíl í hennar eigu. Eftir umfjöllun DV segir hann að stríðið sé rétt að byrja.

Íþróttastjarna og gluggagægir
DV hefur heimildir fyrir því að Magni hafi strax sem ungur maður byrjað að hrella konur og hefur hann komist upp með slíkt í um 40 ár. Á flestum þeim stöðum sem hann hefur stungið niður fæti er að finna sögur af þessum elti-hrelli sem eins og áður segir gengur laus. Sögurnar eru endalausar og hefur Magni nánast undantekningarlaust komist upp með að eyðileggja líf kvenna.

DV hefur undir höndum dóm frá árinu 1979. Um afar alvarlegt og hrottalegt brot er að ræða og rétt að vara við lýsingum sem hér fara á eftir. Magni var íþróttastjarna í bænum og tvítugur þegar þetta gerðist. Margar konur höfðu greint frá því að Magni væri að gægjast á glugga hjá þeim en engin þeirra þorði að leggja fram kæru. Ofbeldi Magna í garð kvenna hófst því strax á unga aldri. Um einbeittan brotavilja var að ræða þegar Magni gekk lengra en áður og ótrúlegt að hann hafi ekki þurft að sitja í fangelsi fyrir að rústa lífi óléttrar konu. Magni átti eftir að játa brot sín.

Með band í vasanum

Magni læddist að húsinu að nóttu til með skrufjárn og band í vasanum. Bandið ætlaði hann sér að nota til að binda konuna. Áður hafði hann skrúfað lausa peru í útljóskeru fyrir utan dyrnar. Klukkan var um tvö um nóttina þegar Magni braust inn í húsið. Konan vaknaði við hljóð en vissi ekki að Magni biði hennar í myrkrinu. Hún var ein heima. Maðurinn hennar var á næturvakt. Þau áttu von á barni. Hún fór fram úr



Magni hefur elt konur í 40 ár. Samfélagið bregst hvað eftir annað.

á náttkjólnum og varð þá þess vör að hurð á milli innri og ytri gangshristist. Fór hún niður til þess að loka dyrunum. Þegar hún opnaði dyrnar til að loka þeim betur stökk Magni á hana. Konan hrópaði upp

yfir sig skelfingu lostin. Magni greip harkalega fyrir munn hennar og fékk konan þá blóðnasir sem hún taldi stafa vegna hræðslu. Hann hafði lengi haft augastað á henni og hann var kominn til að

binda þessa konu. Hún átti að vera hans! Hann skyldi fá hana. Magni ýtti óléttri konunni inn ganginn, hrinti henni á gólfið og settist klofvega ofan á hana þar sem hún lá á bakinu.

Konan greip öskubakka úr gleri til að reyna að verja sig en Magni hrífsaði hann af henni og barði hana þrisvar í hausinn. Konan fékk mar og stóra kúlu við hægra eyra.

MIÐJA NÓTT: BARÐI ÓLÉTTA G REYNDI AÐ BINDA HANA

MIÐJA NÓTT

Mynd af rósunum sem Svanhildur og systir hennar lögðu á leiði föður þeirra á afmælisdegi hans. Magna þótti viðeigandi að taka þær og leggja á húddið á bíl Svanhildar til að hrella hana.



Magni hafði barið hana þrisvar og sat enn ofan á henni. Nú tók hann upp bandið sem hann hafði haft meðferðis og reyndi að binda konuna. Konan barðist um á hæl og hnakka og tókst að verjast því.

„Þú getur fengið alla þá peninga sem eru í húsinu ef það er það sem þú vilt,“ sagði konan í geðs-hræringu.

Magni hrísti höfuðið.

„Hvað viltu þá?“ hrópaði konan.

Magni potaði ofan til í kvið hennar. Konan skildi það á þann hátt að það væri hún sem hann vildi en Magni mælti ekki orð af vörum á meðan árásin stóð yfir. Árásinni var þó hvergi nærri lokið þarna. Í dómnum er tekið sérstaklega fram að Magni hafi ekki reynt að taka hana úr kjólnum eða fækka fötum sjálfur. Konan taldi hins vegar að Magni hefði brotist inn til hennar til að nauðga henni. Konan vissi hins vegar ekki á þessum tímum að maðurinn var hinn tvítugi Valbjörn Magni Björnsson sem hafði stundað að gægjast á glugga kvenna.

Sá að þetta var Magni

Konan baðst nú vægðar og sagði að hún væri ólétt. Sagðist hún þurfa vatn þar sem blóð rann úr nefi hennar ofan í kok hennar. Magni leyfði henni að standa upp og fór hún fram í eldhús og fékk sér vatn að drekka. Myrkur var á neðri hæðinni en ljós í ganginum. Í skímunni sá hún hver maðurinn var. Þetta var Valbjörn Magni. Hún gat ekki flúið eða reynt að hringja. Magni var búinn að skera á símalínuna. Konan kom aftur inn í stofu og settist þar. Valbjörn var nú með



Valbjörn Magni Björnsson eða Magni Línberg eins og hann kys að kalla sig í dag flutti í götuna hjá konunni sem hafði kært hann fyrir ofsóknir á Akureyri. Þar gengur hann laus í dag.

klút fyrir andlitinu og með hettu á höfði sem náði langt fram fyrir andlit. Hann var í mittisúlpum og í stígvélum.

„Ef þú ferð út núna mun ég engum segja frá því sem gerðist,“ sagði konan biðjandi. Magni tvísteig um nokkra stund í stofunni. Hann vissi ekki hvað hann ætti til bragðs að taka. Að lokum tók hann þá ákvörðun að fara og treysta því að konan myndi ekki segja til hans.

Óttaðist um barnið

Konan sat ein eftir í stofunni. Hún þorði ekki að hreyfa sig strax. Tíminn stóð í stað. Sekúndur urðu að eilífð. Loks stóð hún á fætur og gægðist fram. Magni var farinn. Árásin hafði

staðið í um klukkustund. Eiginmaður hennar kom af vakt um klukkan fjögur og hringdu þau strax í lögreglu.

Konan var aum og marín eftir árásina og bólgin í andliti. Hún hafði þó mestar áhyggjur af því hvort eitthvað hefði komið fyrir ófætt barn þeirra hjóna. Konan var í áfalli eftir árásina og með áfallastreituröskun. Hún þorði hvergi að vera ein og var alltaf hrædd.

Barnið kom síðan í heiminn og sagði konan að það væri órólegt á taugum ef eitthvað væri að og rakti hún það til árásarinnar.

Játaði allt

Magni var yfirheyrður og var tregur til að tjá sig. Hann játaði að lok-

Skelfilegar ofsóknir

DV fjallaði ítarlega um Magna í síðasta helgarblaði og ræddi við Svanhildi Sigurgeirsdóttur, fyrrverandi sambýliskonu Magna til skamms tíma. Eftir að hún sleit sambandinu hefur hún mátt þola skelfilegar ofsóknir, sem hafa verið allt frá því að Magni hafi hringt stöðugt í hana, setið um hús hennar, elt hana í búðum, áreitt fjölskyldu hennar, vini og kunningja og lagt fyrir utan hús hennar á hátíðisdögum, líft og um jól og áramót.

„Magni tók blóm af leiði föður míns og setti á húddið á bílnum mínum. Síðan hringdi hann í mig og tilkynnti mér að hann væri með skilaboð frá föður mínum sem var látinn. Hann lést áður en ég kynntist Magna. Hann segist geta haft samband við framliðna og sagðist vera með skilaboð frá pabba um hvað mér væri fyrir bestu,“ sagði Svanhildur við DV. Hún hefur óskað eftir nálgunarbanni gegn honum en því hefur verið hafnað.

Þá voru rifjaðar upp sögur fleiri kvenna sem Magni hefur eltið. Fanney Björk Ingólfssdóttir, sem er frá Akureyri, var 26 ára þegar hún árið 2016 lýsti reynslu sinni af Magna. Sagði hún Magna hafa svipt hana geðheilsunni. Þá var sagt frá annarri konu, Hrefnu Jónsdóttur, sem sagði í samtali við DV að Magni hefði kúgað hana til þess að stunda kynlíf með honum gegn því að kynlífsmyndband sem hann tók upp af henni í leyfisleysi færi ekki í birtingu.



Magni er með tvær Facebook-síður. Á annarri þeirra er hann með sem einkennismynd mynd af honum ásamt fyrrverandi sambýliskonu sinni. Þannig heldur hann áfram að hrella hana. Einnig birtir hann mynd af úlf og tígriðýri en þeir sem þekkja til Magna líta á það sem hótun en vinsælt er að tákna síðblindu með þessum fallegu dýrum.

um árásina en þvertók fyrir að hafa barið konuna með öskubakka og sagði öskubakkann hafa fallið á andlit konunnar þegar hann var að reyna verjast. Fingraför hans fundust á ljósakerinu þar sem hann hafði fyrir innbrotið skrúfað peruna lausa.

„Ég gekk í kringum húsið til öryggis,“ sagði Magni í yfirheyrslu en bætti við að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að fullu hvað hann ætlaði að gera þegar inn var komið. Engu að síður var hann með band meðferðis.

Magni sagði að hann hefði hulið andlit sitt með því að binda viskustykki fyrir andlit sitt. Magni gekkst undir geðrannsókn og var metinn sakhæfur. Helgina eftir árásina lét hann eins og ekkert hefði í skorist og lýsti því yfir við alla sem vildu heyra að hann væri saklaus og verið væri að ljúga upp á hann. Hann var íþróttahetja í bænum og tilfinning annarra sem bjuggu á svæðinu var að þagga ætti málið niður af yfirvöldum.

Íþróttahetja fær dóm

En svo kom að því að kveða upp dóm. Magni hafi játað meira og minna allt sem hann var sakaður um. Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti kvað upp dóm. Fyrir skelfilega árás þótti hæfilegt að dæma hina ungu íþróttahetju í

tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára. Ekki einn dag sat Magni inni fyrir að rústa lífi þessarar konu. Refsiramminn var þrjú á þessum tíma. Margir í bænum upplifðu aðkomu yfirvalda sem þöggun. Og svo flutti Magni úr bænum. Og í næsta bæ fann hann annað fórnarlamb og svo annað og svo annað.

Fær ekki nálgunarbann

Sögurnar eru endalausar. Heimildarmenn á hverju strái sem telja Magna hættulegan. Þær sögur verða ekki raktar hér. En í dag hefur hann unnið markvisst að því að eyðileggja líf Svanhildar Sigurgeirsdóttur. Rétt eins og yfirvöld brugðust hinni ungu móður í Neskaupstað hefur Svanhildur ekki fengið þá aðstoð sem hún þarf á að halda. Hún fær ekki einu sinni nálgunarbann á mann sem hefur barið ófríska konu með öskubakka og reynt að binda hana með snæri. ■

Rektor braut persónuverndarlög:

BIRTI UPPLÝSINGAR UM VEIKINDALEYFI Á VEF SKÓLANS

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Pann 8. mars síðastliðinn úrskurðaði Persónuvernd í máli Önnu Guðrúnar Þór-hallsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Landbúnaðarháskólans, gegn skólanum vegna birtingar viðkvæmra upplýsinga sem Sæmundur Sveinsson rektor birti á heimasíðu skólans. Þar var kveðið á um að birtingin hafi ekki samrýmt lögum um persónuvernd. Eins og DV hefur áður greint frá hefur verið djúpstæður ágreiningur í skólanum lengi og mörg mál komið upp sem hafa reynst starfsfólki erfið.

Birti upplýsingar um veikindaleyfi á vefnum

Málið snýst um hlekk við grein sem Sæmundur Sveinsson rektor setti inn á fréttavef Landbúnaðarháskólans varðandi umfjöllun Stundarinnar 27. október um málefni skólans. Í fréttinni kom fram að Önnu Guðrúnu prófessor, sem starfað hefur við skólann 25 ár, hefði verið hótað uppsögn í kjölfar kæru gegn henni til síðanefndar. Hlekkurinn vísaði á álit síðanefndar skólans frá 9. október.

Deilur innan skólans hafa langan aðdraganda og DV hefur áður greint frá misheppnaðri sameiningu árið 2005 og umdeildri skipun Sæmundar sem margir vilja meina að hafi verið pólitísk. Í grófum dráttum snúast þær um nýtingu lands og uppgræðslu en nýskipaður rektor er sonur Sveins Runólfssonar, fyrrverandi landgræðslustjóra. Fulltrúi Kristjáns Þórs Júlíussonar,

þáverandi landbúnaðarráðherra, stakk upp á skipun Sæmundar eftir að hætt hafi verið við ráðningu samkvæmt auglýsingu þar sem þrjú umsækjendur hafi verið metnir hæfir.

Ólafur Arnalds, prófessor við skólann, kærði Önnu Guðrúnu til síðanefndar vegna tölvubréfa sem hún sendi til samstarfsfólks síns í tengslum við ráðstefnu Landbúnaðarháskólans 18. maí 2017, „Hvað getur Ísland gert?“. Þar taldi hún vera fram hjá sér gengið og að hópur innan skólans beindi spjótum sínum gegn bændum en síðanefnd úrskurðaði að hún hefði brotið gegn siðareglum með ummælum í bréfunum.

Í álitinu komu fram persónuupplýsingar um Önnu Guðrúnu, meðal annars að hún hafi verið í veikindaleyfi á tilteknum tíma, og kærði hún birtinguna til Persónuverndar sem komst að þeirri niðurstöðu að birtingin hefði varðað við lög.

„Svona gerir fólk ekki“

Í samtali við DV segist Anna ekki ætla að höfða skaðabótamál vegna birtingarinnar. Hún segir:

„Ég er búin að fá þetta á hreint og þetta var líka gert fyrir aðra. Ef enginn gerir ekki neitt skapar það vont fordæmi. Maður verður að fá það svart á hvítu að svona gerir fólk ekki. Fólk í þessari stöðu verður að sjá að persónuverndarlög eru gild og það hefur afleiðingar að brjóta þau.“

Anna hefur ekki verið innan skólans um nokkurra mánaða skeið. Eftir að henni barst hótun um uppsögn neyddist hún til að sækja um að starfstöð hennar yrði flutt á Háskólann á Hólum. Hún



hafi ekki átt annarra kosta völ en getað komist hjá uppsögn vegna stöðu sinnar sem prófessor.

„Það virðast vera mjög sterk öfl sem telja sig hafa hagsmuni af því að losna við mig af því að ég er ekki með „réttar“ skoðanir. Bæði rannsóknir mínar og annarra sem ég hef kynnt sýna niðurstöður sem ekki þykja æskilegar. Þetta er opinber háskóli og mikilvægt að þar inni þrífist gagnrýnin hugsun og sjálfstæði í rannsóknum.“

Finnst skrýtið að upplýsingarnar séu taldar viðkvæmar

Samkvæmt úrskurði Persónuverndar átti Landbúnaðarháskólinn að senda skriflega staðfestingu á því að persónugreinanlegar upplýsingar hafi verið afmáðar úr niðurstöðu síðanefndarinnar sem birtist á

síðunni eigi síðar en 5. apríl næstkomandi. Álitid hefur nú verið fjarlægð alfarið af vefnum.

Í samtali við DV segir Sæmundur að honum hafi fundist það rétt að birta álitid eftir að málið komst í fréttirnar. Hann segir:

„Starfsfólkið mitt vissi ekki alla söguna og hafði ekkert heildaryfirlit. Þau sáu þessi hræðilegu ummæli sem Anna Guðrún sendi á starfsfólk og vissi hver niðurstaðan var. En mér fannst þetta vera þannig mál að það væru hagsmunir fyrir starfsfólk að fá heildarmyndina. Það kom þarna fram að Anna Guðrún var í veikindaleyfi á tilteknum tíma og ég verð að segja að mér finnst skrýtið að upplýsingar um hvenær fólk er frá vegna veikinda séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Ég hafði ekki átt að mig á því að Persónuvernd liti svo á.“

Þannig að það var vankunnáttu sem olli þessu broti?

„Kannski vankunnáttu. En eftir að hafa lesið lögin sé ég ekki að upplýsingar um veikindaleyfi séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Ég sé hins vegar að upplýsingar um heilsuhagi séu það.“

Samkomulag um flutning starfsstöðvar Önnu Guðrúnar í beitarvistfræði til Hóla fól í sér að fjárveiting flyst einnig yfir milli skólanna. Um er að ræða 11 milljónir króna árlega til 10 ára, samantlagt 110 milljónir. Sæmundur segir að það verði ekki vandamál.

„Við leysum það. Við þurfum ekki að ráða inn nýja manneskju. Menntamálaráðherra er búinn að vera mjög yfirlýsingaglaður í fjölmiðlum um að fullfjármagna háskólana. Með auknum fjárveitingum gerum við ráð fyrir að bæta við starfsfólki.“

Eiginmaður Önnu enn starfsmaður

Að sögn nokkurra starfsmanna innan skólans, sem DV hefur rætt við en þora ekki að koma fram undir nafni, er ástandið mjög



erfitt og andrúmsloftið þrúgandi. Í skólanum vinnur margt sérhæft fólk sem hleypur ekki glatt inn í önnur störf hérlendis nema á allt öðrum vettvangi. Á starfsmannafundum þorir fólk því ekki að segja meiningu sína. Sæmundur segir:

„Mér finnst leiðinlegt að heyra að fólk upplifi það. Það er búið að vera mjög erfitt ástand í skólanum í langan tíma. Hér var ákveðin stjórnunarkrísan sem endaði með því að fyrrverandi rektor sagði starfi sínu lausu. Þar á undan voru búin að vera mörg mál í gangi, en mörg af þeim tengdust Önnu Guðrúnu. Það er engin launung með það.“

Viðmælendur DV vilja hins vegar meina að ástandið hafi ekki batnað í skólanum eftir skipun Sæmundar nema síður sé. Fyrrverandi rektor er Björn Þorsteinson, eiginmaður Önnu Guðrúnar, sem er enn þá starfandi prófessor við skólann og heimili þeirra er á Hvanneyri. Björn sagði í samtali við Stundina í október að hann hefði fengið símtal frá Haraldi Benediktssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Í símtalinu kom fram að það myndi koma Birni persónulega mjög illa ef hann legðist gegn skipun Sæmundar sem rektors það haust. Haraldur neitaði því þá að hafa hótað Birni. Sæmundur vill hins vegar ekki meina að staða Björns sé erfið í ljósi undangenginna atburða. ■

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LÍÐA VEL



**HENSON
DESIGN**

Gæðarúm í miklu úrvali



Öll sæti
og bak
stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi




BRUNSTAD
NORDIC WARMTH

Brunstad
hvíldarstóll



Öll sæti
stillanleg

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is



Stillanleg
rúm



Svefnsófar í miklu úrvali og mörgum
litum. Nokkrar stærðir í boði.

CALIA
ITALIA

CALIA
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia



SITTING VISION
hvíldarstólar



Öll sæti
stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur
höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi

CALIA
ITALIA

BUGATTI
ITALY



RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR
BETRI HVÍLD

Enginn fer óvopnaður

■ Slóst við ísbjörn með berum hnefum ■ Strangar útvistarreglur ■ Hrókurinn st

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Ittoqqortoormiit er einn afskekktasti bær á norðurhveli jarðar. Íbúar í þessum ísbjarnar- og skákbæ eru aðeins um 450. Þar kunna flestir að veiða sér til matar, enda oft erfitt að fylla hillur einu verslunarinnar í þorpinu. Það er því nauðsynlegt að kunna að fara með vopn, ef ekki til að veiða sér til matar, þá til að fella ísbirni en það hefur aukist að soltnir birnir leiti fæðu í námunda við eða í bænum. Tugir bjarna hafa herjað á íbúa síðustu vikur og mánuði. Ísinn við Austur-Grænland er ekki svipur hjá sjón, vegna mikillar hlýnunar á norðurslóðum, og þar með snarminnka veiðilendur ísbjarna.

Ittoqqortoormiit er vegalaus bær ef svo má að orði komast en þangað er aðeins fært með þyrlum, snjósleða eða upp á gamla mátann, með hundasleða. Það eru um þúsund kílómetrar í næsta byggða ból og bærinn er sá afskekktasti á Grænlandi. Sólin kveður íbúa í nóvember og heilsar þorpsbúum ekki á ný fyrr en í janúar. Síðustu daga hafa liðsmenn Hróksins dvalið í þorpinu en yfir páska var árleg hátíð skáklagsins haldin en Hrókurinn hefur heimsótt þorpið síðustu tólf ár. Máni Hrafnsson og kona hans Joey Chan ásamt Róberti Lagerman buðu þorpsbúum upp á veislu þennan veturinn. Máni sem er lærður kvikmyndagerðarmaður mundaði myndavélina þegar færi gafst.

„Það er stórkostleg upplifun að koma til Itto. Fólkíð er einstaklega hlýlegt og vinalegt,“ segir Máni. „Hér er alltaf tekið vel á móti manni. Ferðin er öðruvísi í ár að því leyti að ísbirnir hafa herjað á bæinn. Við höfum verið hér í um viku og á þeim tíma hafa tveir ísbirnir verið felldir, einn rétt við bæinn og hinn inni í bænum.“

Kjötinu var dreift á milli þorpsbúa. Í öðru hverju húsi var því ísbjörn hátíðarmatur yfir páskana.

Er þá hættulegt að vera á ferli?

„Það eru strangar útvistarreglur í gildi núna,“ svarar Máni. „Engin fer óvopnaður út fyrir bæjarmörkin, og börn halda sig heima fyrir á kvöldin. Þorpsbúar eru samt ekki mikið að stressa sig yfir þessu, enda harðgert og stóískt að mestu leyti.“

Ástfangin af þorpinu

Aðspurður hvernig Joey, eigin konu hans, hafi litist á hið einangraða þorp segir Máni:

„Joey varð strax ástfangin af Ittoqqortoormiit, en hún kom fyrst hingað í fyrra. Hún nær allveg einstaklega vel til krakkanna hérna, en hún hefur yfirumsjón með myndlistarkeppni sem er hluti af skákhátíðinni.“

Þyrla átti að flytja Mána til flugvallarins í Nerlerit Inaat á þriðjudaginn og þaðan átti svo að fljúga til Akureyrar og loks heim. En eftir blíðu síðustu daga kyngdi niður snjó, svo þyrluflugi var aflýst á elleftu stundu. Máni hefur því nýtt tímann til að taka fleiri myndir í hinu fallega þorpi sem hann deilir með lesendum DV.



Vedurtepptur Máni í afskekktasta þorpi Grænlands. Máni ber saman mannshönd og ísbjarnarhramm.



Grænlenstur sleðahundur í Ittoqqortoormiit býður góðan daginn!



Hundalíf í Ittoqqortoormiit.



Á ísbjarnarveiðum í Ittoqqortoormiit.

Ungi veiðimaðurinn og ísbjörninn. Karl Napatoq er aðeins 24 ára, en hann hefur fellt fimm ísbirni það sem af er vetri, en allir gerðu þeir sig líklega til að heilsa upp á íbúa Ittoqqortoormiit.



Út fyrir bæjarmörkin

Óð fyrir gleði á Grænlandi



Tugir bjarna hafa herjað á íbúa síðustu vikur og mánuði. Ísinn við Austur-Grænland er ekki svipur hjá sjón, vegna mikillar hlýnunar á norðurslóðum.



Grafreitir í Ittoqqortoormiit, afskekktasta þorpi norðurslóða, næstum þúsund kílómetra frá næsta byggða bóli.

Jan Lorentzen er heppinn að vera á lífi. Hann tókst á við konung ísbreiðunnar í tæplega 10 kílómetra fjarlægð frá Ittoqqortoormiit og hafði betur. Í dag gæðir hann sér á ljúffengu kjöti, kjöti af birni sem hann felldi þann 19. mars síðastliðinn, og hefur sögu að segja.

„Ég hafði farið á snjósleðanum að heimili okkar. Það var farið að hvesa og ég neyddist til að ná í olíu til kyndingar í lítinn kofa sem er aðeins tuttugu metra frá húsinu. Þegar ég kom út tók ég strax eftir að það voru nýleg ísbjarnarför í snjónum.“

Jan skimaði í kringum sig en sá björninn hvergi.

„Ég lokaði dyrunum á eftir mér og fór út. Þegar ég sneri mér við tók ég strax eftir birninum í nokkurra metra fjarlægð.

Við horfðum djúpt í augu hvor annars. Riffillinn var inni í húsinu.“ Nú voru góð ráð dýr. Jan gaf frá sér óskur til að reyna að hræða björninn. Glorsoltið dýrið haggadist ekki og fylgdist með hverri hreyfingu Grænlandingsins sem ákvað að reyna að hlaupa að snjósleðanum og forða sér þannig undan svöngu dýrinu. Það var um líf eða dauða að tefla. En björninn hindraði hann í að komast leiðar sinnar og réðst nú til atlögu.

„Ég kýldi hann á aftanverðan hálsinn,“ segir Jan sem segir að fyrst hafi björninn hikað en svo ráðist að honum með galopin skoltinn. Jan tók nokkur skref aftur á bak og baðaði út höndum til að reyna að gera sig breiðan og öskraði af lífs og sálar kröftum. Hann komst að snjósleðanum en

tókst ekki að koma honum í gang. Björninn gerði þá aðra atlögu. Grænlandingurinn lét þá aftur högginn dynja á birninum sem leist ekkert á þessa bráð og virtist velta fyrir sér hvaða hann ætti til bragðs að taka. Jan nýtti þessar fáu sekúndur vel, kom snjósleðanum í gang. Björninn stefndi nú á hann ógnandi sem fyrr og sýndi tennurnar. Jan gaf allt í botn og snjórin þeyttist undan sleðanum og yfir björninn. Þegar Jan var kominn í örugga fjarlægð frá birninum hafði hann samband við son sinn. Skömmu síðar felldu þeir björninn.

Jan er heppinn að vera ekki alvarlega særður og vera á lífi. Eina merkið um bardaga við björninn er bólgin hönd.



Komið úr kafinu. Ittoqqortoormiit, Grænlandi, 70°29' 07" N 21°58' 00" W, þriðjudaginn 3. apríl.



Jan Lorentzen er heppinn að vera á lífi.



Joey Chan elskar Grænland. Hún var með listasmiðju Hróksins á sínum snærúm.




„Dagur vináttu Íslands og Grænlands“ var haldinn í Ittoqqortoormiit og bar með lauk fráberri páskahátíð Hróksins í ísbjarnar- og skákbænum miklla.



Á ísbjarnarveiðum.



Kátir krakkar í einum fallegasta bæ Grænlands.



Teikning ísbjarnarbanans Jans Lorentzen af svæðinu.

„HVERNIG SINNIR MAÐUR KONU OG FJÖLSKYLDU ÞEGAR ÞAU FARA HEIM MEÐ EKKERT BARN?“

Kjaraviðræður íslenskra ljósmæðra og ríkisins hafa staðið yfir í eitt og hálf ár og enn sér ekki fyrir endann á þeim. Á sama tíma fer álagið á fæðingar-deildum síst minnkandi og er ástandið í stéttinni talið vera grafalvarlegt. Ófáir Íslendingar hafa tjáð sig á samfélagsmiðlum undanfarnar vikur og lýst yfir stuðningi sínum við íslenskar ljósmæður enda er óhætt að fullyrða að meirihluti einstaklinga hafi eða muni nýta þjónustu þeirra einhvern tímann á lífsleiðinni. Sömuleiðis hafa fjölmargar ljósmæður tjáð sig á samfélagsmiðlum og flestallar frásagnirnar eru á sömu leið: Þær elska vinnuna sína en hafa einfaldlega ekki efni á að starfa við fagið.

Víst er að enginn dagur er eins í starfi ljósmóðurinnar. DV leitaði til nokkurra íslenskra ljósmæðra og fékk þær til að deila eftirminnilegum sögum úr starfinu.

„Þessi laun verða aldrei frá mér tekin“

Ella Björg Rögnvaldsdóttir útskrifaðist úr námi sem ljósmóðir árið 2017 og hefur síðan þá starfað bæði á fæðingavakt LSH og meðgöngu- og sængurlegudeild LSH. Hún sagði starfi sínu upp á dögnum.

„Að liggja inni á spítala á meðgöngu, þínulítið týndur í tilverunni, svona eins og stopp í tíma á biðstofu er örugglega eitt af því erfiðara sem maður getur gert um ævina.“



Ég man eftir einni yndislegri konu sem ég sinnti sem var í þeirri stöðu. Hún var kvíðin og hrædd, stressuð vegna þess sem var á næsta leiti og tárin flóðu í stríðum straumum. Það var svo gott að finna hvað stuttur tími sem maður gat gefið sér til að setjast niður og spjalla, ræða áhyggjur hennar, mæta þeim með rökum og faglegum upplýsingum gat gert mikið gagn og

hjálpað mikið í erfiðum aðstæðum. Svo kom að því að konan fæddi, fæðingin gekk vel og hún kom aftur niður á meðgöngu- og sængurlegudeild. Að fá konuna aftur í hendurnar, brosandí, ánægða og stolta af sjálfri sér var yndislegt.

Það var svo gott að heyra hana segja að það sem við spjölluðum um, það sem við ræddum okkar á milli og sú þekking sem ég gat deilt með henni nýttist henni í þessu erfiða verkefni sem hún hafði svo glæsilega komist í gegnum.“

„Eitt af þeim erfiðari verkefnum sem ég hef tekist á við í mínu starfi“

Hildur Sólveig Ragnarsdóttir útskrifaðist 1998 sem hjúkrunarfræðingur og sem ljósmóðir árið 2013. Hún starfar á Fæðingarvaktinni og hefur gert það meira og minna frá útskrift.



„Þetta eru ekki alltaf gleðistundir. Ég man eins og það hafi gerst í gær þegar mér var falið að sinna konu sem var að ganga í gegnum andvana fæðingu. Þetta var eitthvað sem ég hafði kviðið fyrir og held ég að flestar ljósmæður geri það. Hvernig átti ég að vera? Hvað átti ég að segja? Hvað átti ég ekki að segja? Mér fannst þetta mjög erfitt og krefjandi verkefni. Ég áttaði mig svo á því að það eina sem maður getur gert í þessum aðstæðum er að vera til staðar og sýna virðingu. Barnsfæðingar eru yfirleitt gleðistundir og eiga að vera það. En því miður er það ekki alltaf svo og er þetta hluti af því að vera ljósmóðir. Ljósmæður sinna konum og fjölskyldum bæði í gleði og sorg.“

Ég sinnti svo fjölskyldunni áfram í heimaþjónustu sem mér fannst einnig mjög erfitt. Hvernig sinnir maður konu og fjölskyldu þegar þau fara heim með ekkert barn? Þetta er eitt af þeim erfiðari verkefnum sem ég hef tekist á við í mínu starfi.

Það eina sem maður getur gert er að vera til staðar og hlusta og styðja fólk í gegnum þessa erfiðu lífsreynslu.“

„Ég vissi að hún grét þegar ég sá ekki til“

Kristín Theodóra Nielsen útskrifaðist úr hjúkrunarfræði árið 1979 og lauk síðan ljósmóðurnámi árið 1982. Hún hefur því starfað við fagið í hátt í fjóra áratugi.

„Ég hef starfað alfarið við heimaþjónustu eftir fæðingu í 18 ár. Hér er ein lítil dæmisaga úr mínum hversdagsleika. Ég var beðin að taka að mér konu sem hafði eignast sitt annað barn deginum áður. Það kom í ljós að þessi kona hafði erfiða brjóstgáfangar, svo erfiða að hún hafði kviðið fyrir fyrstu dögnum eftir fæðingu seinna barnsins síns alla meðgönguna. Þegar ég kom til hennar í fyrsta skipti skynjaði ég mikinn vanmátt gagnvart komandi dögum og því sem þeim myndi fylgja og í raun allt vegna fyrri reynslu konunnar.“



Í upphafi gekk brösuglega, hún var mjög áhyggjufull og fyrri reynsla sat verulega í henni og hafði mikil áhrif á andlega líðan þessa fyrstu daga sem einkenndist af kvíða og ótta við að mistakast. Ég vissi að hún grét þegar ég sá ekki til og leið ekki vel. Því var það yndislegt að sjá og finna hvernig sjálfstraust hennar jókst með hverjum deginum sem gekk betur og að lokum að skila af sér konu og barni þar sem takmarkinu er náð sem eru, þó sorglegt sé, í raun laun starfsins. Það er fátt meira gefandi en að finna þá þekkingu sem maður hefur aflagið sér í gegnum krefjandi nám og áralanga reynslu skila sér í auknu sjálfstrausti og betri líðan skjólstæðinga sinna. Þannig er ljósmæðrastarfið eflandi ferli bæði fyrir þær fjölskyldur sem við sinnum og þá ljósmóður sem starfinu sinnir í hvert skipti.“

„Gleðistundirnar fylgja okkur heim úr vinnunni en það gera þær erfiðu líka“

Heiða B. Jóhannsdóttir: „Sem ljósmóðurnemi í verknámi á meðgöngu- og sængurlegudeild sinni ég ófrískri konu sem er mér mjög nákominn. Á seinni hluta meðgöngunnar kom í ljós að barnið hennar væri með hjartagalla og þyrfti að öllum líkindum að fara fljótlega eftir fæðingu til útlanda í aðgerð. Ég var á vakt daginn sem ákveðið var að taka barnið út með keisaraskurði þar sem ekki var talinn ávinningur lengur fyrir barnið að vera í móðurkviði. Ég var fyrir tilviljun látin hafa umsjón með henni ásamt leiðbeinandi ljósmóður. Við undirbyggum konuna fyrir keisarann og fórum með hana upp á skurðstofu.“




Aðgerðin gekk vel en farin var strax með barnið yfir á vöskudeildina og fylgdi fadrið barninu. Konan lá því ein eftir á skurðarborðinu í miðri skurðaðgerð, logandi hrædd um barnið sitt og án mannsins síns. Ég settist hjá konunni, hélt í hönd hennar og hughreysti hana meðan á aðgerðinni stóð. Ég sinnti fólkinu í sængurlegu daginn eftir fæðinguna og var einnig með þeim daginn sem þau fóru til útlanda með litla hjartagullið sitt í aðgerð aðeins hálfri viku eftir fæðingu. Þetta var mér mjög erfiður tími og felldi ég ófá tár þessa daga og fyrstu dagana eftir að þau voru farin út. Það má deila um hvort maður eigi að sinna svo nákomnum einstaklingum í jafn krítsku ástandi og þarna var, en við erum sammála um það, ég og móðir barnsins, að við hefðum ekki vilja hafa það neitt öðruvísi. Í flestum tilfellum sinna ljósmæður fólki á þeirra mestu gleðistundum en við sinnum líka fólki á sinni verstu stundu. Gleði stundirnar fylgja

„Gleðistundirnar fylgja okkur heim úr vinnunni en það gera þær erfiðu líka“

okkur heim úr vinnunni en það gera þær erfiðu líka. Við erum mannlegar og hjarta okkar svo innilega með því fólki sem við sinnum.“

Kúkasprengja um allt gólf

Ásta Dan Ingibergsdóttir: „Ljósmóðurstarfið getur komið skemmtilega á óvart. Ég var einu sinni í heimaþjónustuvitjun hjá nýbökudum foreldrum og aðalviðfangsefni dagsins var að leiðbeina þeim með fyrsta baðið. Við undirbyggum balann í sameiningu á stofuborðinu og síðan fór pabbinn með barnið inn í svefnherbergi til að klæða það úr.“



Þegar hann gekk til baka með stúlkuna í fanginu skilaði hún stórra kúkasprengju, sem fór um allt gólf, yfir pabbann, og krafturinn var svo mikill að það skvettist upp á veggina! Við hlógum dátt að uppátæki barnsins og fórum að þrífa upp það mesta. En litla krúttið var ekki búð heldur pissaði yfir mig alla á meðan foreldrarnir voru enn að skúra gólf. Við gleymum þessum baðdegi seint “ ■

JS Watch co.
REYKJAVIK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Nýtt og spennandi gólfefni





Vínyparket og vínýflísar

Við kynnum nýjung
hjá okkur í gólfefnum.
Vínyparket er ótrúlega
slitsterkt, vatnspolið
og er mjög viðhaldslítið.
Það hentar því í jafnt
á baðherbergi sem í
hótelandyri eða skrif-
stofurými.

Efnið er ótrúlega mjúkt
og fæst bæði með fallettri
viðaráferð í plönkum
eða með náttúrusteins-
áferð í flísum.

Bjóðum aðeins það
besta fyrir þig!

Parki
I N T E R I O R S



Róbert var lagður inn með hjartabilun sama dag og faðir hans lést:

„Maður vinnur sig áfram og er þakklátur fyrir að fá einn séns í viðbót“

Róbert og Inga, ásamt eldri börnunum þremur.

Róbert Veigar Ketel veiktist alvarlega fyrir rúmum mánuði og var lagður inn á sjúkrahús, sama dag og faðir hans, Walter, varð bráðkvaddur. Eftir miklar rannsóknir var Róbert greindur með hjartabilun og starfar hjartavöðvinn aðeins um 15–20%. Róbert dvelur nú á Reykjalundi í endurhæfingu og batameðferð.

Söfnun er hafin til að styðja Róbert og fjölskyldu hans, en hann og kona hans, sem er öryrki eftir skelfilegt slys, eiga fjögur ung börn.

Þetta er stór spurning,“ segir Róbert aðspurður hvernig tilfinning það sé að vera kipt út úr daglegu lífi. „Það er búið að taka þessar vikur að átta sig á þessari spurningu og ég er ekki ennþá búinn að því. Ég er bara hér á fleygiferð og veit ekki hvert ég fer. Það er líka hrikalegt að vita af konu og börnum heima og geta ekkert gert. Það er það erfiðasta í þessu.“

Róbert verður 38 ára þann 20. apríl næstkomandi og eiga hann og kona hans, Inga Dröfn Sváfnisdóttir, fjögur börn; 12 ára son og þrjár dætur, sem eru 1, 3 og 11 ára. Inga er öryrki eftir skelfilegt slys í Bláfjöllum árið 2012. Hún fór mjög illa í því slysi, er með taugaskaða niður í hægri fót, en hún háls-, hrygg- og bringubeinsbrotnaði við slysið. Inga hafði lokið námi við Bændaskólann á Hólum og var að vinna á fullu við tamningar þá.

Lagður inn á spítala sama dag og faðir hans varð bráðkvaddur „Róbert byrjaði að vera slappur í byrjun desember, þreyttur og móður,“ segir Hugrún, yngri systir hans. „Í febrúar var flensa búin að ganga hér yfir okkur öll og hann varð mjög slappur, ég heimsótti hann og dreif hann

með mér á sjúkrahús á Selfossi, þá var hann kominn með flensu, lungnabólgu og þeir fundu út að hann væri kominn með RS-vírus, kominn með sýkingu í gallblöðruna og þeir sáu stækkun í hjartanu. Hann varð mjög veikur og eftir því sem hann var skoðaður meira sáu þau hvað hjartað var illa farið.

Læknar telja líklegast að hann hafi fengið vírus í hjartað, en hallast líka að því að þetta gæti verið erfðagalli. Þannig að ég og eldri bróðir okkar erum að fara í allsherjarrannsókn núna í apríl hjá hjartalækni Róberts. Faðir okkar hafði fengið kransæðastíflur og því er ráðlegt að skoða okkur.

Eldri bróðir okkar, það var eitthvað með hjartað hjá honum fyrir nokkrum árum,“ segir Hugrún. „Síðan var hann í heimsókn hjá Róberti og fékk aðsvif, þannig að hann var bara drifinn strax í þræðingu. Það verður síðan skoðað nánar þegar við förum í rannsóknina.“

Walter Ketel, faðir þeirra, var hálfjapanskur og hálfþýskur og fór útför hans fram 12. mars síðastliðinn, „duftkeri hans verður síðan komið fyrir síðar í duftgarðinum við Garðakirkju á Álftanesi.

Mamma er líka öryrki, hún er með lupus, þannig að pabbi var



fyrirvinnan hennar, þetta er nýr kafli hjá okkur öllum,“ segir Hugrún og bætir við: „Róbert fær að fara heim um helgar og mamma „passar“ hann. Hann er ósköp duglegur og ber sig vel. En það er erfitt að kyngja því að vera orðinn sjúklingur.“

Plan A er í gangi og unnið í bata „Lyfjameðferð verður haldið áfram um óákveðinn tíma,“ segir Róbert.

„Það eru hvíldartímar inni á milli sem eru hluti af dagskránni, ég er ekki að frá morgni til kvölds.

Á eins og hálfis tíma fresti á ég að leggja mig,“ segir Róbert og hlær. „Maður er bara meðhöndlaður eins og lítill sparigrís.

Læknirinn minn segir mér bara að halda áfram og vera ekkert að spá í plan B. Við erum bara að vinna í plani A og að vinna á fullu að bata. Það er einhver virkni kominn til baka, ég var í 13%, en er kominn í 17 eða 18%. Það er mjög mikill munur á þessum örfáu prósentum.“

Læknar vona að Róbert styrkist með lyfjagjöfum, en ef það gerist ekki þá þarf hann að fara í

hjartaskipti til Gautaborgar og er hann nú þegar kominn á líffæragjafalista eftir hjarta.

„Það er búið að halda vel utan um mig hér, tala mig í gegnum þetta allt saman og hjálpa mér. Það er svo auðvelt að missa höfuðið undir koddann. Það koma slæmir tímar, en maður vinnur sig áfram, hugsar um börnin og konuna og þakklátur fyrir að fá einn séns í viðbót.

Ég fer næst í ómskoðun á miðvikudag í næstu viku og þá fáum við að sjá hvort hjartað hefur minnkað eða stækkað.

Ég vil þakka fyrir allt og alla hlýjuna," segir Róbert, „maður er bara hissa og bit, en fyrst og fremst þakklátur.“

Nærsamfélagið kemur til aðstoðar – Heimilið sett í stand

Róbert og Inga keyptu í fyrra gamlan sveitabæ, rétt fyrir utan Stokkseyri sem þau ætluðu að gera upp og var Róbert búinn að vinna í honum og bærinn orðinn fókheldur þegar hann veiktist. Róbert var búinn að fara til útlanda og kaupa allt fyrir húsið í Póllandi, tveir gámar komu síðan til landsins tíu dögum eftir að hann veiktist. Ljóst var að fjölskyldan þurfti aðstoð við að tæma gámana og gera húsið að heimili.

„Þannig að það var sent út neyðarkall og fjöldi fólks kom og aðstoðaði við að setja upp innréttingar, gólfefni og fleira, til að gera heimilið vistlegt fyrir þau," segir Huguína. Hópurinn SOS á Lækjarbakka á Facebook samanstendur af fólkinu sem kom fjölskyldunni til aðstoðar. „Það er heldur betur búið að gerast mikið," segir Huguína.

„Þetta er lygilegt. Maður er bara orðlaus. Þvílíka baklandið sem maður á," segir Róbert, sem fékk að skjótast heim til að kíkja. „Það var gott að komast heim og sjá nýja heimilið.“

Söfnun hrundið af stað – Vinur gaf verðlaunafé

Róbert og Inga eru mikið hestafólk og hjá heimili þeirra er er fjárhús sem stóð til að breyta í hesthús. Vinur þeirra, Sigurður Vignir Matthíasson afreksknapi, gaf þeim verðlaunafé sem hann fékk fyrir sigur í 150 metra skeiði í meistaraeild Cintamani-hestaþróttu sem fram fór um páskana á Selfossi. Hvatti hann aðra hestamenn sem tók hafa á að styrkja fjölskylduna.

Stóðhestaveisla sem fram fer í Samskipahöllinni á morgun, laugardaginn 7. apríl klukkan 20, mun einnig nýtt til söfnunar fyrir fjölskylduna, en 500 krónur af hverjum seldum miða renna til hennar. Jafnframt verða happdrættismiðar boðnir til sölu.

Dagmar Helga Traustadóttir, frænka Róberts, setti upp söfnunarreikning, sem skráður er á hennar nafn. „Staðan hjá þessari elskulegu fjölskyldu er því mikil áskorun og langar okkur stórfjölskylduna að setja af stað söfnun þar sem við vonum innilega að margt smátt geri eitt stórt. Okkar von er að geta létt aðeins undir fjárhagsáhyggjum þeirra þar sem þau hafa nóg á sinni könnu með að sigrast á veikindunum og þeim áföllum sem dunið hafa á fjölskyldunni undanfarið.“

Við hvetjum þá sem geta lagt fjölskyldunni lið að gera það.

Reikningur: 1106-05-400364

Kennitala: 100270-4209



Róbert ásamt dótturinni Kamillu Hafdísí.

Börnin fjögur: Marikó Árný, 3 ára, Kamilla Hafdís, 10 ára, Andreas Haraldur, 12 ára, og Dalía Lórey, 1 árs.



Endómetríósa veldur miklum kvöllum hjá 5-10% kvenna

Karitas Bjarkadóttir

Ég missti mikið úr skóla og var alltaf að drepast úr verkjum. Þetta hafði mikil áhrif á unglingsárin hjá mér, bæði andlega og líkamlega.“

Þetta segir Eyrún Telma Jónsdóttir en það tók hana 10 ár að fá greiningu á endómetríósu, eða legslímufлакki eins og það heitir

á íslensku, þrátt fyrir að hún hafi byrjað að fá einkenni þegar hún var einungis þrettán ára gömul.

Endómetríósa (legslímufлак) er krónískur sársaukafullur sjúkdómur, sem um 5-10% kvenna hafa. Orsök hans eru ekki fyllilega ljós. Þó er vitað að sjúkdómurinn gengur í erfðir og að það eru nokkr-

ir samverkandi þættir sem valda honum. Endómetríósa orsakast af því að frumur svipaðar þeim sem finnast í innra lagi legsins finnast á öðrum stöðum í líkamanum, yfirleitt í kviðarholinu. Þessar frumur svara hormónum líkamans á svipaðan hátt og legslímufrumurnar í leginu. Þegar kona með endó-

metríósu fer á blæðingar, blæðir úr þessum frumum sama hvar þær eru í líkamanum. Því má segja að hún hafi margar litlar innvortis blæðingar og það orsakar miklar kvalir.

Eyrún minnst sérstaklega eins verkjakasts þegar hún neyddist til að leita upp á bráðamóttöku.

Þekking lækna á sjúkdómnum var afar takmörkuð á þeim tíma og upplifði Eyrún að þeim myndist hún gera heldur mikið úr veikindum sínum.

„Ég var að fara að sofa eitt kvöldið þegar ég fékk svona brjálæðislega mikla verkí. Við kærasti minn héldum fyrst að þetta ►

Lundur 7-13

BÚM
BETUR



www.bygg.is

NÝTT Í SÖLU

Skoðið
teikningar
á bygg.is

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.



Síðustu nýju íbúðirnar í fjölbýli í Lundinum

Naustavör 16-18 & 20

BÚM
BETUR



www.bygg.is

Skoðið
teikningar
á bygg.is

NÝTT Í SÖLU

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 16-18 og 3ja hæða fjölbýli við Naustavör 20 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 123-210 fm, 3ja til 5 herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.



REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Öðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

væri botnlanginn og hann þurfti að bera mig út í bíl vegna verkja. Þegar við mættum upp á bráðamóttökuna var ég látin liggja frammi á biðstofu í kuðung, sárkvalin og hágrátandi. Það þarf mikið til þess að ég kveinki mér, enda er sársaukaþröskuldurinn orðinn nokkuð hár eftir alla þessa verki í gegnum tíðina, en þarna var mér allri lokið.“

Lá sárkvalin á biðstofu bráðamóttökunnar

Eyrún lá á biðstofu bráðamóttökunnar í nokkra klukkutíma áður en loks var hugað að henni.

„Læknarnir voru á sömu skoðun og við til að byrja með, að um botnlangakast væri að ræða. Þeir náðu í sönartæki til þess að skoða hann frekar. Á þeim tímapunkti var ég orðin alveg viss um að svo væri ekki. Þegar þeir áttuðu sig á að þetta var ekki botnlanginn var mér engu að síður neitað um að ræða við kvensjúkdómalækni eða að fara yfir á kvenna-deildina. Ég var síðan sprautuð niður með morfíni og sofnaði að lokum.“

Eyrúnu var haldið á bráðamóttöku yfir nótt. Snemma morgunninn eftir birtist nýr læknir sem taldi hana í nægilega góðu standi til að fara heim.

„Mér var gefið meira morfín og var svo send heim stuttu síðar. Ég missti fjóra daga úr vinnu þegar þetta gerðist og eftir að ég var send heim fékk ég engin verkjalyf. Mér var ráðlagt að kaupa paratabs eða íbúfen og svo var ég hvött til þess að harka af mér, að það væri eðlilegt fyrir konur að fá túrverki,“ segir Eyrún. Í dag er staðan sú að þessi lyf virka ekkert á hana enda hefur hún byggt upp mikið þol í gegnum tíðina.

Mikilvægt að fá göngudeild fyrir konur með endómetríósu

Eyrún telur mikilvægt að komið verði á laggirnar göngudeild fyrir konur þar sem þær geti fengið rétta greiningu, meðhöndlun og eftirfylgni.

„Þar ættu að vera fjölhæfir sérfræðingar sem vita nákvæmlega hvað þetta er og hvernig á að bregðast við – hvernig á að verkjastilla konur og fleira. Ef þessi göngudeild hefði verið til fyrir áratug þá hefði ég fengið greininguna fyrr.“

Greining Eyrúnar kom ekki fyrir en hún og kærasti hennar höfðu reynt að eignast barn í rúmlega heilt ár án árangurs.

„Þetta hefur mikil áhrif á andlegu hliðina og ég hef þjáðst af miklum kvíða vegna þessa. Ég var

alltaf hjá hinum og þessum sérfræðingum sem gátu ekkert fyrir mig gert,“ segir Eyrún.

Eyðilögð að fá alltaf neikvætt próf

Í dag eru Eyrún og kærasti hennar í í frjósemisferli. Engin niðurgreiðsla er á slíkum aðgerðum á Íslandi en Eyrún ræddi þetta ferli við lækni sem hún leitaði til í Danmörku á sínum tíma.

„Hann sagði að frjósemisaðgerðir þar væru frjár þar sem allir eiga rétt á því að eignast barn og að konur með viðurkenndan krónískan sjúkdóm eigi rétt á niðurgreiðslu. Það er virkilega ósanngjarnt að sumir séu að reyna og reyna en ekkert gerist á meðan aðrir verða óléttir bara á einni nóttu.“

Eyrún og kærasti hennar hafa nú verið að safna fyrir því að geta farið í frjósemisferli í nokkurn tíma.

„Ég var orðin alveg eyðilögð að fá alltaf neikvætt próf. Þótt maður sé ekki alltaf að hugsa um þetta þá er þetta alltaf í undirmeðvitundinni. Þetta er virkilega erfitt og ég þekki konur sem hafa farið jafnvel 10–11 sinnum í frjósemisaðgerð án þess að verða óléttar. Maður upplifir þetta sem mikið óréttlæti en ég reyni að líta á þetta sem verkefni sem ég þarf að ganga í gegnum. Þetta gerist ef að þetta gerist.“

Reynslusaga Karitasar Bjarkadóttur

Karitas Bjarkadóttir byrjaði á blæðingum þegar hún var einungis tíu ára gömul og síðan þá hefur hún alltaf þjáðst af miklum túrverkjum.

„Ég man eftir fyrsta verkjakastinu mínu þegar ég var ellefu ára gömul og gisti heima hjá ömmu minni og afa. Mér var svo illt að mér var heitt og kalt til skiptis. Þurfti að hafa tvær sængur yfir mér og beina viftunni í áttina að mér. Ég gat varla staðið í fætturna fyrir svima og verkjum og ældi svo í kjölfarið. Það var í fyrsta skiptið sem ég ældi vegna verkjanna,“ segir Karitas sem fékk nýlega klíniska greiningu á sjúkdómnum endómetríósa.

Bíður þess að fá að fara í kvíðarholsspeglun

„Þetta hafa alltaf verið mjög slæmir verkir og í haust fór ég að finna fyrir þeim jafnvel þótt ég væri ekki á blæðingum. Mér fannst það eitthvað gruggugt og ákvað að kíkja til læknis. Hann vissi ekkert hvað var að mér og sendi mig í blóðprufu sem ég fékk aldrei neitt út úr. Það var lítið sem hægt var

að gera fyrir mig á heilsugæslunni þannig að ég ákvað að panta mér tíma hjá kvensjúkdómalækni. Ég greindi honum frá einkennunum og hann greindi mig klínískt. Ég tikka í öll boxin en ég á eftir að fara í svokallaða kvíðarholsspeglun.“

Karitas er einnig með aftursveigt leg sem gerir það að verkum að endómetríósan getur verið staðsett annars staðar en algengt er.

„Það sást því ekki neitt í ómskoðuninni þannig að ég er ekki búin að fá formlega greiningu og ég er núna að reyna að fá það í gegn að fá að fara í aðgerðina. Læknirinn minn vill prófa allt fyrst en ég vil helst bara fá að fara í aðgerðina. Ég er því bara að vinna í því að reyna að fá þetta í gegn.“

Mætir í skólann og grætur vegna verkja

Karitas segist ekki átta sig á því hvað valdi því að læknarnir vilji bíða.

„Ég get svo sem skilið að þeir vilji prófa allt en það er samt bara alltaf betra að fá þetta staðfest. Í rauninni eru þeir að teifa þetta af því að ég er svo ung. Það er búið að setja mig á pilluna endalaust en það virkar bara ekki neitt.“

Endómetríósan hefur haft gífurleg áhrif á líf Karitasar sem hefur þurft að sleppa því að mæta í skólann sökum hennar.

„Ég hef þurft að taka veikindadaga af því að ég kemst ekki fram úr vegna verkja. Það hefur oft liðið yfir mig og ég hef margoft ælt vegna verkjanna. Jafnvel þótt ég sé ekki einu sinni á blæðingum þá er ég rúmföst. Ég er svolítill harðjagl og reyni að harka af mér nema ég bókstaflega komist ekki fram úr. Ég mæti frekar í skólann og græt úti í horni. Ég er núna að leita að verkjalyfjum sem virka fyrir mig þar sem íbúfen og naproxen eru hætt að virka.“

Karitas hafði áður lesið sig til um endómetríósu þegar hún var yngri og grunaði hana jafnvel að um þennan sjúkdóm væri að ræða en fékk sig þó aldrei til þess að fara til læknis.

„Ég hugsaði bara einhvern veginn að það fengju allir túrverki og ég væri bara óheppin að fá svona slæma. En síðustu ár hefur umræðan aukist mikið og allt efni um þetta er orðið aðgengilegra. Allt sem ég fann á sínum tíma var á ensku og því var erfitt fyrir mig að skilja almennilega læknisfræðileg heiti á öðru tungumáli.“ ■



Eyrún Telma

Einkenni endómetríósu og birtingarmynd:

- Miklir og sárir verkir við blæðingar
- Verkir við egglos
- Meltingartruflanir og/eða sársauki við hægðalosun
- Sársauki við þvagliát
- Sársauki við kynlíf
- Síþreyta

Ófrjósemi

Um 30–40% kvenna með endómetríósu glíma á einhverjum tímapunkti við van- eða ófrjósemi en flestar þeirra ná þó að eignast barn með hjálp tækninnar. Aðrar kjósa svo ættleiðingu sem leið til að verða foreldri. Því miður er engin lækning til við endómetríósu. Sjúkdómurinn getur einnig hamlað verulega þátttöku í starfi, námi, fjölskylduviðburðum og öðru félagslífi og ekki er óalgengt að konur með endómetríósu einangrist félagslega á einhverjum tímamarki í sínum veikindum. Í samfélagi þar sem gjarnan er talið „eðlilegt“ að stúlkur og konur fái slæma tíðaverki, getur verið erfitt að gera sig trúanlegan.

Um samtökin

Samtök um endómetríósu hafa starfað frá 2006. Samtökin halda úti heimasíðu, Facebook-síðu og lokuðum spjall- og fræðsluhópi félagskvenna samtakanna á Facebook. Samtökin má einnig finna á ýmsum öðrum samfélagsmiðlum.

Vika endómetríósu: Laugardagur 7. apríl–föstudagsins 13. apríl. Á þeim tíma verður Landspítalinn við Hringbraut lýstur gulum lit endómetríósu.

Allar gerðir af kerrum Allir hlutir til kerrusmíða

Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla!



Dvergshöfði 27
www.VikurVagnar.is
577-1090



Dean Martin & Frank Sinatra

HEIÐURSTÓNLEIKAR

Jógvan Hansen

13. APRÍL

Salnum í Kópavogi

Sérstakur gestur

Friðrik Ómar Hjörleifsson

Miðaverð 5.900 kr. á tix.is og salurinn.is


Maison Fondée en
1765
Hennessy

Carlsberg

HÉRNA GISTA RÍKU FERÐAMENNIRNIR

Adögnum opnaði nýtt fimm stjörnu lúxushótel við Bláa lónið, The Retreat. Hótelid setur hátt viðmið þegar kemur að lúxusgistingu fyrir efnaða ferðamenn en þar kostar nóttin ekki minna en 180 þúsund krónur. Hægt er að gista í 60 fermetra svítu með aðgangi að einkaþjónum og sérbaðlóni. En ferðamenn með þykka buddu geta einnig valið um fleiri gisti-staði.

DV gerði lauslega úttekt í gegnum hótélbókunarsíðuna booking.com og kannaði verð á nokkrum af glæsilegustu hótelsvítum landsins. Miðað er við gistingu fyrir þar í byrjun júní. Niðurstöður eru fengnar af leitarvélarsíðu booking.com, miðvikudaginn 4. apríl. Miðað er við dagsetningarnar 1. júní til 2. júní 2018 og að innifalið í verðinu sé frí afpöntun innan tímamarka. ■



Þá er komið að dýrustu gistingunni. Á Diamond Suites í Keflavík kostar nóttin í svokallaðri Superior Svítu tæpar 158 þúsund krónur. Þar má meðal annars finna Bang Olufsen-flatskjásjónvarp, iPad og iMac-tölvu og þá er svítan innrétuð með lúxushúsgögnum. Þar er rúmgott setusvæði og hægt er að láta fara vel um sig í nuddbaðkari eða þá í heitum potti. Gestirnir geta notið stórglæsilegs útsýnis og hafa þar að auki aðgang að svokallaðri „executive“ setustofu.




Á 101 Hótel í miðborginni er hægt að gista í svokallaðri Junior Svítu sem er 45 fermetrar að stærð en fram kemur í lýsingu að um sé að ræða „extra rúmgott hornherbergi með baðkari og tvískiptu útsýni yfir gamla bæinn og höfnina.“ Þar kostar nóttin 106 þúsund krónur.



Á Grand Hótel Reykjavík er hægt að gista í svítu sem er álika stór og stúdíóbúð í miðborginni, eða 40 fermetrar. Gestirnir hafa útsýni yfir miðborgina og geta slappað af í sérnuddpotti sem fylgir herberginu. Þá fylgir einnig ókeypis aðgangur að líkamsrækt og heilsulind en auk þess geta gestir fengið sendan ókeypis morgunverð upp á herbergi. Herlegheitin kosta rúmlega 72 þúsund krónur á nótt.



Þeir sem geta hugsað sér að eyða 118 þúsund krónum á nóttina í hótélgistingu geta gist í svokallaðri Deluxe svítu Icelandair Hotel Reykjavík Marina. Um er að ræða 66 fermetra svítu með setusvæði, sófa og baðslopp. Útsýnið er að sjálfsgöðu ekki af verri endanum en út um gluggann er hægt að virða fyrir sér Reykjavíkurbæinn á meðan flatmagað er í baðkerinu.



Á ION Hotel við Laugaveg kostar nóttin í svokallaðri Panoramic svítu litlar 121 þúsund krónur. Svítan er svo sannarlega ekkert slor en hún er 75 fermetrar að stærð og bæði með svalir og setusvæði. Þá kemur fram í lýsingu að svítan sé með víðáttumiklu sjávarútsýni. Rýmið er hljóðeingrað og gólfið viðar- og parketlagt. Gestir svíttunnar geta slakað á í einkagufubaði og allt er innifalið, svo sem baðsloppar og inniskór.



Þá er komið að Hótel Grímsborgum á Ásborgum en hótelið er í rúmlega 15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Þar er hægt að gista í svokallaðri Junior svítu sem er 40 fermetrar að stærð. Fram kemur í lýsingu að svítan sé með útsýni að fjöllum, flatskjá, te- og kaffiaðstöðu og ísskáp. Þá geta gestir einnig nýtt sér verönd með setusvæði og aðgangi að sameiginlegum heitum útipotti. Nóttin þar kostar rúmlega 97 þúsund krónur.

NÝ NÁMSKEIÐ

ENGIN BINDING

REEBOK DANCE CENTER
TRAMPÓLÍNEFJÖR
10-13 ÁRA

REEBOK DANCE CENTER
DANSFJÖR
10-13 ÁRA

REEBOK DANCE CENTER
JAZZBALLETT
11-15 ÁRA

**BETRA
FORM**

BETRI HEILSA
60 ÁRA +

**360
TOTAL BODY**

INFRARED
**FUSION
PILATES**

**STRONG
IS THE NEW
SKINNY**

REEBOK DANCE CENTER
**SALSA FYRIR
FULLORÐNA**

**UNGLINGA-
HREYSTI**

CROSSFIT KATLA
**GRUNN-
NÁMSKEIÐ**

**STRONG
BODY BURN**

NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í APRÍL

Tryggðu þér þitt pláss strax í dag. Skráning er hafin!

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

RDC
Reebok Dance Center

CrossFit
KATLA


Reebok
FITNESS

Borgin mín: Sydney



Miðbær Sydney er líflegur og skemmtilegur staður.

Taronga Zoo er margverðlaunaður dýragarður. Útsýnið þaðan yfir Sydney er engu líkt.



Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Birkir Karl Sigurðsson er nýkominn heim frá Sydney, þekktustu og fjölmennustu borg Ástralíu. Þar bjó hann í eitt ár í kjölfar þess að honum var boðið að taka við þjálfun ungmennalandsliðs Ástralíu í skák. „Ég var búinn að skrá mig í háskólanám hér heima en þegar þetta tækifæri kom upp þá var það of gott til þess að hafna því,“ segir Birkir Karl í samtali við DV. Hann er aðeins 22 ára gamall en hefur þrátt fyrir ungan aldur ferðast víða. „Faðir minn, Sigurður Bragi Guðmundsson, hefur búið og starfað í Kína um árabíl og ég heimsæki hann reglulega þangað. Af öllum þeim stöðum sem ég hef heimsótt þá stendur Sydney upp úr, þetta er stórkostleg borg,“ segir Birkir Karl.

Frábærar almennings-samgöngur

Meðan á dvöl hans stóð bjó Birkir Karl í úthverfi Sydney sem heitir Rhodes. Svæðið var áður undirlagt af mengandi stóriðju en þegar uppbygging vegna Ólympíuleikanna í Sydney árið 2000 hófst þá fóru fjárfestar að veita svæðinu athygli og uppbygging hófst. Í dag er um afar eftirsótt svæði að ræða og Birkir Karl var sannarlega hrifinn. „Byggingarnar í Rhodes eru sérstaklega flottar og svæðið vel skipulagt. Ég bjó í mjög flottu húsi með öryggisgæslu auk aðgangs að sundlaug, rækt og spa,“ segir Birkir Karl og bætir við að allar hugsanlegir verslanir og þjónusta hafi verið innan seilingar. Starfsstöð hans var líka í nágrenninu og því fór vel um hann í hverfinu.

Fyrir ungan mann í blóma lífsins var fjarlægðin við miðbæinn þó ákveðið vandamál. „Almennings-samgöngurnar eru frábærar í Sydney og því er auðveldlega hægt



Birkir Karl Sigurðsson bjó og starfaði í Sydney í heilt ár. Hann er heillaður af borginni.

að komast hjá því að vera á bíl og ferðalangar ættu alls ekki að leigja bílaleigubíl þar fyrir en haldið er út fyrir Sydney. Gallinn er þó sá að lestirnar hættu að ganga á miðnætti og því voru leigubílarinn ansi dýrir stundum um helgar,“ segir Birkir Karl kíminn. Þegar hann fór út að skemmta sér varð barinn „Cafe del Mar“ yfirleitt fyrir valinu. „Hann er vel staðsettur í miðbænum og þar er margt fólk á mínum aldri. „Happy hour“ staðarins er geggjáður,“ segir Birkir Karl.

Þá var vinsælt meðal hans og félagar hans að heimsækja spilavítin í Sydney, The Star. „Það er mikil upplifun að heimsækja spilavíti borgarinnar sem er ógnarstórt og

glæsilegt. Það gat þó reynst hættulegt fyrir einstaklinga með litla sjálfstjórn, eins og sjálfan mig, að skvettu í sig þar,“ segir Birkir Karl og hlær.

Að hans sögn er Sydney mjög örugg borg en þó sé gott að hafa varann á. „Það búa um fimm milljónir manna í borginni og það gerist ýmislegt þarna eins og í öllum öðrum stórborgum. Ég passaði mig því vel á því að vera ekki einn á ferð að næturlagi,“ segir hann.

Allir verða að smakka kengúru og krókódíl

Þegar Birkir Karl er spurður hvar hann myndi helst vilja búa í Sydney þá er svarið einfalt. „Ég

myndi telja að bestu svæðin væru norðurstrendurnar, annaðhvort í Mosman eða jafnvel Manly. Þessi hverfi eru alveg við borgina en einnig mjög nálægt baðströndunum,“ segir Birkir Karl.

Þar sem hann bjó einsamall úti í Sydney þá kíkti hann nokkuð reglulega á veitingastaði. „Uppáhaldsveitingastaðurinn minn í Sydney var „Bavarian Bier Cafe“ sem er keðja með veitingastað á nokkrum stöðum í borginni. Andrúmsloftið á stöðunum var líflegt og eins og nafnið gefur til kynna þá var gott úrval af bjór á þeim. Maturinn var einnig mjög góður, ég mæli sérstaklega með „fish & chips,“ segir Birkir Karl.

Til hátíðabrigða mælir hann sérstaklega með staðnum „Meat and Wine and co“ og „Mr Wong“. „Báðir þessir staðir eru í miðbænum. Nautakjötið á þeim fyrri er á einhverju öðru stigi en það sem ég hef áður smakkað, sérstaklega ribeye-steikurnar. Sá síðari einblínir á kínverska matargerð og þar er ég á heimavelli eftir heimsóknir mínar til föður míns. Þetta er alvöru kínverskur matur, gjör-samlega frábær,“ segir Birkir Karl.

Þá segir hann að það sé nánast óhjákvæmilegt að smakka kengúru- og krókódílasteikur í Ástralíuheimsókn. „Það er svolítið eins og hvernig erlendir ferðamenn eru hvattir til að prófa lunda og hval herna á Íslandi. Mér fannst krókódíllinn ekkert sérstakur en kengúran var alveg frábær. Veitingastaðurinn „Black Bird Café“ sem staðsettur er við Darling Harbour býður upp á hvort tveggja og gerir það vel,“ segir Birkir Karl.

Hann segir að Sydney sé alls ekki ódýr borg en verðlagið sé þó töluvert skárra en á Íslandi. „Bjór kostar um 700 krónur. Eins og annars staðar þá er herra verð í miðbænum. Það eru þó mörg skemmtileg hverfi í Sydney og ef fólk getur hugsað sér að fara út

fyrir miðbæinn þá er hægt að fá mat og drykk á góðu verði.“

Dýragarðurinn er skyldu-heimsókn

Aðspurður hvað hann teldi nauðsynlegt að gera þegar Sydney er heimsótt þá stendur dýragarðurinn upp úr. „Taronga Zoo er margverðlaunaður dýragarður og einn sá besti í heimi. Það eru ótrúlega margar tegundir af dýrum í garðinum og ekki skemmir frábært útsýni yfir alla borgina fyrir,“ segir Birkir Karl. Þá segir hann að svokallað „East Coastal Walk“ sé ofarlega á listanum. „Það er æðisleg fjögurra kílómetra ganga á milli hinna ýmsu stranda, meðal annars á hina heimsfrægu Bondi-strönd,“ segir hann. Þá sé ferðin ekki fullkomnuð nema að farið sé niður á „Circular Quay“ við óperuhúsið fræga og tekin ferja sem siglir um svæðið. „Síðan myndi ég mæla með því að fólk kíkji á íþróttavíðburð í Sydney. Ástralar eru miklir áhugamenn um íþróttir og það er alltaf eitthvað í gangi, til dæmis veðreiðar og krikketleikir. Ég skellti mér á leik Ástralíu og Hondúras þegar heimamenn tryggðu sér farseðilinn á HM í Rússlandi. Stemmingin þar var algjörlega ólýsanleg,“ segir Birkir Karl.

Hann segir að besti tíminn til að heimsækja Sydney sé yfir sumarmánuðina, það er að segja frá desember og fram í febrúar. „Þá er veðrið frábært og létt yfir allri borginni. Það er mikið af frábærum matar- og drykkjarhátíðum í gangi og í raun og veru eitthvað skemmtilegt að gerast úti um allt,“ segir Birkir Karl. Hann segist vel geta hugsað sér að flytja aftur til Sydney. „Ég vissi lítið hvað ég var að fara út í þegar ég tók starfinu þarna og það kom mér á óvart hvað borgin var frábær. Þetta er án nokkurs vafa uppáhaldsborgin mín,“ segir Birkir Karl. ■

WHIRLPOOL DAGAR

Whirlpool



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR

**ALLAR WHIRLPOOL VÖRUR
Á 15-50% AFSLÆTTI**

6. – 15. APRÍL



Heimplistæki ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT



Erika dýrkar Birkir

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ó hætt er að fullyrða að Íslendingar séu orðnir spennir fyrir því að sjá íslenska landsliðið í fótbolta mæta Argentínumönnum í Moskvu þann 16. júní næstkomandi. Það gildir þó um fleiri en Íslendinga. Hin chileska Erika Wood, gift tveggja barna móðir sem búsett er í Englandi, getur ekki beðið eftir leiknum og keppinni enda er íslenski landsliðsmaðurinn Birkir Bjarnason hennar eftirlætis knattspyrnumaður. Ástæðan er einföld, Birkir ber af öðrum mönnum í útliti og þokka. Í dag skartar Erika forláta húðflúri sem er gert eftir eiginhandararitun kappans og hyggst dvelja á Íslandi þegar liðið hefur leik á HM.

Fékk gæsaúð yfir víkingaklappinu

Erika er kannski ekki líklegasti aðdáandi Birkis og íslenska landsliðsins. Eins og áður segir er hún upphaflega frá Chile en hún hefur verið búsett í Englandi í ellefu ár og er breskur ríkisborgari. Eins og áður segir er hún gift, Jim nokkrum Wood, og eiga þau tvo drengi saman. Hún starfar sem grunnskólakennari og hefur bara hóflegan áhuga á fótbolta. Allt þar til hún sá íslenska landsliðið og Birkir Bjarnason spila.

„Ég hafði aldrei séð til íslenska liðsins þar til að þeir spiluðu gegn Englandi á EM. Leikurinn var að kvöldi til og Jim, eiginmaður minn, var að fylgjast með leiknum í sjónvarpinu. Ég hef aldrei stutt enska liðið og var því bara lögst upp í rúm,“ segir Erika. Skyndilega hefði hún heyrt tilkomumikinn hávaða berast frá sjónvarpinu. „Ég gekk

þá fram og spurði Jim hvað þetta eiginlega væri. Hann svaraði því til að þetta væru íslensku áhorfendurnir að taka víkingaklappið. Ég fékk gæsaúð við að fylgjast með íslensku áhorfundunum og hélt með liðinu frá þessari stundu,“ segir Erika.

Skömmu síðar snerti bláklæddur síðhærður Íslendingur boltann og Erika varð þegar uppnuminn. „Ég spurði Jim strax hver þetta væri og hann hafði ekki hugmynd og þekkti engan íslensku leikmannanna. Ég komst stuttu síðar að því að þetta væri Birkir Bjarnason og frá þessari stundu var hann orðinn uppáhaldsleikmaðurinn minn,“ segir Erika.

Birkir skoraði í fyrsta leiknum

Hún segist hafa fagnað ákaft þegar Íslendingum tókst hið ómögulega og sendu Englendinga heim og síðan þá hafi hún fylgst með liðinu og Birkir. Á þessum tíma spilaði Birkir með svissneska liðinu Basel og því gat Erika ekki séð neina leiki með goðinu. Það breyttist í janúar 2017 þegar Birkir skrifaði undir samning við enska liðið Aston Villa frá Birmingham, sem er í rúmlega klukkutíma fjarlægð frá bænum þar sem Erika býr.

„Ég fylgdist mjög lítið með enska boltanum. Ég var ánægð þegar Birkir gekk til liðs við Aston Villa, því þá vissi ég að ég gæti séð fleiri leiki með honum,“ segir Erika. Til marks um hversu lítið hún vissi um enska boltann þá hafði hún ekki hugmynd um að Aston Villa er í Birmingham-borg sem er stutt frá heimili hennar. „Það var vinur minn sem benti mér á það skömmu eftir að hann gekk til liðs við liðið og þá varð ég náttúrulega enn ánægðari,“ segir Erika.

Eins og alþjóð veit þá átti Birkir erfitt uppdráttar hjá Aston Villa

til að byrja með og var Erika upptekinn við að verja sinn mann á spjallborðum og samfélagsmiðlum. „Hann fékk mjög ósanngjarna meðferð og stuðningsmenn Aston Villa gáfu honum engin grið,“ segir Erika.

Vegna anna í starfi og barnaupveldi þá hefur hún átt erfitt með að komast á leiki með Aston Villa. Það tókst ekki fyrr en í ágúst í fyrra þegar Erika fór einsömul á leik Aston Villa gegn Wigan Athletic í Carabao-bikarnum, að sjálfsgöðu íklædd íslensku landsliðstreyjunninni. Birkir var aldrei þessu vant í byrjunarliði Aston Villa og hann brást ekki væntingum Eriku. Hann rak smíðshöggið á 4-1 sigur Aston Villa með því að skora síðasta mark leiksins. Ekki minnkaði kæti Eriku eftir að hún fékk að hitta íslensku hetjuna sína eftir leikinn: „Ég var eiginlega alveg í losti og kom varla upp einu orði,“ segir Erika og gefur í skyn að það sé venjulega ekki vandamál hjá sér. Síðan skellihlær hún. Hún segir að Birkir hafi verið afar almennilegur á þessum stutta fundi þeirra og það hafi ekki dregið úr aðdáun hennar á honum og íslenska landsliðinu.

Erika hefur alla tíð verið hrifin af norðurljósunum og langað að berja þau augum. Hún hafi því ákveðið að skella sér ein í stutta ferð til Íslands í október í fyrra. „Maðurinn minn skildi ekkert í mér. Hann er ekki eins hvatvís og hrifnæmur og ég,“ segir Erika og hlær. Hún hafi skemmt sér afar vel í ferðinni og orðið enn hrifnari af landi og þjóð. Meðal annars brá hún sér á húðflúrstofu og lét listamanninn teikna eiginhandararitun Birkis á handlegg sinn. „Hann áritaði landsliðstreyjuna mína og mér fannst þetta alveg kjörið,“ segir Erika.



Erika lét flúra eiginhandararitun Birkis á handlegg sinn í heimsókn sinni til landsins í október.

Verður í Reykjavík þegar HM-ferðalagið hefst

Önnur ferð hefur þegar verið skipulögð og nú verður eiginmaðurinn með í för. „Við erum búin að bóka ferð til Íslands í júní og ætlum að vera í Reykjavík þegar Ísland spilar gegn Argentínu. Ég get ekki beðið en Jim er enn hálf undrandi yfir þessu öllu saman,“ segir Erika og hlær dátt. Eins og áður segir er hún sjálf frá Chile og hún óskar frændum sínum frá Suður-Ameríku alls ills á fótboltavellinum. „Það er ekki hægt að halda með Argentínu í fótbolta, þeir eru svo góðir með sig,“ segir Erika. Að hennar sögn búist Argentínumenn við öruggum sigri og það væri þeim líkt að vanmeta íslenska liðið. „Ísland mun koma þeim verulega á óvart,“ segir Erika.

Það er ekki nóg með að Erika sé einlægur aðdáandi íslenska landsliðsins og Birkis Bjarnasonar. Hún er líka á fullu í því að afla Íslendingum stuðnings í Suður-Ameríku. „Ég og vinur minn erum með reikning á Twitter og

Instagram þar sem við fjöllum um íslenska liðið og leikmenn þess. Á Twitter heitum við Adopta Islandia og tilgangurinn er að hvetja fótboltaáhugamenn sem eiga ekki lið á HM að styðja Ísland,“ segir Erika. Þau eru nýlega farin af stað og ætla að setja enn meiri kraft í verkefnið þegar nær dregur HM. „Ég reyni að fylgjast með fréttum af íslensku landsliðsmönnum í Championship-deildinni, Herði, Jóni Daða og Aroni Einari. Svo fylgdist ég líka með Jóhanni Berg og Gylfa í úrvalsdeildinni eins og hægt er. Vinur minn sér síðan um fréttir af öðrum leikmönnum liðsins,“ segir Erika. Gjörvileiki Birkis dugar þó ekki einn til og til þess að vekja áhuga suðuramerískra kvenna á liðinu þá er Erika með leynivopn uppi í erminni. „Ég sýndi vinkonum mínum frá Chile myndir af Rúrik Gíslasyni. Hann er ekki mín týpa, þótt glæsilegur sé, en þær kolféllu fyrir honum og ætla að styðja Ísland á HM. Það er eins gott að hann verði í hópnum,“ segir Erika og hlær. ■

Út og suður *upp* og niður



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuáttak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Kalli Tomm skók stjórnmálin og sigraðist á krabbameini:

„Ég hélt að lífið væri bara búið.“



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Karl Tómasson, betur þekktur sem Kalli Tomm, hefur komið víða við á sinni ævi. Hann rak veitingastað, átti og ritstýrði bjarblaði, trommaði með rokkhljómsveitinni Gildrunni og braut blað í stjórnmálasögu landsins þegar hann sem oddviti Vinstri grænna í Mosfellsbæ hóf meirihlutasamstarf með Sjálfstæðisflokknum. Um tíma mátti hann þola miklar ofsóknir fyrir það og einnig hefur hann gengið í gegnum bæði gjaldþrot og lífshættuleg veikindi. Kristinn hjá DV ræddi við hann um þessa

reynslu og hvað framtíðin ber í skauti sér.

Í sveit og hljómsveit

Karl er fæddur í Mosfellssveit árið 1964 og hefur búið þar alla tíð. Hann er yngstur sex barna hjónanna Tómasar Sturlaugs-sonar og Gerðar Lárusdóttur. Tómas var skólastjóri í Varmárskóla og framkvæmdastjóri Styrktarfélags vangefinna og Gerður vann á símsstöðinni og sem húsmóðir. Á uppvaxtarárunum var Mosfellssveit aðeins lítið þorp og fjölskyldan bjó í fyrstu eiginlegu götunni, Markholti. „Við vorum algerir sveitalubbar og mér finnst á mörgum Mosfellingum að þeir vilji halda í þá rómantik að ein-

hverju leyti. Þarna eru ekki nema örfá skref út í ósnortna náttúru.“

Hvernig krakki varst þú?

„Ég held að ég hafi verið þokkalega viðráðanlegur en ég var samt sendur í sveit,“ segir hann og brosir. „Í sex sumur var ég sendur norður í Mývatnssveit á bæ sem heitir Baldursheimur. Það var yndislegt að fara í sveitina og gott fólk þar en ég man að það var svolítið krítískur tími þarna á vorin þegar ég var að fara. Þá var fótboltinn að byrja og unglingavinnan og allt að lifna við í Mosfellssveitinni en ég var þá sendur í aðra sveit.“

Karl fór snemma að hafa áhuga á tónlist og spilaði með lúðrasveit Mosfellssveitar. Það voru trommurnar sem áttu hug

hans allan og seinna fór hann að spila með rokkhljómsveitum. Draumurinn var að starfa við áhugamálið og „meikaða“.

Gildran var hljómsveit Mosfellsbæjar

Á unglingsárunum stofnaði Karl meðal annars hljómsveitina Party með bræðrunum Þórhalli og Hjalta Úrsus Árnasyni, sem spiluðu á bassa og hljómborð, og söngvaranum Einari S. Ólafssyni, betur þekktum sem Einari átta-villta. Skömmu síðar kom Birgir Haraldsson inn sem söngvari og gítarleikari en Hjalti og Einari hurfu á brott. Nafninu var síðar breytt í Gildran og bandið varð sífellt rokkaðra. Við þremmenningana bættist síðar, Sigurgeir Sig-

mundsson gítarleikari og starfaði með Gildrunni allt til enda. Fyrirmyndirnar voru rokksveitir áttunda áratugarins á borð við bresku sveitina Uriah Heep sem var í miklu uppáhaldi hjá Karli. „Herbergið mitt var þakið plag-götum af Uriah Heep og ég límdi mynd af trommara sveitarinnar á fyrsta trommusetið mitt sem ég fékk í fermingargjöf.“

Gildran starfaði samfleytt í þrjátíu ár og gaf út sjö hljómplötur. Á ferlinum hitaði hljómsveitin meðal annars upp fyrir erlendar stórstjórnur á borð við Nazareth, Status Quo, Jethro Tull og sjálfa Uriah Heep. „Við vorum metnaðarfullir, æfðum stíft og spiluðum mikið á tónleikum. Aldrei náðum við jafn miklum

Kalli Tomm, Karl Tómasson söngvari, tónlistarmaður, Gildran



vinsældum og til dæmis Síðan skein sól og Sálín hans Jóns míns en við áttum mjög traustan aðdáendahóp. Gildran var hljómsveit Mosfellsbæjar næstum öll þessi ár.

Reynduð þið að „meika það“ erlendis?

„Já. Við tókum upp tvö lög á ensku í Bretlandi árið 1985 og fengum samning við útgáfufyrirtæki þar í landi. Síðan fengum við senda vinylplötu með lögunum en þá gufaði þetta fyrirtæki upp og við heyrðum aldrei meira frá þeim. En vegna samningsins komumst við í fyrsta skipti á forsíðu DV.“

Gildran hætti árið 2012 eftir að tveir meðlimir sveitarinnar sneru sér að öðrum verkefnum. Karl segir það hafa verið mjög erfitt

tímabil fyrir hann. „Ég hafði það hlutverk að vera talsmaður sveitarinnar og hún var mér nánast allt. Mitt líf snerist að miklu leyti um þessa hljómsveit í 30 ár. Þetta hefur kannski farið meira fyrir brjóstið á mér en hinum strákunum, þetta truflaði mig mikið og ég var lengi að setta mig við það. Mér fannst hljómsveitin eiga svo mikið inni og hún naut að því sem virtist ákveðinnar virðingar.“

Í seinni tíð hafa tvær mosfellskar hljómsveitir náð heimsfrægð, Sigur Rós og Kaleo. Karl segir að hann eigi nú töluvert í Kaleo og tónlistarlegu uppeldi þeirra. Ólafur, sonur Karls, og meðlimir Kaleo eru vinir frá barnæsku. „Á heimili okkar í Álafoskvosinni var fyrirtaks aðstaða til

að spila tónlist og þeir voru þarna eins og gráir kettir.“

En tónlistin var aldrei aðalstarf Karls. Hann er menntaður bókbindari og starfaði við það í sex ár. Um tíma rak hann snókerstofuna Kjuðann í Mosfellsbæ og síðar meir veitingastaðinn Álafoss fót best. Þann stað stofnaði Karl með bróður sínum og eigin konum þeirra í einu af gömlu og niðurníddu húsum Álafossverksmíðjunnar sem þau gerðu upp.

„Þar var bar og góð tónleikaaðstaða þar sem margir listamenn komu fram í gegnum tíðina. Þetta var æðislegur tími.“

Skorinn samstundis eftir krabbameinsgreiningu

Árið 2003, þegar Karl var 39 ára gamall, veiktist hann alvar-

lega. Hann fór að finna fyrir verkjum í brjóstum og pung en kippti sér ekki mikið upp við það til að byrja með þar sem þeir voru alltaf tímabundnir. Þetta gekk svona í nokkra mánuði og verkirnir fóru að ágerast, urðu verri og verri í hvert skipti sem þeir komu. Þann 2. maí fór Karl ásamt eiginkonu og syni á tónleika með bítlinum Paul McCartney í Parken í Kaupmannahöfn og á leiðinni var hann orðinn algerlega viðþolslaus. Hann hafði miklar áhyggjur af því að verkirnir myndu skemma fyrir honum upplifunina en þeir rénuðu meðan á tónleikunum stóð. „Ég gleymdi meira að segja að drekka bjórinn sem ég hafði keypt.“

Þegar ég kom til baka versnaði þetta og versnaði. Ég sá að þetta gekk ekki lengur og pantaði tíma hjá sérfræðilækni. Ég veit nú að ég beið allt of lengi því að ef karlmenn fá svona verki, sérstaklega ef þeir leiða upp í brjóst, eiga þeir að láta athuga þetta strax. En mig grunaði aldrei að þetta væri krabbamein.“

Biðlistinn var langur hjá sérfræðingnum en Karl náði að koma sér að strax eftir krókaleiðum. Hann þoldi einfaldlega ekki við lengur. Eftir skoðun sérfræðingsins var hann sendur strax í myndatöku hjá Domus Medica og þaðan samdægurs á Landspítalann og skorinn upp morguninn eftir þar sem eistað með illkynja krabbameinsæxlinu var fjarlægð.

„Þegar þetta ferli hófst upplifði ég mína verstu vanlíðan því þá gerði ég mér grein fyrir að eitthvað mjög alvarlegt væri í gangi. Ég var orðinn mjög lasinn og komin óregla á blóðið. Sigurður Björnsson, yfirlæknir á krabbameinsdeildinni, sagði mér hins vegar að hann ætlaði að lækna mig og ég á honum mikið að þakka fyrir hvernig hann aðstoðaði mig á allan hátt. Ég var ofsahræddur og þetta var lífshættulegt. Ég upplifði ekki þennan mikla ótta nema á þessum sólarhring en þá tók ég allan þakann út og hélt að lífið væri bara búið.“

Eftir aðgerðina ræddi Sigurður við Karl og eftir það samtál var Karl aldrei í neinum vafa um annað en að þetta myndi fara á besta veg. Í nokkur ár fór hann í reglubundnar skoðanir og var loks útskrifaður árið 2008 og er mjög þakklátur því faglega starfi sem Sigurður og aðrir á krabbameinsdeildinni sinntu.

Breytti þetta þér að einhverju leyti?

„Ég neita því ekki að eftir að maður veikist svona alvarlega þá dettur maður stundum í að hugsa það versta þegar maður finnur aðeins til einhvers staðar í líkamnum. Þetta var mikið áfall fyrir mann á besta aldri og ég er aðeins hræddari eftir.“

„Þegar þetta ferli hófst upplifði ég mína verstu vanlíðan því þá gerði ég mér grein fyrir að eitthvað mjög alvarlegt væri í gangi.“

Fordæmalaust samstarf

Árið 2002 stofnaði Karl bæjarblaðið Mosfelling og ritstýrði því fyrstu þrjú árin. Skrifaði hann þá viðtöl og fréttir af því sem var að gerast í bænum. En þegar sú hugmynd kom upp að hann myndi bjóða sig fram til bæjarstjórnar ákvað hann að segja skilið við blaðið vegna hagsmunaárekstra. Hann þurfti þó að hugsa sig vel um því að blaðið gekk vel.

Hvað rak þig út í stjórnmálin?
„Það var leitað til mín eins og menn segja,“ segir Karl kíminn. „Ég var búinn að vera áberandi í bæjarfélaginu, vegna blaðaútgáf-

unnar og tónlistarinnar. Ég þekkti alla og margir þekktu mig. Faðir minn og elsti bróðir höfðu báðir setið í hreppsnefndinni í gamla daga og fólk vissi nokkurn veginn hvorum megin línunnar ég var í pólitíkinni.“

Karl leiddi lista Vinstri grænna í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 og keyrði á þeim málum sem hann brann fyrir, umhverfismálum og menningarmálum. Flokkurinn náði manni inn með tæplega tólf prósent atkvæða og vann því óvæntan og góðan sigur. Eftir kosningarnar fundaði Karl með fulltrúum Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins með það að markmiði að mynda meirihluta. En þær viðræður fóru út um þúfur vegna þess að hinir flokkarnir gátu ekki komið sér saman um bæjarstjóraefni. Þá höfðu Sjálfstæðismenn samband við Karl og hófu viðræður um fordæmalaust tveggja flokka samstarf.

„Ég stóð frammi fyrir þessari spurningu og tók þá ákvörðun um að slá til. Ég þekkti vel fólk í Sjálfstæðisflokknum og var ekki í nokkrum vafa um að við gætum unnið saman. Enda hefur það komið á daginn og þetta er sennilega elsta meirihlutasamstarf á landinu í dag.“ Samstarf Sjálfstæðismanna og Vinstri grænna er nú á sínu þriðja óslitna kjörtímabili. Karl var fulltrúi Vinstri grænna í átta ár og sat sem forseti bæjarstjórnar.

Upphrópanir og einelt

Hvernig gekk þetta?

„Samstarfið við Sjálfstæðismenn gekk alltaf vel. En það varð allt gjörsamlega vitlaust í bænum fyrstu árin. Þetta var að vissu leyti skemmtilegur og lærdómsríkur tími en það komu upp mál sem settu mjög ljótan blett á. En samskipti mín við Sjálfstæðismenn og bæjarstjórnara Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Harald Sværriðsson voru alltaf góð. Gagnrýnin, sem birtist meðal annars í harkalegum skrifum í bæjarblaðinu, var óvæginn og beindist nær alfarið að mér. Aðallega frá Samfylkingar- og Framsóknarmönnum. Alls konar fólk fyllti fundarherbergi bæjarstjórnar á fyrstu fundunum sem ég stýrði, tók myndir, flissaði og jafnvel hló. Það fór aldrei á milli mála að leikurinn var gerður til að setja mig úr jafnvægi. Þetta var einelti og ekkert annað.“

Hvernig tóku flokkssystemi þín á landsvísu í samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn?

„Ég fékk mjög mikinn stuðning frá þingmönnum kjördæmisins, Ögmundi Jónassyni og Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, að ógleymdum Ólafi Gunnarssyni sem var allan tímann mín hægri hönd. Hins vegar féllu þó nokkrir Vinstri grænir í þá gryfju að halda að ég væri að gera einhvern skandal þarna í Mosó, aðallega vegna umhverfissamtaka sem kölluðu sig Varmársamtökin en voru í grunninn pólitísk og forsvarsmenn þeirra í minnihlutaflokkunum.“

Árin 2006 og 2007 voru miklar deilur í Mosfellsbæ vegna lagningar Helgafellsbrautar um Álafoskvos að fbúðahverfi og Varmársamtökin börðust hatrammlega gegn deiliskipulagi bæjarins. Vildu þau að svæðið við Varmá yrði skipulagt með menningu, útivist og umhverfismál í huga.

„Þessi hópur var mjög fyrirferðarmikill í umræðunni og taldi mig hafa svikið málstað Vinstri grænna. Ég samþykkti þennan veg en með miklum breytingum og hann var smærri í snið-



Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmáður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Snerta ekki ljósmæður með priki

Þögn ráðherra í tengslum við kjarabaráttu ljósmæðra er vægast sagt ærandi. Ráðherrar eru með lífsmarki enda duglegir að hampa nýju fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, en enginn hefur haft það í sér að segja opinberlega að það sé fátíðlegt að hjúkrunarfræðingar lækki í launum við að gerast ljósmæður til að taka á móti nýjum þegnum þessa lands. Samninganefnd ríkisins hefur unnið hörðum höndum við að hunds ljósmæður undanfarna mánuði, það væri kannski lag að láta ljósmæður heyra undir kjararáð eða jafnvel undir ráðherra sjálfan eins og kjararáð sjálft, þá þyrfti bara eitt pennastrik til að „laga“ launin. Það er allt betra en að vilja ekki snerta ljósmæður með priki.

Kaldar kveðjur til öryrkja

Fjögurra ára áætlun ríkisstjórnarinnar var kynnt með viðhöfn í vikunni, fálæti almennings var ápreifanlegt enda endast margra ára áætlanir íslenskra ráðamanna sjaldnast lengur en í nokkra mánuði. Öryrkjar hafa lengi barist fyrir bættum kjörum og ljóst er að sú barátta mun dragast á langinn. Miðað við útgjaldaaukningu til öryrkja og aldraðra á fjárlögum og aukinn stjórnunarkostnað í Excel-skjölum ríkisstjórnarinnar, þá má gera ráð fyrir fjórum árum í viðbót af fólki á hrakhólum á tekjum sem ná engan veginn upp í grunnframfærsluviðmið stjórnvalda á meðan þeir sem geta unnið halda áfram að hækka í launum. Það er kaldar kveðjur til öryrkja.



„Varðveita söguna. Ég hef barist fyrir verndun gamallar borgar og byggðamyndar.“

Ólafur F. Magnússon

Hvernig líður þér núna?

Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Bæjarfógeti í Neskaupstað árið 1979 var Þorsteinn Skúlason. Hann er á lífi í dag. Hann fékk það hlutverk að dæma í máli Valbjarnar Magna Björnssonar sem í dag gengur undir nafninu Magni Línberg.

Magni er eltihrællir af verstu sort. En nú eru ný gögn komin fram í málinu. Magni hóf að ofsækja konur fyrir tvítugt. Þegar hann var á tuttugasta og fyrsta aldursári skipulagði hann innbrot á heimili ungrar, óléttrar konu. Magni hafði áður stundað að gægjast á glugga hjá konum en nú var komið að stóru stundinni. Hann

ætlaði að fá það sem hann taldi vera sitt. Og þess vegna var hann með band meðferðis. Unga konan var ein af þeim fyrstu sem hann fékk á heilann. Í stuttu máli braust hann inn að nóttu til á meðan eiginmaður konunnar var á næturvakt. Hann hrinti konunni, settist ofan á hana og barði hana með öskubakka í andlitið, þrisvar sinnum hið minnsta. Síðan reyndi hann að binda konuna.

Frelsissviptingin stóð yfir í um klukkustund. Konan var blá og marinn í andliti, sálin jafnaði sig aldrei. Magni sem þá var þróttastjarna í bænum gerði lítið úr árásinni og sagði stúlkuna ljúga. En stúlkun tók þá hetjulegu ákvörðun í litlu meðvirku bæjarfélagi að leggja fram kærnu.

Þorsteinn Skúlason bæjarfógeti

fékk tækifæri. Hann gat stöðvað eltihrælli og ofbeldismann í fæðingu. Sett alvarlegt strik í reikninginn. Hann gat dæmt Magna í þriggja ára fangelsi hið minnsta ef refsirammii þess tíma er skoðaður.

En Þorsteinn ákvað að vernda niðinginn. Bæinn sinn. Auðvitað er ekki gott ef svona hrottalegt mál fer á flakk og jafnvel í blöð og sjónvarp. Hver vill þá koma og vinna á vertíð. Unga fólkið í bænum furðaði sig á meðvirkninni, en svo hélt lífið áfram. Magni hélt sínu striki og hefur haldið uppteknum hætti í 40 ár. Já, Þorsteinn fékk tækifærið en hann taldi sanngjarnt að dæma Magna í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að frelsissvipta konu, berja hana með öskubakka og reyna binda hana á heimili hennar.

Ég velti fyrir mér hvernig Þorsteini líði í dag með þessa stóruandlegu ákvörðun. Hvernig líður þér núna?

Og er staðan breytt í dag? Nei, er svarið. Magni er búsettur á Akureyri og leggur sig fram um að eyðileggja líf fyrrverandi sambýliskonu sinnar. Hann flutti í götuna hennar. Aftur bregst samfélagið, konunni og Magna sjálfum. Magni þarf hjálp þó að hann sjái það ekki sjálfur. Það er skylda samfélagsins að hjálpa þeim báðum. Það blasir við að maðurinn er veikur.

Það á ekki að þurfa harmleik svo gripið verði í taumana. Það er skylda ykkar sem hafið völdin að laga þessa villu í kerfinu, hefta virusinn áður en það er of seint. Ekki seinna en í dag.

MEÐ OG Á MÓTI ÁFENGISAUGLÝSINGAR

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Ymsar rannsóknir hafa sýnt fram á að áfengisauglýsingar auka ekki áfengisneyslu þegar á heildina er lítið, heldur hafa fyrst og fremst áhrif á hvaða vörumerki fólk kaupir.

Í fyrsta lagi er það að leyfa auglýsingarnar ekki stórt lýðheilsuáhrif, vegna þess að þetta bann heldur ekki neitt. Það er rugl að tala um áfengisauglýsingabann á Íslandi því það eru áfengisauglýsingar úti um allt. Þær má finna í tímaritum sem flutt eru til landsins og fylla hillur bókabúðanna. Það er ekkert gert í því enda erum við ekki með menn á landamærunum eins og í Sáði-Arabíu til að tússa yfir áfengisauglýsingar. Svo í seinni tíð eru samfélagsmiðlarnir og vefmiðlar sem eru Íslendingum algengir og íslenskir vefmiðlar.

Í öðru lagi felur bannið í sér mismunun sem bitnar á innlendum fjölmiðlum og framleiðendum. Erlendu miðlarnir fá engar sektir eins og íslenskir miðlar sem eru taldir hafa birt áfengisauglýsingar. Erlendir áfengisframleiðendur eiga auðvelt með að halda sínum vörumerkjum að Íslendingum á meðan innlendir framleiðendur geta lent í sektum og málsóknum.



MEÐ

Minni brugghús, sem eru vaxandi atvinnugrein hér á landi, eru sett í alveg ómögulega stöðu í markaðsmálum.

Í þriðja lagi gerir íslensk löggjöf ekki ráð fyrir að hér séu áfengisauglýsingar þótt þær séu úti um allt og þess vegna eru engar reglur um hvernig þær eigi að vera úr garði gerðar. Hvort þær megi beinast að börnum og unglungum o.s.frv. Við hjá Félagi atvinnurekenda höfum samið ítarlegar siðareglur um áfengisauglýsingar sem okkar félagsmenn eru tilbúnir að undirgangast ef þetta bann verður afnumið. Þar er t.d. bannað að beina áfengisauglýsingum að börnum og unglungum.

Árni Guðmundsson, form. Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum

Við í Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum nálgumst þetta frá allt öðru sjónarhorni, við setjum á oddinn velferðarsjónarmið barna og ungmenna, svo lýðheilsusjónarmið. Ólafur segir að áfengisauglýsingar virki ekki og að áfengisneysla hafi aukist hér á landi þrátt fyrir bann við áfengisauglýsingum. Þar skautar hann yfir að það er búið að auglýsa áfengi ólöglega árum saman, þannig að hann er í hróplegri mótsögn við sjálfan sig. Fyrir utan það að áfengisauglýsingar virka, annars væru menn ekki að auglýsa. Við erum hissa á að fleiri brot hafi ekki verið kærð því það er búinn að vera mjög einbeittur brotavilji hjá Íslenskum og erlendum áfengisframleiðendum.

Það er margsannað að áfengisauglýsingar virka eins og allar auglýsingar, þegar Ólafur segir að auglýsingar séu til að fá fólk til að skipta um tegund, það eru allir félagsvísindamenn búnir að hafna þessu fyrir lifandis löngu. Enda nefnir hann engar rannsóknir máli sínu til stuðnings. Áfengisauglýsingar virka og þess vegna hefur áfengisneysla aukist á undanförunum árum.

Áfengisauglýsingar eiga að vera bannaðar eins og sigarettu- og auglýsingar. Það vill enginn sigarettu- og auglýsingar nema þeir sem



Á MÓTI

framleiða sigarettur. Hagsmunaaðilar tala um að það megi allt í útlöndum, það er vitleysa því mörg lönd eru með mjög aðhaldssamar reglur varðandi auglýsingar á viðkvæmum vörum eins og áfengi. Varðandi samfélagsmiðla, þá má ekki birta hvað sem er á Facebook.

Þetta er spurning um hvernig samfélagið vill mæta velferðarsjónarmiðum og æsku fólks. Börn eiga rétt á að vera laus við áfengisáróður og þeir sem eru í viðskiptum verða að virða þær reglur sem samfélagið hefur komið sér saman um. Í stað þess að brjóta þær ítrekað og komast nánast upp með það.

Spurning vikunnar

Hvað á að gera við Hegningarhúsið?



„Varðveita söguna. Ég hef barist fyrir verndun gamallar borgar og byggðamyndar.“

Ólafur F. Magnússon

„Setja upp spennandi safn.“

Ríta Didriksen

„Kaffihús?“

Gyða Einarsdóttir

„Af hverju ekki að breyta því í notalegt og kosi hótél?“

Daði Snær Elvarsson

FLUTNINGAR

06. apríl 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is



KRANALEIGAN ÁB LYFTING:

Stærsti krani landsins og sex félagar hans

Kranaleigan ÁB Lyfting er klárlega fyrsti kostur þegar þörf er á kranapjónustu við stærri verkefni enda hefur fyrirtækið meðal annars yfir að ráða stærsta krana landsins. „ÁB Lyfting hefur verið starfandi síðan árið 1999 en ég hef starfað í þessu fagi í tæplega 40 ár,“ segir framkvæmdastjórinn Ástþór Björnsson.

„Við erum með sjö glussakrana sem taka frá 35 tonnum upp í 300 tonn en þessi 300 tonna er stærsti krani landsins. Hann vegur einn og sér án nokkurrar hleðslu heil 72 tonn. Þessir krana eru allir meira og minna stöðugt í útleigu. Við þurfum sjálf að sjá alfarið um alla vinnu á krönunum, þetta eru það sérhæfð verkefni. Stór hluti af verkefnum er annars vegar hífingar og lyftingar við byggingarvinnu og hins vegar skipavinna, þ.e. uppskipun. En einnig eru þetta margs konar önnur verkefni þar sem lyfta þarf mjög þungum hlutum,“ segir Ástþór.

Meðal þekktara verkefna hjá ÁB Lyftingu eru hífingar á öllum vindmyll-

um sem reistar hafa verið á landinu. Enn fremur sér fyrirtækið um að lyfta upp gömlum sögufrægum húsum fyrir Minjavernd. „Við hífðum líka rafala og túrbínur í Hellsheiðarvirkjun. Auk þess höfum við skipað upp gröfum fyrir Eimskip í Helgúvík og Húsavík, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Ástþór.

Þýska stálið blifur

Allir sjö glussakranarnir í eigu Kranaleigunnar ÁB Lyfting koma frá einum og sama framleiðandanum, Grove í Þýskalandi. Þjóðverjar eru annalaðir fyrir framleiðslu á framúrskarandi þungavinnuvélum og ÁB Lyfting vill bara notast við það besta á markaðnum. Myndir af Grove-krönunum prýða þessa grein.

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar eða þurfa á fyrsta flokks kranapjónustu að halda geta hringt í síma 896-2301 fyrir frekari upplýsingar. Einnig má senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið ablyfting@simnet.is.



SENDIBÍLASTÖÐIN EHF. FAGNAR 70 AFMÆLI Á NÆSTA ÁRI:

„Trúin flytur fjöll en við flytjum allt annað“

Sendibílastöðin hf. var stofnuð 29. júní árið 1949. Hún var upphaflega staðsett að Ingólfsstræti 11 en flutti svo í Borgartún 21 árið 1956. Í dag er stöðin að Klettagörðum 1 og hefur verið síðan 1999. Sólveig Þóra Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sendibílastöðvarinnar hf., segir að á staðnum sé einkarekið mótuneyti fyrir bílstjórana og einnig er í boði kaffi og meðlæti allan daginn. „Andrúmsloftið er gott og menn hittast hér og rabba, spila brídds og tefla þegar tími gefst til. Það er reyndar ekki oft því yfirleitt er mikið að gera.“

Allt annar rekstrargrundvöllur í dag

„Rekstur sendibílastöðva er með allt annan grundvöll í dag en áður var. Árið 2002 komu ný lög/reglugerðir varðandi það að ekki var lengur skylda fyrir sendibílstjóra að vera á viðurkenndri sendibílastöð – eins og alltaf hafði verið. Auk þess var sendibílastöðvum bannað að gefa út hámarks-gjaldskrá. Við fengum undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu. Því hámarks-gjaldskrá er til verndar viðskiptavininum,“ segir hún.

Bílar hafa stækkað í gegnum tíðina og hafa þeir meiri burðargetu enda kallar markaðurinn á það. Ný tæki hafa komið til sögunnar sem létta bílstjóranum vinnuna, t.d. rafmagnsbrettatjakkar og rafmagnströpputrillur.

Að sögn Sólveigar flytur Sendibílastöðin allt frá umslögum upp í stórflutninga.

„Við erum með bíla allt frá fimm rúmmetrum upp í tæplega 50 rúmmetra burðargetu, allt að 17 tonn. Sumir eru með vagna aukalega sem eru um 50 rúmmetrar þar sem burður er allt að 13 tonn. Einnig höfum við aðgang að krana og búslóðalyftum sem ná allt að 50 metrum og bera 350 kíló í hverri ferð.“

Þjóna bæði fyrirtækjum og einstaklingum

„Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað,“ segir Sólveig brosandi. „Þjónusta okkar er víðtæk. Við þjónum bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Á Sendibílastöðinni starfa tveir starfsmenn en á stöðinni eru alls 70 bílstjórar.“

Sendibílstjórnarnir eru allir sjálfstæðir verktakar með sameiginlega símapjónustu varðandi úthlutun túra og innheimtu reikninga þeirra fyrirtækja sem eru í reikningi á Sendibílastöðinni.“

Ísbjarnarflutningur

Aðspurð segir Sólveig að það skýrnasta sem fyrirtækið hefur flutt til þessa sé líklega ísbjörn. „Hann var uppstoppaður, sem betur fer,“ segir hún hlæjandi.

„Annars er ekkert sem við neitum að flytja svo framarlega sem farmurinn kemst í bílana og allt sé löglegt. Við höfum hingað til ekki lent í því að þurfa að neita viðskiptavinum um flutning.“

Sendibílastöðin hf.
Klettagörðum 1,
104 Reykjavík.
Símar: 553-5050
og 533-1000.
www.sendibilastodin.is.





EM SENDIR:

Persónulega og hjálpsama sendibílaþjónustan

EM Sendir er lítil sendibílaþjónusta sem sérhæfir sig í að veita fjölbreytta og persónulega þjónustu bæði einstaklingum og litlum fyrirtækjum. EM Sendir reynist mörgum ómetanleg hjálparhella, vinnur verk sem aðrir taka ekki að sér og kemur oft til bjargar við aðstæður þegar fólk veit hreinlega ekki hvert á að snúa sér, til dæmis varðandi úrgang og sopp sem ekki er veitt móttaka á hefðbundnum endurvinnslustöðvum, og við margvíslegar aðrar aðstæður.

EM Sendir er í eigu þeirra Einars Margeirs Kristinssonar og tengdaföður hans, Hafþórs Harðarsonar, en þeir hafa yfir að ráða tveimur meðalstórum sendibílum. Bílarnir henta í minni búslóðarflutninga hjá þörum eða einstaklingum en auk þess veita þeir félagar alls konar þjónustu, aka með sopp, skutlast með vörur fyrir fyrirtæki og sinna jafnvel tiltekt, til dæmis í bílskúrum og ruslageymslum.

„Varðandi búslóðaflutninga þá hentar okkar þjónusta best til dæmis stúdentum, þeim sem eru að flytja að heiman frá sér í fyrsta skipti og jafnvel þeim sem eru að flytja á síðasta heimilið sitt, þ.e. dvalarheimili,” segir Einar.

Mikil þörf fyrir svona þjónustu

„Fólk er oft hissa á hvað við veitum mikla þjónustu. Þegar allt er á hvolfi í bílskúrnum þínum getum við komið, farið með ruslið og gengið frá því. Það sama gildir um ruslið í garðinum og svo framvegis. Oft erum við ruslakarlar fyrir það sem hin almenna sorphirða tekur ekki. Við erum oft fengnir í alls konar sérkennileg verkefni sem fólk situr uppi með. Gott dæmi er iðnaðarrusl sem verður eftir þegar fólk hefur farið í gegnum breytingar á húsnæði og það veit ekkert hvar það getur losað sig við slíkan úrgang. Stundum eru þetta stórir steypuklumpar sem veiga hundruð kílóa. Þá mætir maður bara með mannskap og burðarbönd og leysir málið.”

Viðskiptavinahópur EM Sendis er mjög fjölbreyttur og ljóst er að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu: „Þetta er bara

öll flóran en fyrst og fremst er venjulegt fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda, persónulegri þjónustu varðandi verkefni sem það getur ekki leyst sjálf. Fólk sem á bara fjölskyldubíl eða jafnvel engan bíl, þarf að taka til í geymslunni sinni og hefur oft engin tök á að losa sig við ruslið. Þarna komum við inn og leysum vandann. Eða þegar eldra fólk klippir tréð í garðinum sínum. Hver á að fara með greinarnar á Sorpu ef þetta er ekki tekið? Það hentar ekki öllum að setja þetta í skottið á bílnum sínum.”

Þjónusta við veitingahús

Eins og áður kom fram vinnur EM Sendir töluvert fyrir fyrirtæki, sérstaklega við smærri vörusendingar á morgnana fyrir til dæmis heildsölur. En þeir félagar vinna einnig fyrir veitingastaði: „Ég hef bakgrunn úr hóteli- og veitingarekstri og sú reynsla meðal annars gerir okkur kleift að þjónusta veitingastaði. Við losum þessa aðila við ruslið sem þeir hafa ekki hugmynd um hvert á að fara með. Eða ef afgangsolían er ekki hirt reglulega af efnamótökunni þá vitum við hvert á að fara með hana. Það sama gildir um endurvinnslugler og ýmsar aðrar ruslaferðir þar sem sorphirðan tekur af einhverjum ástæðum ekki við, en við vitum hvert á að fara með þetta efni. Við vitum líka hvort það kostar að farga hlutum og hvað það kostar.”

Þess má geta að þeir Einar og Hafþór aka líka fyrir Nýju Sendibílastöðina og þess vegna eru bílar þeirra merktir henni. Nýja Sendibílastöðin virkar eins og bílaleigustöðin fyrir utan að bílstjórnarnir eiga hlut í henni.

Þeir sem vilja nýta sér þjónustu EM Sendis eða fá frekari upplýsingar geta sent skilaboð inni á Facebook-síðunni www.facebook.com/EMSendir/ en einnig má hringja í síma 696-0420 eða 896-6283.



Dæmi um úrgang sem EM Sendir losar viðskiptavinum sínum við



Vöruf lutningar, búslóða- flutningar og aðstöðubílar fyrir kvikmyndabransann

Ég er valkostur við stóru skipafé-
lögin, Eimskip og Samskip, um
búslóðaflutninga milli Íslands
og Skandinavíu og vöruf lutninga og
búslóðaflutninga innanlands. Stund-
um er ég ódýrari, stundum ekki, það
fer allt eftir eðli verkefnanna hverju
sinni. Hér er engin yfirbygging og
þjónustan er hurð í hurð, það eru
engin vöruhús, lyftarar eða starfsfólk
á milli, sem sagt engir milliliðir, heldur
flyt ég vöruna eða búslóðina upp að
dyrum í flestum tilfellum."

Þetta segir Jón Tómas Ásmunds-
son sem rekur flutningaþjónustu
undir heitinu Vöruf lutningar.is. Hann
hefur starfað við vöruf lutninga frá
árinu 1993 og kveður þar mest
að reglulegum vöruf lutningum og
búslóðaflutningum milli Reykjavíkur
og Akureyrar einu sinni til tvisvar í
viku.

Búslóðaflutningar milli Íslands og hinna Norðurlandanna

En síðustu ár hafa búslóðaflutningar
milli Íslands og hinna Norðurland-
anna verið mjög fyrirferðarmiklir. Jón
segist raunar líka hafa flutt búslóð-
ir til Spánar og er hann opinn fyrir
flutningum hvert sem er, en langmest
kveður að Skandinavíu-flutningun-
um. Flutningabilunum er þá ekið til
Seyðisfjarðar þar sem þeir fara um
borð í Norrænu. Túrin tekur allt í allt
tvær vikur. „Þessar ferðir eru á u.þ.b.
sjö vikna fresti. Ég fer næst út 2. maí,
það er enn laust pláss í þá ferð en
ég er fullbókadur heim. Ég búinn að
bóka 28. júní út aftur og auk þess 16.
ágúst, 3. október og 21. nóvember,"
segir Jón Tómas.

Jón Tómas segir marga veigra
sér við að nýta sér þjónustu hans
þar sem þeir finni meira öryggi í því
að skipta við þekkt fyrirtæki eins
og Eimskip og Samskip. Reynslan
og orðsporið vinni hins vegar alltaf
með honum og þeir sem hafi einu
sinni átt viðskipti við hann mæli nær
alltaf með honum við aðra. Einfald-

ur rekstur og engin yfirbygging gera
honum kleift að bjóða oft mun betra
verð en stóru flutningafélagin.

„Ég er með þrjú flutningabíla í eigin
eigu en ég kalla alltaf til mína sam-
starfsaðila fyrir stærri verkefni. Ég er í
samstarfi við nokkra félagana sem sinna
vöruf lutningum eins og ég en ég er sá
eini sem er í búslóðaflutningum milli
Íslands og hinna Norðurlandanna.
En ég get einfaldlega tekið það með
mér sem hentar hverju sinni og ef ég
er búinn að fylla mína bíla hef ég ein-
faldlega samband við félagana."

Aðstöðubílar fyrir kvikmyndabrans- ann

Jón Tómas og fyrirtæki hans er nú
tengt upptökum á framhaldi hinnar
geysivinsælu þáttaraðar Ófærðar.
„Ég hef verið tengdur kvikmynda-
bransanum í um 18 ár en lengst af
snerist það eingöngu um flutning á
bílum fyrir auglýsingamyndatökur.
Núna er ég farinn að færa mig út í
aðstöðubíla. Ég get skaffað hillubíla,
hvort sem það er venjulegur sendi-
bill eða þriggja öxla aldrifsbill; ég get
skaffað búningadeild eða bil sem er
bara með speglum og borðum fyrir
förðun og þess háttar; ég get skaffað
skrifstofubíl, klósett, búningaaðstöðu,
kaffistofu," segir Jón Tómas sem hef-
ur yfir alls átta bílum að ráða en bill
frá honum hýsir núna búningadeild
kvikmyndatökuliðs Ófærðar:

„Þetta er búningadeild á hjólum.
Búningahönnuðurinn getur þá verið
með alla búninga í bílnum ásamt
vinnu- og viðgerðaraðstöðu. Fólk
getur skipt þarna um föt, mátað og
svo framvegis – allt í bílnum."

Nánari upplýsingar um þjónustuna
veitir Jón Tómas í síma 896-2063 en
einnig er áhugavert að skoða heima-
síðuna voruf lutningar.is og Facebook-
hópin [hópin Jón Tómas Flutningar- Ísland](https://www.facebook.com/JonTomasFlutningar-Island)
Noregur- Noregur Ísland, til að fá
upplýsingar um þjónustuna.



Á FERÐ OG FLUGI:

Stækkandi flutningafyrirtæki á landsbyggðinni

Ég byrjaði með einn bíl, árið 2016 voru þetta 2–3 bílar en síðan þá hefur þetta aukist stöðugt, í dag erum við með fimm bíla og það eru tveir nýir á leiðinni fyrir sumarið,” segir Stefán Þór Jónsson, bílstjóri og eigandi flutningafyrirtækisins Á ferð og flugi. Starfsemin hefur dafnað jafnt og þétt undanfarin misseri en þegar fyrirtækið var stofnað í mars árið 2015 var bara einn flutningabíll í eigu þess.

„Við erum aðallega í vöruflutningum, keyrum fyrir Samskip, Eimskip og Vörumiðlun. Við sjáum líka um allan áætlunarakstur með vörur á Mývatn frá Akureyri, fyrir bæði Eimskip og Samskip. Þetta eru mikið matvörur, byggingarvörur og síðan ýmislegt fleira,” segir Stefán, en bílstjórar fyrirtækisins fara einnig oft milli Akureyrar og Seyðisfjarðar í tengslum við ferðir ferjunnar Norrænu.

Elti ástina til Akureyrar

Stefán Þór Jónsson er Reykvikingur en flutti til Akureyrar fyrir tveimur árum, tók með sér eitthvað af verkefnum sem hann var með í Reykjavík og síðan hefur starfsemin bara vaxið: „Ég byrjaði með flutningabíll í Reykjavík en kærastan mín er héðan, hún vildi flytja norður og ég sló til og ákvað að sjá hvort ég fengi eitthvað að gera hér. Ég tók með mér hluta af vinnunni norður, Smyriline-verkefnum fyrir norðan og svo var ég alltaf

að keyra fyrir Samskip og Eimskip í Reykjavík líka, ég sagði þeim að ég væri að flytja mig norður og það var ekkert mál.”

Bílstjórnarnir hjá fyrirtækinu eru nú orðnir samtals fimm. Stefán Þór Jónsson og unnusta hans, Sigríður Þorsteinsdóttir, keyra bæði hjá fyrirtækinu en auk þeirra eru þrír aðrir bílstjórar í fullu starfi.

„Við höfum bara stækkað stig af stigi í samræmi við verkefnastöðuna hverju sinni. Síðasta sumar vorum við í raun með of fáa bíla þannig að við erum að bæta við bílum núna til að anna örugglega verkefnum komandi sumars,” segir Stefán.

Eins og komið hefur fram hér keyrir Á ferð og flugi mikið fyrir stór og þekkt flutningafyrirtæki en Stefán hefur áhuga á samstarfi við fleiri aðila:

„Við erum bara virktaki og keyrum fyrir hvern sem er,” segir Stefán en þeir sem hafa áhuga á að nýta sér flutningaþjónustu hans geta hringt í síma 789-1060, sent tölvupóst á netfangið stebbij@gmail.com eða haft samband í gegnum Facebook-síðuna <https://www.facebook.com/aferdogflugi/>



FLUTNINGUR.IS:

Traustur félagi í flutningum

Flutningur.is er gróin sendibíla-stöð sem hefur veitt trausta þjónustu í þrjá áratugi og hefur yfir að

ráða afar fjölbreyttum bílaflota fyrir hin ýmsu verkefni. Auk þess er stöðin með öll nauðsynleg

léttitæki sem þörf er á við flutninga, hvort sem er á búslóðum eða við vöruflutninga.

Stöðin býður upp á allar stærðir sendibíla sem henta bæði í litil og stór verkefni. Bílstjórnarnir eru reynslumiklir og færir og leggja sig fram um að veita góða þjónustu. Þeir sem standa í

búslóðaflutningum geta treyst því að búslóðin sé flutt hratt en af varkárni á milli staða.

Vöruflutningar

Flutningur.is sér um að losa gáma hjá skipafélögum og koma vörunni til fyrirtækja og einstaklinga.

Hægt er að flytja tvo gáma í einu og losa þá við húsdýr fyrirtækja og einstaklinga fyrir mjög hagstætt verð. Flutningur.is hefur yfir að ráða góðum gámalyftum og ýmsum öðrum hjálparbúnaði

við flutninga og fylgist vel með nýjungum og þróun tækjabúnaðar á þessu sviði.

Ef þú þarft að flytja eitthvað, stórt eða lítið, búslóð, vörur eða eitthvað annað, þá er Flutningur.is

líklega mjög heppilegur kostur fyrir



þig. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni flutningur.is og í síma 575-3000.

Nokkur góð ráð varðandi flutninga frá Flutningi.is:

1. Sankaðu að þér sterkum kössum í nokkrum stærðum. Einnig er gott að hafa eftirfarandi við höndina þegar pakkað er: kúluplast, dagblöð, skæri, sterkt límband og góðan merkipenna.

2. Pakkaðu þungum hlutum, eins og bókum, í minni kassa svo þeir verði ekki of þungir. Í stærri kössum skulu þyngri hlutir vera neðst og þeir léttari

efst. Pakkið hverjum hlut í dagblöð eða kúluplast ef þeir eru viðkvæmir. Ef of rúmt er um hluti í kassanum, fylltu þá upp í hann með dagblöðum eða öðru slíku.

3. Pakkaðu öllu því sem á að fara í sama herbergi í sama kassa og merktu hann herberginu. Taktu fyrir eitt herbergi í einu, pakkaðu fyrst litlum munum til að koma þeim frá. Merktu utan á kassann hvað er í honum.

4. Pakkaðu og merktu sérstaklega þá kassa sem opna á fyrst af öllum

þegar komið er á áfangastað. Í kassanum eiga að vera ómissandi hlutir sem notaðir voru fram á síðasta dag, líkt og uppbvottalögur, klósettpappír, plastdiskar og hnifapör og ýmislegt það sem fjölskyldan þarf að nota áður en hægt er að taka upp úr öllum kössunum.

5. Þegar stærri hlutir eru teknir í sundur, líkt og borð, hillur og skápar, er gott að geyma verkfæri í einum vel merktum poka eða kassa til að auðvelda samsetningu á nýja staðnum. Skrúfum er gott að tylla og jafnvel líma aftur í þau göt sem þær eiga að vera í.

6. Settu allan rafeindabúnað eins og fjarstýringar, millistykki og straumbreyta á einn stað.

7. Staflaðu kössunum þegar búið er að loka þeim. Gott er að nýta eitt herbergi undir kassana, þannig er hægt að klára að þrifa hinn hluta hússins.





FRAKTLAUSNIR:

Sérfræðingar í hugsandi frakt

grunninn erum við dreifingar-fyrirtæki í Reykjavík og erum mjög öflugir í dreifingu á vörum á höfuðborgarsvæðinu. Við sjáum um vöruhýsingu, gámalosun og heimakstur fyrir fyrirtæki á borð við Frakt flutningsmiðlun ehf. og Blue Water Shipping, í því felst meðal annars að tæma alla gáma sem koma til landsins og keyra vörur heim að dyrum til viðskiptavina þeirra. Einnig sjáum við um flutning fyrir Smyril Line Cargo og DB Schenker," segir Arnar Þór Ólafsson hjá Fraktlausnum.

Auk þess sinnir fyrirtækið umfangsmiklum vöruflytningum til og frá Flúðum og Keflavík. „Við getum flutt vörur fyrir hvern sem er og erum opnir fyrir samstarfi við bæði stærri og minni aðila. Við erum mikið í alls konar sérflutningum, til dæmis flytjum við mikið af límtrjám fyrir Límtré Vírnet," segir Arnar en fyrirtækið er afar vel búð ýmsum tækjum fyrir flutninga.

„Við höfum mikið úrval af tækjum, til dæmis sendibíla í öllum stærðum, gámalýftur, lengjanlega flatvagna, frystivagna með heilopnun, bílaflytningavagn, vélavagna, walking-floor vagn og erum mikið í gámaflutningum. Auk þess eigum við vagna undir vélar og bíla sem við flytjum oft," segir Arnar, en samtals starfa um 20 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

„Við erum mikið í því sem við viljum kalla hugsandi frakt. Við flytjum oft dýran og viðkvæman varning sem okkur er treyst fyrir og það er ekki sama hvernig farið er að. Þá sjaldan að eitthvert verkefni hentar okkur ekki þá afþökkum við það og vísum á samkeppnisaðila ef við vitum að þeir eru betur til þess fallnir. Markmiðið er góð viðskipti til langframa en ekki stundarhagur," segir Arnar.

Eigendur Fraktlausna hafa áratuga reynslu af flutningastarfsemi



og fyrirtækið þykir veita afar góða og trausta þjónustu.

Í vöruhúsi félagsins á Héðinsgötu 1-3 sjá Fraktlausnir einnig um að taka á móti vöru til áframflutnings til á Snæfellsnes og í Borgarnes fyrir BB og syni ehf. og Júlía Jóns í Borgarnesi.

Enn fremur taka Fraktlausnir að sér lestun gáma, sem og almenna vörudreifingu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni fraktlausnir.is





KASSALEIGAN:

Kassavandamálið leyst í eitt skipti fyrir öll

Starfsemin hófst hjá okkur fyrir um ári. Við erum fjórir sem rekum þetta saman og hugmyndin kviknaði hjá einum okkar þegar hann var sjálfur að flytja og stóð í þessu vesni sem fylgir flutningum, leita að pappakössum úti um allt, svo safnast þetta upp, það er losað um nokkra kassa og aðrir geymdir, síðan taka við ferðir í Sorpu. Hann velti fyrir sér hvernig hægt væri að leysa þetta vandamál og svarið var auðfínanlegt enda eru svona fyrirtæki til erlendis. Þessi lausn, að leigja út kassa, var ekkert nýtt af nálinni.“

Þetta segir Gunnar Auðunn Jóhannsson, einn eigenda Kassaleigunnar, en fyrirtækið leigir út afskaplega hentuga og handhæga kassa undir flutninga. Kassarnir eru úr plasti en eru engu að síður afar umhverfisvænir því þeir eru fjölnota.

Kassaleigan kemur með kassana á staðinn og sækir þá aftur að flutningum loknum.

„Við lögðum mikla vinnu í að velja kassa og skoðuðum mikinn fjölda af kössum áður en við ákváðum hvernig kassa við ætluðum að nota. Við erum mjög ánægðir með þá sem urðu fyrir valinu. Þeir eru svo sterkir að þú getur staðið ofan á þeim, það staflast vel í þá og þeir staflast vel upp, það er þægilegt að halda á þeim,“ segir Gunnar.

Kassaleigan selur einnig ýmsar gagnlegar vörur til flutninga: plast fyrir dýnur, bóluplast, dýnupoka og fleira. Vörurnar eru til sölu í vefverslun á kassaleigan.is og þar er leigan á kössunum pöntuð en ítarlegar og gagnorðar upplýsingar eru þar um fyrirkomulag og verð.

Kassaleigan er einnig með sendibíla og býður upp á heildstæða flutningaþjónustu en upplýsingar um hana eru veittar í síma 571-4866. Sérstök fyrirtækjaþjónusta er starfrækt á sviði Kassaleigunnar og sem dæmi

má nefna að um daginn nýtti fyrirtæki með 45 starfsmenn sér þjónustu Kassaleigunnar og leigði einn kassa á hvern starfsmann.

Viðskiptavinir Kassaleigunnar hljóta að vera með þeim ánægðustu á landinu. Að sögn Gunnars eru viðskiptavinir undantekningarlaust yfir sig ánægðir og á Facebook-síðu fyrirtækisins má lesa langan lista af lofi viðskiptavina, við látum nokkur dæmi fljóta hér með:

Þetta er engin spurning fyrir þá sem eru að flytja – það borgar sig margfalt að leigja kassa. Sterkir, meðfærilegir og passlega stórir kassar. Bílstjórinn á flutningabilnum var líka gríðarlega sáttur með kassana sem spara pláss og tíma. Flutningarnir gengu lygilega hratt fyrir sig. Takk fyrir frábæra kassa og þjónustu!


Algjör snilld!!! Einfaldar flutninga til muna. Geggjaði kassar, frábær þjónusta. Hvatning um að pakka upp úr kössunum sem fyrst, sparar tíma og fyrirhöfn. Brilljant þægindi í alla staði!!! Takk fyrir okkur!

Þetta er mesta snilld í heimi. Auðveldar flutninga, minnkar burð og svo er plús að þurfa ekki að keyra á milli búða og snikja kassa. Takk fyrir geggjaða hugmynd.

Þvílík snilld að hafa svona kassa. Engar ferðir í verslanir til að safna kössum og enginn ferð á Sorpu til að skila. Frábærir kassar.

„Við vitum að við erum á réttari leið þegar viðbrögðin eru svona,“ segir Gunnar að lokum.

Sjá nánar á kassaleigan.is.



KASSA
LEIGAN

CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*



„Þegar þetta ferli hófst upplifði ég mína verstu vanlíðan því þá gerði ég mér grein fyrir að eitthvað mjög alvarlegt væri í gangi“

um en upprunalega stóð til. En þjóðþekktir menn töluðu mjög harkalega um mig sem umhverfisníðing, jafnvel úr pontu Alþingis.“

febrúar árið 2007 voru haldnir styrktartónleikar Varmársamtakanna í Héðinshúsinu í Reykjavík. Hljómsveitin Sigur Rós kom þar fram og lýsti óbeint með því yfir stuðningi við samtökin vegna þess að upptökuver þeirra, Sundlaugin, er staðsett í Álafoskvosinni.

„Því var haldið fram að hljóðverinu yrði lokað ef þessi vegur kæmi. En vegurinn kom og hljóðverið stendur enn. Þetta var mjög skrytinn umræða og ég vissi alltaf að það væri engin ástæða til að loka hljóðverinu, sem dæmi nefni ég að eitt frægasta hljóðver heims, Abbey Road, stendur við breiðgötu. Ég mátti mín hins vegar svo lítið í þessari umræðu þegar þjóðþekktar persónur komu með upphrópanir eins og „umhverfisníðingur, „valtaði yfir Sigur Rós“ og „fjandi menningarlífs Mosfellsbæjar“.

Fékk þetta ekki á þig í ljósi þess að menningarmál eru þér svo hugleikin?

„Jú. Það var miklu meira en að segja það fyrir mann sem var að stíga sín fyrstu skref í stjórnmálum að verða fyrir þessu strax á fyrstu metrunum í pólitíkinni. Össur Skarphéðinsson og Guðmundur Steingrímsson töluðu harkalega gegn mér og Jón Baldvin Hannibalsson sagði að ég fæli mig bak við gluggatjöldin þegar fyrsta skóflustungan að veginum var tekin. Auðvitað fékk þetta á mig. Það bjó enginn nær þessari umræddu götu en ég og mín fjölskylda. Flestir af þeim sem töluðu hvað hæst vissu ekkert um hvað málið snerist. Einn

samflokksmaður minn utan af landi sem gagnrýndi mig vissi ekki einu sinni hvar vegurinn var.“

„Þessi atлага gegn mér fór úr böndunum og allir sáu hvað þetta var ljótt“

Beindist að heimilinu

Átökin beindust ekki einungis að Karli sjálfum sem stjórnmálamanni heldur einnig fjölskyldu hans og heimili. Ótal persónulegir og rætnir tölvupóstar voru sendir og hávær og orðljótt símtöl bárust í heimasímann. Í eitt skipti mátti sonur hans heyra ókvæðisorð frá manneskju sem taldi sig vera að tala við Karl. „Það var bankað upp á hjá mér á heimili mínu og þar stóð fólk sem ég þekkti ekki neitt og sagði eitthvað misgáfulegt þegar ég kom til dyra. Forsvarsmáður hópsins benti á mig og sagði að þetta væri maðurinn sem bæri ábyrgð á veginum.“

Hugsadur þú um að hætta?

„Já, ég gerði það, Ragnheiður Ríkhardsdóttir sá strax að hlutirnir voru ekki í lagi enda þekkir hún mig vel og reyndist sem klettur. Hún ráðlagði mér að tala við Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing. Hann gæti snúið öllu á betri veg. Hann hvatti mig til að gefast ekki upp og taka slaginn. Ég ætti ekki eftir að sjá eftir því og ég ætti ekki að hverfa úr stjórnmálum á þennan hátt. Þetta, auk hvatningar frá samflokksmönnum mínum og samstarfsmönnum, olli því að ég ákvað að gefa áfram kost á mér.“

Í kosningunum árið 2010 unnu Vinstri græn varnarsigur í Mosfellsbæ og héldu bæði fylginu og bæjarfulltrúanum. Sjálfstæðismenn unnu sigur og hreinan meirihluta en

buðu Karli að halda samstarfinu áfram. Árið 2014 var það sama uppi á teningnum og aftur var Vinstri grænum boðið til samstarfs en þá hafði Karl ákveðið að hætta í stjórnmálum og nýr oddviti, Bjarki Bjarnason, tók sætið.

„Þetta sagði meira en mörg orð um það traust sem ríkti á milli okkar og var mín mesta hvatning á pólitíska ferlinum. Það rættist úr orðum Jóhanns Inga og ég sá ekki eftir að hafa haldið áfram. Seinna kjörtímabilið var allt annað, Varmársamtökin flosnuðu upp og nutu ekki trausts í bæjarfélaginu sem umhverfissamtök, heldur eitthvað allt annað. Þessi atлага gegn mér fór úr böndunum og allir sáu hvað þetta var ljótt. Mosfellingar vita það í dag að þetta var eina leiðin til að leggja veg upp í þetta hverfi.“

Gjaldþrota eftir hrundi

Annað persónulegt áfall dundi yfir eftir bankahrundi 2008. Húsið sem sem fjölskyldan gerði upp í Álafoskvos kostaði sitt og endurbæturnar sömuleiðis. Þetta var draumaheimilið en eftir að deilan um veginn kom upp var líðan fjölskyldunnar orðin slæm á svæðinu.

„Við gerðum þá hrapalleg mistök, að ákveða að selja þetta hús og flytja í annað hverfi. Okkur var tjáð að húsið myndi seljast um leið og keyptum okkur því annað hús áður en við vorum búin að selja. Svo kom hrundi beint í bakið á okkur og markaðurinn fraus. Auk þess höfðum við tekið erlent lán sem tvö- eða þrefaldaðist á skömmum tíma.“

Karl og kona hans Líney misstu tókin á ástandinu og á endanum fór búíð í þrot. Vegna sveitarstjórnarreglna þurfti Karl

að taka sér árs leyfi frá sveitarstjórn meðan á þessu stóð.

Ég ákvað strax að leggja öll spilin á borðið. Við vorum ekki að braska neitt og höfðum ekki gert neitt ólöglegt. Við gátum ekki séð þetta fyrir. Ólíkt því sem gekk á undan þá datt engum pólitískum andstæðingum í hug að nota þetta sem spil og ég virði það við þá.“

Karl segir það agalegt að missa allt sitt og að sá hópur sem hann tilheyrir hafi gleymst. „Það er mikið talað um húsnæðisvanda unga fólksins og skiljanlega. En það eru þúsundir miðaldra og eldra fólks sem misstu allt í hruginu og sjá ekki fram á neitt nema fátækt í ellinni. Það fær enga fyrirgreiðslu neins staðar og á enga möguleika. Blásaklaust fólk sem átti enga sök á hvernig fó.“

Katrín mun slípa gogg fálkans

Karl telur að vinnubrögð meirihlutans hafði höfðað til fólks í Mosfellsbæ. „Í könnunum um ánægju íbúa er Mosfellsbær að skora mjög hátt, ár eftir ár. Þetta snýst um fólk og samstarf og það er gamaldags viðhorf að ólíkir flokkar geti ekki unnið að góðum málum. Enda sjáum við hvað er að gerast í stjórn landsins. Það er Mosó-módelið.“

Hann er meðal þeirra sem beittu sér fyrir samstarfi Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks á landsvísu sem raungerðist síðastliðið haust. „Í einni greininni sem ég skrifaði sagðist ég hafa slípað gogginn á fálkanum í Mosó og það sjá allir að Katrín er að gera það sama núna.“

Hann viðurkennir að áhættan af samstarfinu sé öll vinstra megin en furðar sig jafnframt á viðbrögðum margra flokkssystk-

ina á samstarfinu. Katrín verði að fá frið og tíma til að láta þetta ganga.

Er ekki hættu á að stjórn svo ólíkra flokka verði aðgerðalítill? „Jú, en ég tel að Vinstri græn njóti góðs að því aðgerðaleyfi. Að það verði síður farið í aðgerðir á borð við stóra einkavæðingu eða stórvirkjanir. Sjálfstæðismenn vildu til dæmis stofna einkarekin grunnskóla í Mosfellsbæ. Sá skóli væri nú til ef ég hefði ekki verið í meirihlutunum.“

Datt þér í hug að fara í landsmálin?

„Nei, aldrei. Ég hefði sjálfsagt haft sterka stöðu í ljósi þess að vera sá fyrsti undir merkjum Vinstri grænna til að sitja í meirihluta sveitarstjórnar. En þessir erfiðleikar í upphafi höfðu áhrif á mig og ég var búinn að fá nóg.“

Meirapróf og sólóplötur

„Ég hef alltaf þjádast af bíladellu og þess vegna datt mér í hug að ná mér í meiraprófið. Í tvö ár keyrði ég með túrista um landið en nú keyri ég flutningabíl fyrir Matflugl. Þetta er vinna sem hentar mér mjög vel. Ég er búinn í vinnunni þegar ég stimpla mig út og það er mjög nýtt fyrir mér.“

Lífið virðist leika við Karl í dag og hann hefur meiri tíma til að einbeita sér að tónlistinni. Eftir að Gildran hætti varð hann eirðarlaus og í volæði en þá fyrirskipaði Líney honum að halda áfram og keypti upptökugræjur.

Árið 2015 gaf Karl út sína fyrstu sólóplötu, Örlagagaldur, sem fékk mjög góða dóma og gekk vel. Nú vinnur hann að gerð annarrar plötu sem mun koma út í haust og verður nokkurs konar systurplata Örlagagaldurs. ■

GRETTISLAUG Á TILBOÐI



Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Nú er rétti tíminn til að huga að heitum potti fyrir sumarið. Þess vegna bjóðum við nú á sértilboði hina vinsælu Grettislaug með vönduðu loki.

Grettislaug með loki
á aðeins kr.
272.000




Snorraaug



Gvendarlaug



Grettislaug



Unnarlaug



Geirslaug

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Í MEIRA EN 30 ÁR

Framleiðum burðargrindur undir alla okkar potta, nú þarf bara að gera gat í veröndina fyrir botnskálinni, og fellur þá grindin beint á veröndina.



Minum á állokin okkar
og ryðfríu pumpurnar sem
eru með fallöryggislás.



Lerkiklæddur úrvals heitur
pottur í nýjum búningi sem
prýðir pallinn.



STREKKIBÖND Á LOK



Við framleiðum lok á alla potta

Eigum einnig „KALDA“
potta sem gott er að
skellasér í fyrir dvölinu
í heita pottinum.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Íslenskir safnara og sköndin söfn þeirra

Flestir kannast því það úr eigin lífi að hafa safnað einhverju og oft þá sérstaklega í æsku. Í gegnum tíðina hefur verið vinsælt meðal krakka og unglinga að sanka að sér hinum ýmsu spöldum, plastköllum eða servíettum. Í flestum tilvikum minnkar áhuginn með aldrinum en hjá öðrum hefst áhuginn ekki fyrr en á fullorðinsaldur er komið. Við tókum nokkra skemmtilega safnara tali og spurðum hvað hefði valdið því að þetta vatt svona upp á sig og af hverju þeir safna þessu frekar en öðru.

Fann fyrsta íslenska Andrésblaðið fyrir tilviljun

Soffía Sólveig Halldórsdóttir í Hafnarfirði safnar Andrésblöðum og á flest blöðin frá 1998 en hvert einasta allavega frá árinu 2000. Hún ferðaðist mikið sem krakki og fékk þá eitt og eitt blað en byrjaði svo í áskrift árið 2000. En ólíkt flestum ákvað hún að halda áskriftinni áfram eftir á fullorðinsaldur var komið og ákvað að bæta Andrés-syrpunum líka í safnið. Í dag leggur hún mikinn metnað

í að viðhalda safninu og geymir blöðin í plasti með spöldum við bakið. Spöldin eru sýrupolin svo blöðin gulni ekki. Hún fann meira að segja fyrsta blaðið sem gefið var út hérlendis fyrir algjöra tilviljun í Geisladiskabúð Valda og heldur einna mest upp á það eintak. Soffíu finnst sögurnar þó hafa dalað í seinni tíð en uppáhaldshöfundurinn hennar er Don Rosa.

Á yfir 600 strumpa

Átta ára gömul fékk Arnildur Helgadóttir frá Akureyri Strumpahús og Strumpa frá frænda sínum og kolféll fyrir þessum litlu bláu figúrum. Síðan varð ekki aftur snúið og í dag á hún um 600

Strumpafígúrir í hinum ýmsu stærðum. Strumparnir eru upphaflega belgískir, líkt og svo mikið af ástsælustu teiknimyndasögum heims. Árið 1974 var svo farið að steypa Strumpafígúrir eins og við

þekkjum af páskaeggjunum okkar hérlendis og fólk um allan heim safnar þeim. Á hverju ári koma á markað nýjar týpur af Strumpum svo stöðugt er að bætast í safn Arnildar.



Arnildur á heilmikið safn af Strumpatengdum hlutum



Mest á hún af steypu plastfigúrunum sem við Íslendingar þekkjum svo vel af páskaeggjunum



Byrjuðu að safna eftir að hafa fengið fimm salt- og piparstauka sett í jólagjöf


Það mætti í raun segja að skemmtileg tilviljun hafi valdið því að Vordís Baldursdóttir og eiginnmaður hennar, Guðmundur Helgi Helgason, hófu að safna salt- og piparstaukum. Jólín 1997 fengu

hjónin heil fimm sett í jólagjöf en fyrir áttu þau nokkur. Þannig hófst safnið hægt og rólega og í dag eiga þau um 400 sett sem þau hafa verið með til sýnis áður á gistiheimili sem þau ráku. Vinir og ættingi-

ar eru duglegir að hjálpa þeim að bæta í safnið en þónokkrum sinnum hefur það gerst að þau fá staukasett sem þau eiga fyrir. Öll settin eru stök þótt nokkur séu í safninu í mismunandi litum.




Soffía Sólveig Halldórsdóttir safnar Andrésblöðum




Fyrsta eintakið af Andrésblaði á íslensku



Andrésblöð



Vordís og Guðmundur Helgi





Fæst í næstu verslun

ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS



Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Kári Árnason, kletturinn í vörn íslenska landsliðsins, hefur í vetur spilað í Skotlandi. Kári gekk í raðir Aberdeen síðasta sumar en þar þekkti hann vel til. Kári hafði áður leikið með félaginu og var komu hans þangað aftur mikið fagnað. Kári er 35 ára gamall og hefur átt flottan feril í atvinnumennsku, hann er lykilmáður í íslenska landsliðinu sem heldur á heimsmeistaramótið í sumar.

Varnarmaðurinn knáí skoraði eitt af mörkum Aberdeen í vikunni þegar liðið heimsótti Motherwell í skosku úrvalsdeildinni. Kári skoraði markið með kollspyrnu og kom þessu sögufræga félagi yfir í 0-2 sigri. „Þetta var góður sigur fyrir okkur, Motherwell er svona lið sem spilar iðnaðarbolta. Við vorum betri en náðum ekki að nýta færin okkar í fyrri hálfleik. Það var fínt að ná inn einu marki fyrir liðið og hjálpa þannig til, það braut ísinn fyrir okkur og seinna markið kom strax í kjölfarið,“ sagði þessi geðþekki leikmaður þegar við ræddum við hann í vikunni.

Stressar sig ekki yfir því að spila ekki alltaf

Kári er á seinni árum ferilsins en þrátt fyrir það sýnir spilamennska hans það ekki innan vallar. Kári hefur líklega aldrei spilað betur með landsliðinu en síðasta árið. Hann hefur þó í vetur mátt þola talsverða bekkjarsetu hjá Aberdeen, meira en hann hefur vanist síðustu ár. „Í leikum um síðustu helgi þá var ég ekki með, það var bara einfaldlega þreyta eftir langt ferðalag með landsliðinu sem spilaði þar inni í. Ég náði ekki æfingu daginn fyrir leik, það var skiljanlegt að ég væri ekki að spila þá. Þetta er ekki hlutur sem ég er að stressa mig yfir, auðvitað, innst inni, vilja allir leikmenn spila alla leiki. Það er samt kannski betra fyrir mig ef ég horfi til landsliðsins að ég sé ekki að taka 45 leikja tímabil. Það er hægt að horfa á hlutina þannig og það er jákvætt, maður ætti að vera ferskur.“

Ekki göngubolti eins og á Kýpur

Á 14 ára atvinnumannsferli sínum hefur Kári farið víða en í hálfri ár lék hann með Omonia á Kýpur áður en hann hélt aftur til Skotlands. Hann langaði í deild þar sem væri meiri samkeppni. „Það er hark í þessari deild en ástæðan fyrir því að ég kom hingað er að í deildinni er meiri samkeppni og þetta er ekki sami göngubolti og var í Kýpur. Ég vildi komast í þannig bolta en maður endist ekki mörg ár í þessu, þetta tekur sinn toll. Það er ágætt að spila ekki hvern einasta leik,“ sagði Kári en Aberdeen situr í öðru sæti skosku úrvalsdeildarinnar, þrátt fyrir það er örliðill pirringur í stuðningsmönnum liðsins. „Þeir eru pirraðir yfir því að við höfum náð í fá stig gegn Rangers og Celtic, það fer í taugarnar á þeim. Við erum samt í öðru sæti í deildinni og í undanúrslitum bikarsins, og ef fer sem horfir er yfir litlu að kvarta.“

Samningslaus í sumar

Framtíð Kára er í óvissu en hann verður samningslaus í sumar hjá Aberdeen. Hann hefur rætt við félagið um nýjan samning en vill ekki fara ítarlegra út í þá sálma. Hann á þó ekki von á öðru en að halda áfram í atvinnumennsku.



KLETTURINN KÁRI HUGSAR UM LANDSLIÐIÐ

- Kári Árnason skoraði með kollspyrnu í Skotlandi
- Eldist afar vel innan vallar ■ Jákvætt að spila ekki alla leiki

„Þetta hefur aðeins verið rætt, það er samt eitthvað sem ég er ekki klár í að fara nánar út í. Ég er bara að skoða allt, þetta er eitthvað sem kemur í ljós þegar líður á. Ég er lítið að stressa mig á þessum hlutum núna.“

Ekki neinar viðvörunarbjöllur

Kári var með íslenska landsliðinu í verkefni í lok mars og lék þá í 3-0 tapi gegn Mexíkó, finasti leikur að hálfu Íslands en stórt tap. „Mér fannst við koma ágætlega úr þessu verkefni, ég spilaði fyrri leikinn við Mexíkó og eins fánalega og það hljómar, þegar maður fer yfir leikinn, þá fannst mér við spila ágætlega en töpum samt 3-0. Fyrsta markið þeirra kemur eftir aukaspyrnu, dómurinn var ódýr en við hefðum líka getað komið í veg fyrir þessa stöðu áður. Þeir fá svo eitt færi og komast í 2-0, það er mjög þröngt færi. Þar var það sama, það var

hægt að koma í veg fyrir það með því að fylgja hlaupunum af miðjunni eftir. Við vitum þetta og í sumar munu svona hlutir ekki gerast, þá elta menn sína menn alltaf. Þriðja markið er svo bara eins og það er, við fengum heilmörg færi gegn Mexíkó og hefðum getað skorað. Viðar Örn og Sverrir Ingi fá fín færi til þess að skora. Þessi leikur var ekki þess eðlis að hann eigi að kveikja á einhverjum viðvörunarbjöllum. Það er oft sem maður lendir í svona leikjum, maður hugsar eftir leikinn; hvernig í veröldinni þetta gat endað 3-0? Ég spilaði ekki leikinn við Perú og get því lítið sagt um hann, það voru góðir og slæmir kaflar.“

Hugsar um HM á hverjum degi

66 dagar eru í fyrsta leik Íslands á HM þar sem liðið mun mæta Argentínu í Moskvu. Mikil spennan er fyrir því en Kári er einn

af þeim sem á öruggt sæti í 23 manna hóp Heimis Hallgrímssonar, svo lengi sem hann er heill heilsu. „Þetta er eitthvað sem maður hugsar meira og meira um, maður má samt ekki gera

of mikið af því þá er hætt við að maður fari að hlífa sér og þá spilar maður ekki eins vel og maður getur. Það er samt ekki hægt að leynd því að maður hugsar um þetta á hverjum degi.“ ■

Ferill Kára

2001–2004	Víkingur
2004–2006	Djurgården
2006–2009	AGF Aarhus
2009	Esbjerg (Lán)
2009–2011	Plymouth Argyle
2011–2012	Aberdeen
2012–2015	Rotherham United
2015–2017	Malmö FF
2017	Omonia 8
2017–	Aberdeen

Eitt af óskabörnum þjóðarinnar að eiga sitt besta tímabil

■ Gríðarleg spenna fyrir HM ■ Hefur náð fullri heilsu eftir meiðsli

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Meiðslin eru bara að verða góð, þau eru í raun horfin og það er verið að vinna í að ná forminu aftur í gamla, góða horfið. Ég hefði í raun alveg getað spilað síðasta leik en það var ákveðið að fara varlega. Ég var ekki búinn að æfa af neinni alvöru og því hefði ekki verið gáfulegt að fara allt í einu að spila 90 mínútna leik. Það hefði bara auk- ið hættuna á að þetta tæki sig upp aftur," sagði Jón Daði Böðvarsson, framherji íslenska landsliðsins og Reading á Englandi.

Framherjinn öflugur er lykilmáðurur í íslenska landsliðinu en hann hefur ekki spilað síðan 13. mars vegna meiðsla í kálfa.

„Þetta gerðist í leik gegn Wolves fyrir tæpum mánuði, þá stífnadi kálfinn upp og ég hélt að þetta væri bara smá krampi. Ég spilaði því áfram en það kom í ljós daginn eftir að þetta var aðeins meira en ég hélt. Ég fór í myndatöku og þá kom í ljós að um var að ræða léttu tognun í kálfanum. Þetta hefur tekið aðeins meiri tíma en ég bjóst við og ég verð vonsvikinn ef ég spila ekki

um helgina, ég reyni að nýta allar æfingar vel núna til að koma mér í gott form aftur," sagði Jón Daði en Reading situr í 19. sæti næstefstu deildar Englands, fimm stigum frá fallsæti þegar sex leikir eru eftir.

Kom ekki á óvart að þjálfarinn væri rekinn

Fyrir um tveimur vikum var Jaap Stam rekinn úr starfi sem knattspyrnustjóri liðsins. Vonir Reading stóðu til að berjast við topp deildarinnar en liðið hefur sagast í fallbaráttu. „Það kom mér í raun ekkert á óvart, þetta var eitthvað sem maður var að búast við í talsverðan tíma. Það var mjög mikil pressa á honum í lengri tíma og tapið gegn Norwich var kornið sem fyllti mælinn hjá þeim sem ráða hér. Hann fékk mikinn tíma, svona miðað við hvernig hlutirnir virka í fótboltanum núna, þetta kom ekki á óvart. Paul Clement, sem var áður með Swansea, tók við okkur og hann virkar sem mjög finn maður, hann er mjög yfirveguð týpa.“

Margir þjálfarar á stuttum tíma

Jón Daði kom til Englands sumarið 2016 þegar hann gekk í rað-

ir Wolves þar sem hann var í eitt ár og með tvo þjálfara. Nú, á sínu fyrsta tímabili hjá Reading, er Jón Daði á sínum öðrum þjálfara, þetta er þekkt stærð í fótboltanum í dag. Starfsöryggi þjálfara er lítið sem ekkert. „Ég viðurkenni að á fyrstu tímabilum mínum hérna í Englandi hefur verið lítill stöðugleiki, tímabilin hafa bæði verið þannig að lið mitt er að berjast við botninn. Sem leikmaður vill maður ekki vera í þessari stöðu, það er samt ekkert hægt að liggja og væla yfir því. Maður þarf að einbeita sér að sjálfum sér, spila eins vel og maður getur og vona að það hjálpi liðinu á leikdegi.“

Sjálfur að spila mjög vel

Jón Daði hefur fengið talsvert lof fyrir frammistöðu sína á þessu tímabili, hann er markahæsti leikmaður Reading og hefur staðið sig vel. „Ég var einmitt að ræða þetta við fjölskylduna mína um daginn, þetta er

líklega mitt besta tímabil í atvinnumennsku. Mér finnst ég vera hægt og rólega að verða betri í mínum leik.



Ég hef verið að ná að skora fleiri mörk og það hefur verið ánægjulegt. Það er erfiðara að spila vel þegar liðið er í erfiðri stöðu en það gefur manni líka sjálfstraust að sjá að maður er að spila vel þrátt fyrir erfiða tíma hjá liðinu.“

Komið meira kitl í magann

Jón Daði ferðaðist með íslenska landsliðinu til Bandaríkjanna á dögnum í verkefni þar. Hann gat hins vegar ekkert tekið þátt vegna meiðslanna en fann að meiri spenna er að byggjast upp fyrir heimsmeistarastímið í Rússlandi. „Maður fór í þessa ferð og maður fann aðeins meira kitl í maganum en venjulega. Þetta var síðasti undirbúningur okkar áður en HM-hópurinn verður valinn. Þetta voru skemmtilegir leikir þrátt fyrir að ég hafi ekki verið með, það var stemming í kringum þá. Maður kom aðeins spenntari úr þessu verkefni og svo var líka ljúft að komast aðeins úr rigningunni hérna í Reading.“ ■

Allar gerðir af kerrum Allir hlutir til kerrusmíða



UMBODSADILI IFOR WILLAMS Á ÍSLANDI

Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla!



Dvergshöfði 27
www.VikurVagnar.is
577-1090



SAKAMÁL



Tkúla í höfuðið batt enda á ævi kínverska raðmorðingjans Yang Xinhai, 14. febrúar 2004. Yang hafði það til sakar unnið að myrða 67 manns og nauðga stórum hluta þeirra í Henan-héraði í Kína. Fórnarlömb sín barði Yang til bana með hamri.

SVÆFÐI KONU

■ **Kazu, Yuji eða Koji; Obara notaði ýmis nöfn við ódæði sín** ■ **Byrjaði fórnarlömbum sínum ólyfjan**

Kim Sung Jong fæddist árið 1952 í Osaka í Japan. Foreldrar hans voru kóreskir og faðir hans vann sig upp frá því að safna brotajárni í að sjá sér og sínum farborða sem leigubílstjóri. Hann gerði reyndar gott betur því þegar upp var staðið varð hann vellauðugur eigandi keðju keiluspilasala.

Hvað sem auði föður Kims leið sótti sláttumaðurinn slyngi hann árið 1969, þegar Kim var 17 ára. Kim erfði formúu föður síns, útskrifaðist frá Keio-háskóla með gráðu í stjórnmálafræði og lögum. Kim fékk japanskan ríkisborgararétt og breytti nafni sínu í Joji Obara.

Síðari hluta 9. áratugar 20. aldar og fyrri hluta þess 10. fjárfesti Obara grimmt í fasteignum en fór flatt á þeim fjárfestingum og fyrirtæki hans fór á hausinn. Í kjölfar þess notaði hann fyrirtækið til peningaþvættis fyrir jakúsasamtökin Sumiyoshi-kai.

Hávaði veldur lögregluheimsókn

Þann 6. júlí, 2000, barst lögreglunni í Tókýó símtal frá framkvæmdastjóra lúxusfjölbýlishúss við strendur Miura-skagans. Sagði hann að mikill hávaði hefði borist frá einni íbúðinni.

Lögreglan ákvað að kanna málið og í ljós kom að eigandi íbúðarinnar var enginn annar en Obara. Eftir að hafa litast um á heimil-

” Í september, 2000, dró til tíðinda þegar fleiri konur báru Obara þeim sökum að hann hefði nauðgað þeim og hann var handtekinn í október.


inu án þess að sjá nokkuð athyglisvert, ef undan eru skildir sem-entsklumpar hér og hvar, inni í íbúðinni og við innganginn og eitthvað sem virtist vera garðslanga, kvöddu lögreglumennirnir. Rétt áður en þeir fóru spurðu þeir þó hverju sementið sætti. Obara sagðist vera að skipta um flísar og létu þeir gott heita, enda engin ástæða á þeim tímupunkti til að gruna hann um græsku.

Hvarf Blackman vekur athygli

Það sem var, án þess að vitneskja lægi fyrir um það enn, var að ung-

bresk kona, Lucie Blackman, hafði horfið í skömmu áður. Blackman hafði áður unnið sem flugfreyja, en þegar hún hvarf vann hún sem gestgjafi í Casablanca-næturklúbbnum í Roppongi, þekktu gleðihverfi í Tókýó.

Joji Obara Fékk lífstíðardóm fyrir glæpi sína.



Hvarf Lucie Blackman varð þegar upp var staðið mikill fjölmiðlamatur, kannski ekki síst fyrir þá stað-

reynd að fjölskylda hennar lofaði veglegri fjárupphæð fyrir upplýsingar sem varpað gætu ljósi á örlög hennar.

Blackman-fjölskyldan gerði gott betur, því hún kom sér einnig upp aðstöðu í Tókýó. Þangað gat

fólk hringt ef það taldi sig hafa upplýsingar og hafði fjölskyldan ráðið fjölda manns í vinnu til þess eins að svara símhringingum sem þangað bárust.

Böndin berast að Obara

Það var eins og við manninn mælt, innan tíðar gáfu sig fram þrjár útlenskar konur sem höfðu nánast sömu sögu að segja. Þær höfðu unnið á hinum ýmsu klúbbum í Roppongi og farið með vellauðugum kaupþýslumanni á veitinga-



Stórt klámmýndasafn Á heimili Obaras fundust 4.000–5.000 myndbönd.

NÍÐINGSSKAPUR NORNARINNAR

Eric Willmot hefði betur aldrei látið spá fyrir um framtíð sína

Þann 23. desember, 1979, var maður að nafni Thomas Gilligan á leiðinni heim til sín í Cork á Írlandi. Þar sem hann sat í gamla, lúna vörubílnum sínum rak hann fyrir tilviljun augun í fót sem stóð upp úr jörðinni til hliðar við veginn.

Þótt Gilligan hlakkaði til að komast heim, jólin handan hornsins og kærkomin hvíld í vændum, þá stöðvaði hann vörubílinn og kannaði fótinn nánar.

Lögreglan látin vita

Nú, fóturinn var áfastur við heilan líkama karlmans, en Gilligan hafði ekki erindi sem erfði þegar hann reyndi að losa líkamann úr drullunni. Því greip

” Phobe var að sögn óseðjandi kynferðislega og þar stóð hnífurinn í kúnni því Eric Willmot gat með engu móti fullnægt þörf hennar.

hann til þess ráðs að stökkva upp í bíl sinn, aka á næstu lögreglustöð og láta þá sem þar voru vita af þessum fundi.

Heyrir Thomas Gilligan nú sögunni til í þessari frásögn.

Eric heitinn Willmot

Lögreglan náði án teljandi erfiðleika að grafa upp líkið og var það sent til nánari skoðunar. Ljóst var að ekki var langt síðan viðkomandi gaf upp öndina. Hann hafði verið bundinn á höndum og fótum, höfuðkúpan var brákuð, áverkar voru á mikilvægum líffærum og rifjahylkið var í maski. Var þar kominn Eric heitinn Willmot.

Örlagaríkur spádómur

Næsta verk á dagskrá var að komast að því hví Eric Willmot hafði endað ævi sína niðurgraffinn á

þessum stað. Eftirgrennslan lögreglunnar leiddi í ljós að Willmot hafði mörgum árum fyrr, 1973 nánar til tekið, látið spá fyrir sér á skemmtisvæði á ónefndum stað. Sú sem það gerði hét Phoebe Brady, 43 ára kona sem einnig hafði komið sér upp smá söfnuði djöfladýrkenda.

Óseðjandi í rúminu

Hvort Phoebe hafi lagt á Willmot álög, skal ósagt látið, en hann varð yfir sig ástfanginn af þessari einstæðu móður og kvæntist henni. Dóttir Phoebe hét Verren, var 27 ára og kemur lítillaga við sögu síðar.

Phobe var að sögn óseðjandi kynferðislega og þar stóð hnífur-

inn í kúnni því Eric Willmot gat með engu móti fullnægt þörf hennar í þeim efnum.

Skammvinnt frelsi

Willmot sá sinn kost vænstan að láta sig hverfa en ekki gat lengi um frjálst höfuð strokið. Meðlimir í söfnuði Phoebe Brady komust á slóð hans, gáfu honum yfirhalingu og drógu hann nauðugan heim til Phoebe.

Í tvígang til viðbótar tókst Willmot að flýja og í tvígang fannst hann og endaði á ný í hjónarúmi helvítis.

Þremur dögum fyrir jól 1979 flúði hann í síðasta sinn og það fór sem fór.



Tkúla í höfuðið batt enda á ævi kínverska raðmorðingi-ans Huang Yong, 26. desember 2003. Hann var sakaður um að nauðga og myrða 17 unglingsdregjum á árunum 2001–2003. Fórnlömb sín fann hann á net-kaffihúsum, leikjasölum og víðar. Grunur lék á að Huang hefði myrt mun fleiri.

ROG SVÍVIRTI



Carita Ridgeway Kom í fylgd Obaras á sjúkrahús, en varð ekki lífs auðið.



Lucie Blackman Líkamsleifar hennar fundust um síðir, niðursteyptar.

Stundum var hann með grímu og stundum ekki, en aldrei lék vafi á um hvern ræddi.

stundum ekki, en aldrei lék vafi á um hvern ræddi.

Einnig hélt hann eins konar dagbók þar sem sjá mátti tilvísanir í „sigr“ hans. Sum fórnarlamba hans voru „aðeins nýt til kynlífs“ og því þurfti að leita hefnda – „hefnda gagnvart veröldinni“. Síðan svæfði hann konurnar með klóróformi.

Líkamsleifar Lucie finnast

Á meðal yfir 100 vestrænna kvenna sem sjá mátti á myndböndunum var áströlsk, 21 árs kona, Carita Ridgeway. Hún hafði dáið á spítala árið 1992 eftir að hafa komið þangað í fylgd karlmans. Talið var víst að þar hefði Obara verið á ferðinni, enda fann lögreglan kvittun fyrir innskráningu Ridgeway á spítalann í einni íbúð Obaras.

Einnig fundust kvittanir fyrir keðjusög og skóflu.

Á heimili Obara fundust hár úr Lucie Blackman, en ekki svo mikið sem einn blóðdropi. Sundurlimaðar líkamsleifar hennar fundust loks 10. janúar, 2001, niðurgrafnar í laug í helli á ströndinni við Miura, í aðeins

nokkurra metra fjarlægð frá heimili Obaras. Líkið hafði verið sagað í átta hluta og skellt í steypu. Ekki reyndist unnt að úrskurða dánarsök.

Manndráp og nauðganir

Joji Obara var að lokum ákærður fyrir að hafa byrjað Lucie Blackman ólyfjan, nauðgað henni og síðan myrt. Að auki var hann ákærður fyrir að hafa nauðga sex öðrum konum og eitt manndráp í tilviki Caritu Ridgeway.

Hvað dauða Caritu áhræði byggði saksóknari mál sitt á niðurstöðum krufningar sem sýndu leifar af klóróformi í líkama hennar auk þess sem pappírsslóð sýndi að Obara hafði komið með hana á spítalann þar sem hún síðar dó.

Í nauðgunarákærunum nægði að vísa í yfirþyrmandi sönnunargögn sem var að finna í klámmyndasafni Obaras.

Áfrýjun hafnað

Ekki var með ápreifanlegum hætti hægt að tengja Obara við morðið á Lucie Blackman, sem er kaldhæðnislegt í ljósi þess að hvarf hennar varð þess valdandi að Jojo Obara var loks gripinn. Enginn hefur verið sakfelldur fyrir morðið á henni.

Obara var dæmdur til lífstíðarfangelsis 24. apríl 2007. Í desember árið 2010 sótti Obara um lausn á skilorði en Hæstiréttur Japan sýnaði áfrýjuninni og staðfesti enn frekar lífstíðardóm yfir honum. ■

stað við ströndina. Allar báru konurnar að þær hefðu síðan misst meðvitund og vaknað mislöngu síðar í íbúð karlmans, aumar og veikburða. Samkvæmt frásögn kvennanna hafði karlmaðurinn notað mismunandi nöfn; Kazu, Yuji eða Koji.

Þær höfðu allar tilkynnt þetta til lögreglunnar en greinilega talað fyrir daufum eyrum því hún hafðist ekki að.

Í september, 2000, dró til tíð-

inda þegar fleiri konur báru Obara þeim sökum að hann hefði nauðgað þeim og hann var handtekinn í október.


Óhugnanlegt blæti

Lögreglan komst heldur betur í feitt þegar hún kannaði híbýli hans nánar. Upp úr krafsinu komu 4.000–5.000 klámmyndbönd og deginum ljósara að Obara var ekki allur þar sem hann var séður.

Þegar þar var komið sögu taldi

lögreglan ekki ólíklegt að Obara hefði nauðgað allt að 400 konum. Hann neytti eiturlyfja sér til afþreyingar og var að sögn með hvítar konur á heilanum, auk þess sem uppáhaldsblæti hans fólst í því að misnota meðvitundarlausar konur.

Á meðal myndbandanna sem lögreglan fann voru yfir 200 þar sem sjá mátti Obara á vettvangi þar sem hann svívirti konur. Stundum var hann með grímu og



Fimmhyrnd stjarna Sigil of Baphomet; var í hugum fólks sterklega tengd satanismi.

Brady hefði greitt honum 800 sterlingspund fyrir að drösla Willmot heim í hjónabandssæluna.

Aftaka vegna ótryggðar

Harmsworth hafði gert það samviskulega, svo samviskulega að Willmot var meðvitundarlaus þegar hann endaði í ranni nornarinnar.

Willmot skyldi ekki flýja á ný og var gert það ljóst með barsmíðum þar til hann var liðið lík.

Þegar Phoebe var handtekin, ásamt dóttur sinni, Verren, sagði hún að Eric Willmot hefði verið tekinn af lífi vegna ótryggðar hans gagnvart söfnuðinum.

Phoebe, Verren og Harmsworth fengu lífstíðardóm í júlí 1980. ■



Satan Málverk Hans Memlings frá 1485.

800 punda víðvík

Lögreglan komst að því að Mike nokkur Harmsworth hafði sést með Willmot síðasta kvöld ævi hans. Ekki var tvínóað við

hlutina og Harmsworth var ákærður fyrir morð.

Harmsworth hugnaðist greinilega ekki að sitja einn uppi með ákæru og viðurkenndi að Phoebe

Rósa Ásgeirsdóttir elskar að skapa ævintýri fyrir börn



Rósa Ásgeirsdóttir/
Mynd: Sigtryggur Ari

Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Rósa Ásgeirsdóttir leikkona hefur verið hluti af Leikhópnum Lottu í tíu ár. Á þeim tíma hefur hún skellt sér í hin ýmsu gervi og veitt börnum víðs vegar um landið ómælda gleði.

Rósa segir að börn séu frábærir áhorfendur sem geri leikurum alveg ljóst ef þeim mislíkar eitthvað í sýningunni.

„Börnin eru svo myndin og þau spyrja okkur oft spurninga fyrir eða eftir sýningu sem ég á stundum í stökustu vandræðum með að svara og þarf því að vera fljót að hugsa,“ segir Rósa í viðtali við DV.

Rósa er menntuð leikkona og hefur starfað við leiklist undanfarnin ár ásamt því að taka að sér að hanna og sauma ýmsa búninga.

Eftir hlutverk Sandy í Grease var ekki aftur snúið

„Ég lærði hönnun og textíl og tek stundum að mér slík verkefni. Ég ætlaði mér lengra í þeim bransa en þegar ég var í framhaldsskóla kviknaði leiklistaráhuginn og ég sótti um í leikfélaginu. Þar var mér kastað í hlutverk Sandy í Grease og þá var ekki aftur snúið. Ári seinna var ég komin í leikfélagsstjórnina og færði mig þaðan yfir í Freyvangsleikhúsið, staðráðin í því að á sviði vildi ég vera.“

Rósa er ættuð frá Akureyri en fljótlega eftir stúdentspróf flutti hún til Reykjavíkur og árið 2008 lenti hún óvænt inn í Leikhópnum Lottu þar sem hún er enn þann dag í dag.

„Við erum að klára Galdrakarlínn í Oz núna um helgina þar sem ég fer með hlutverk Dórótheu og við tekur ævintýrið um Gosa sem við setjum upp í sumar. Ég er einnig að stunda nám í skapandi tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands og var að klára að semja nokkur lög fyrir Gosa núna í páskafrínu.“

Gaman að gleðja börn

Rósa hefur alltaf verið mikið fyrir ævintýri og þykir gaman að fá að

túlka ævintýrapersónur sem hana dreymdi um að vera þegar hún var barn.

„Það er bæði gaman að fá að túlka ævintýrapersónur og fá að skapa alveg nýjar frá grunni eins og til dæmis Litli litur í Litalandi sem mun lifa á stafrænu formi allt mitt líf. Svo finnst mér svo gaman að gleðja börnin, sjá þau hlæja, sjá tár og fá þau hlaupandi til mín í fangið eftir sýningu til þess að fá knús frá ævintýrapersónunni. Það gefur mér svo mikið. Það er líka annað sem mér finnst æðislegt og það er að við förum út á landsbyggðina með sýningarnar og gefum þannig öllum sem vilja tækifæri til að sjá sýninguna. Það er aldrei of mikið í boði fyrir börnin,“ segir Rósa um sérstakan áhuga sinn á barnaleikritum. Hún viðurkennir þó að hún hafi einnig mikinn áhuga á því að líta í aðrar áttir í komandi framtíð.

„Fullorðnir eru líka skemmtilegir áhorfendur og það gleður mig alltaf jafn mikið að heyra í fullorðna fólkinu hlæja og heyra að það sé að skemmta sér.“

Rósa segir samstarfið í leikhópnum ganga mjög vel.

„Við erum öll góðir vinir, höfum rifist og hlegið saman. Allt eins og eðlilegt er, þegar vinahópur vinnur og ferðast saman nánast allan sólarhringinn í svona langan tíma.“

Alvarlegt bílslys setti strik í reikninginn

Leikhópurinn lenti í bílslysi með alla leikmyndina á síðasta ári og var það mikið áfall fyrir hópinn.

„Sem betur fer slapp leikhópurinn ótrúlega vel og slysið hafði ekki áhrif á sýningarnar. Leikmyndin var að mestu sýningarhæf og þessar hetjur héldu sínu striki daginn eftir með tvær sýningar. En vissulega var þetta mikið álag á hópinn. Nýmerkti bíllinn var ónýtur, kerran óökuhæf og Austurlandstúrin að byrja daginn eftir. Þetta var mikið sjokk, spítalaheimsóknir og það þurfti að útvega nýjan bíl, nýja kerru, gjall í bíllinn og ferja svo allt til Reykjavíkur.“

Aðspurð hvort það sé ekki erfitt að flakka um allt land með leikhúsið með sér svarar Rósa neitandi.

„Það er í raun auðveldara en fólk heldur. Leikmyndin okkar er alltaf hönnuð með kerruna í huga og



svo bætast leikmunir við. Flókni og skemmtilegi parturinn er eiginlega svona fjórum dögum fyrir frumsýningu þegar við förum að þúsla allri heildinni saman inn í kerruna. Leikmyndin á sinn stað og svo þarf að koma leikmununum, búningum og öðru tilfallandi fyrir. Í vetur byrjuðum við með vetrarverkefni sem felst í því að við setjum eldri sýningar okkar upp inni í leikhúsum víðs vegar um landið. Þá bættust við ljós, standar og ýmislegt sem við höfum ekki verið að vinna með áður. Húsin eru misstór og við þurfum að aðlaga hverja sýningu að rýminu sem við fáum, setja upp ljósin og tilheyrandi, en það er bara skemmtilegt verkefni í hvert sinn.“

Börn stoppa hana á förnum vegi

Rósa segir að algengt sé að börn þekki hana þegar þau mæti henni á förnum vegi og að henni þyki virkilega vænt um það.

„Það er alltaf rosalega krúttlegt. Eitt minnisvert sem ég lenti í um daginn var þegar ég var að ganga inn í Ikea og bíll er stöðvaður fyrir framan mig á bílplaninu. Mamman, sem ég kannaðist ekki við, skrúfaði niður rúðurnar þar sem börnin hennar sátu aftur í og voru að hlusta á Galdrakarlínn í Oz. Mér þótti ótrúlega vænt um þetta augnablik, að fá að spjalla við börnin í aftursætinu á meðan röddin mín hljómaði í útvarpinu og það hefur ekki verið síður eftirminnilegt fyrir þau. Svo lenti ég líka í því fyrir átta árum þegar ég var lasin úti í búð með maskara

út á kinn í snakkdeildinni, þá kom lítið barn hlaupandi til mín og kallaði: „Mamma, sjáðu ég fann Öskubusku.“ Svo vildi það bara halda í hendina á mér.“

Rósa segist þykja virkilega vænt um Dórótheu í Oz en að hennar upphaldskaraktar sé þó Letta lamb í Litlu gulu hænunni.

„Letta er til alls vís, hún getur bullað endalaust og sagt brandara sem engin glóra er í.“

Vann Íslandsmeistarakeppni í limbó fótbrotin

Rósa býr yfir ýmsum hæfileikum og auk þess að vera leikkona, búningahönnuður og lagasmiður þá er hún einnig Íslandsmeistari í limbó.

„Ég vann limbókeppni sem haldin var á Grapevine music awards. Keppnin fór fram á upphækkuðu sviði og þegar ég var að koma úr seinni umferðinni reis ég upp frá limbóstönginni og áttaði mig ekki á því að sviðið endaði fyrr en mig minnti. Ég steig niður af sviðinu í einu stóru skrefi og endaði niðri á gólfinu. Mér brá mikið og varð hálfvandræðaleg, fékk hláturskast og dofnadi öll upp. Ég gerði ráð fyrir því að það hefði verið sjokkið við að hafa dottið fyrir framan fullan sal af fólki en svo fann ég að það var sárt að stíga í fótinn.“

Rósa hélt fyrst að hún hefði mistigið sig illa, hélt keppninni áfram og vann hana.

„Þá kom sigurvíman og ég rétt komst baksviðs og fór í skóna mína. Þegar ég kom aftur fram í sal fór

fólk að ausa yfir mig hamingju-óskum og í gleðivímunni taldi ég að ég hefði í mesta lagi tognað. Ég er með mjög háan sársaukaþröskuld og ætlaði sko ekki að vera með neinn aumingjaskap á þessu glæsilega kvöldi. Það var ekki fyrr en morguninn eftir að ég gaf mig og fór upp á spítala og endaði í gífsi upp að hné og hækjum.“

Dóróthea gat fótbrotnað eins og hver annar

Á þessum tíma var Rósa að sýna ein á sviði atriði með Dórótheu og þurfti hún að spinna sýninguna í kringum fótbrotið.

„Það fór auðvitað ekkert fram hjá krökkunum þegar ég gekk upp á svið á hækjum með gífs svo ég byrjaði bara á því að tala aðeins um það og svara spurningum. Þeim fannst það bara skemmtilegt og í stað þess að gera allt sem ég ætlaði að gera á gólfinu varð ég að sitja á stól sem var mjög krefjandi. Börnin sýndu þessu fullan skilning og auðvitað gat Dóróthea fótbrotnað eins og hver annar.“

Fram undan hjá Rósu er ævintýri Gosa með Leikhópnum Lottu í sumar ásamt því að hanna búninga.

„Eins og sannur bogmaður finnst mér erfitt að gera langtíma-plön en ég hef þó tekið ákvörðun um að taka mér leikpásu fram til haustsins 2019 að undanskilinni jólatörnninni og svo verður lífið vonandi bara jafn fjölbreytt og skemmtilegt og það er í dag. Maður má ekki gleyma að njóta.“



PENSLA sápa

Fagmenn mæla með...




- Auðveldara og fljótlegra að þrifa málningu úr penslum
- Nýtist 5-10 sinnum lengur
- Bjargar hörðnuðum olíumálningarpenslum
- Engin eitrefni
- Umhverfisvæn

Prófið einnig Glans bílasápu og Garðahreinsir frá Undra

UNDRI

Fæst í Byko, Húsasmíðjunni, Verkfæralagernum og fleiri verslunum

Tímarvélín



Drykkfelldur maður,

Ófær til áttakvinnu, en vanur mörgu öðru, óskar eftir vei launuðu framtíðarstarfi. Reglusemi kæmi til greina. Tilboð merkt „Hreinskilni“ sendist blaðinu.

Gamla
auglýsingin

Vísir 25. nóv. 1971



Lausn við oki hármíssis

Sumarið 1990 framkvæmdi Rafn Ragnarsson lýtalæknir fyrstu hárigræðsluna á Íslandi. Á þeim tíma var hármíssir mun meira feimnismál en nú og þeir fáir sem þorðu að krúnuraka sig til að mæta vandanum. Til að leysa hárpynningu höfðu margir karlmenn gripið til þess ráðs að greiða yfir skalla eða fá sér hárkollur. Rafn flutti hins vegar þessa nýju ígræðslutækni inn frá Svíþjóð þar sem hann var áður starfandi. Nokkrar aðferðir voru notaðar en sú algengasta fólst í að taka hárrætur úr efstu lögum húðar á vanga eða hnacka og færa niður í neðri lögin á vandræðasvæðinu. Notast var við staðeyfingu og bati nokkuð hraður. Þritugur maður sem fór í fyrstu aðgerðina hér sagðist hafa verið plataður í mörg ár með heilsulyfjum og sjampói. „Líf mitt hefur gjörbreyst enda var ég í algjörru sálarflækju í mörg ár.“



Pétur Rögnvaldsson í Hollywood-mynd

Árið 1959 kom út kvikmyndin Journey to the Center of the Earth, byggð á skáldsögu Jules Verne. Í myndinni léku stórleikarar á borð við James Mason og Pat Boone en vegna þess að sagan gerist að mestu leyti á Íslandi var fenginn innfæddur maður til að leika leiðsögu-manninn Hans Bjelke, nokkuð einfaldan mann sem átti öndina Geirþrúði sem gælu-dýr. Pétur Rögnvaldsson frjáls-íþróttamaður var fenginn til verksins en hann var búsettur í Kaliforníu. Hann þótti túlka hlutverkið svo vel að honum var boðinn langtímasamningur í Hollywood sem hann hafnaði. Pétur, sem kallaði sig Peter Ronson, keppti í 110 metra grindahlaupi á Ólympíuleikumum í Róm. Hann lést árið 2007.



Húðflúrari og píslarvottur hundaeigenda í Reykjavík

Fjöltnir sat inni fyrir hundahald 18 ára gamall eftir að hvolpur hans fann lík

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Áður en Fjöltnir Geir Bragason varð þekktasti húðflúrari landsins komst hann í fréttirnar fyrir algerlega óskýlt málefni. Árið 1983, þegar hann var aðeins 18 ára gamall, var hann fangelsaður í Hegningarhúsinu fyrir hundahald. Ekki nóg með það þá hafði hundurinn sem um ræðir aðstoðað lögregluna við að finna lík manns sem leitað var að. Fjöltnir ræddi við DV um þetta undarlega mál.

Fann til með mannum

Árið 1924 var hundahald alfarið bannað í Reykjavík með reglugerð. Smalahundar og aðrir þarfa-hundar voru þó leyfðir á lögbýlum. Á þeim tíma var sjaldgæft fólk héldi hunda sem gæludýr. En eftir því sem víðsýni landans óx á 20. öldinni gætti meiri óánægju með þetta ástand og sífellt fleiri vildu fá að halda hund í borginni. Árið 1973 lögsótti hundaeigandi í Reykjavík borgarstjórn fyrir bannið og taldi brotið á stjórnarskrárvörðum réttindum sínum sem vörðuðu friðhelgi einkalífs. Eigandinn náði ekki sínu fram með lögsókninni og óánægja borgarbúa jókst með hverju árinu. Tíu árum eftir máls-höfðunina komst hreyfing á málið þegar hinn ungi Fjöltnir fór í sinn afdrifaríka göngutúr. Fjöltnir segir:

„Ég var á göngu í Óskjuhlíðinni að æfa hundinn minn Pete sem var þá ekki nema hálfis árs hvolpur af Labrador-kyni. Pete þennan fékk ég hjá breska sendiráðinu. Klukkan var átta um kvöld í miðjum febrúar og jafnfallinn snjór yfir öllu. Allt í einu fann hann einhverja lykt og tók á rás alla leið niður að þeim stað þar sem veitingahúsið Nauthóll er í dag. Ég elti sporin þar til ég kom að rjóðri. Þar sá ég fætur manns standa út undan rjóðrinu og ég sá að hann var látinn.“

Hvernig varð þér við að sjá þetta?



„Hann hafði augljóslega svipt sig lífi og ég fann til með honum þegar ég sá hann.“

Prinsippmál að borga ekki sektina

Fjöltnir fór heim til sín og ætlaði ekki að segja neinum frá því sem hann hafði fundið. Lögreglan hafði verið að fylgjast með honum á gangi með hundinn og keyrði þá oft hægt framhjá. Þetta fannst Fjöltni bæði skrytín og óþægileg hegðun lögreglunnar.

„Mamma sá strax að það var eitthvað að eftir að ég kom heim. Hún hringdi í lögregluna

sem kom og sótti mig og fór með mér að Óskjuhlíðinni og ég sýndi þeim hvar hundurinn hafði fundið manninn. Þá komst ég að því að lögreglan hafði verið að leita að honum í nokkra daga eftir að hann strauk af stofnun. Þeir sögðu jafn framt við mig að hundahald væri bannað en að ég fengi nú undanþágu fyrir fundinn.“

Skömmu síðar fékk Fjöltnir hins vegar sekt sem hljóðaði upp á sex þúsund krónur. En honum var gefinn 2.000 króna afsláttur vegna ungs aldurs. Hann ákvað að greiða ekki sektina og sitja heldur

af sér skuldina með viku fangelsisvist samkvæmt kvaðningu.

Var prinsippmál að borga ekki?

„Já. Mér fannst þetta mjög ósanngjarnt. Ég var aðeins átján ára strákur og átti enga peninga. Hundurinn hafði hjálpað lögreglunni við að finna líkið og ég átti svo að greiða sekt.“

Fjöltnir og faðir hans settust niður og reiknuðu út að vistin yrði ágætis tímakaup miðað við það starf sem Fjöltnir vann á þeim tíma, en þá vann hann sum-arvinnu í Árbæjarsafni við að setja upp girðingar.



Fjölnir og Pete

Fjölmíðlafar við Hegningarhúsið

Mánudaginn 4. júlí fór Fjölnir því að Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg til þess að taka út sína refsingu fyrir líkfundinn. En áður en hann fór hringdi hann í Hundaræktarfélag Íslands og lét þá vita hvað væri að gerast og hvort þeir gætu litið eftir hundinum á meðan hann sæti inni. Þegar hann kom að fangelsinu sá hann að þar hafði safnast saman fólk, blaðamenn og formaður Hundaræktarfélagsins sem var mjög reiður og í miklu rifrildi við fangavörð.

„Fangavörðurinn spurði mig hvort ég væri með kvaðningu og ég sagðist hafa týnt henni. „Þá kemur þú ekki hér inn“ sagði vörðurinn en áttaði sig síðan á því hversu vitlaust það var og hleypti mér inn. Síðan fann ég hana í rassvasanum.“

Varstu ekkert smeykur við að fara inn?

„Nei, nei. Pabbi stappaði í mig stálinu og var stoltur af mér fyrir

framtakið.“

Áður en Fjölnir fór inn hafði DV birt frétt um hvað til stæði. Þegar hún birtist bauðst Guðmundur Óskarsson, fiskisali í Sæbjörgu, til þess að greiða sektina. Hann sagði að fangelsið gæti tekið hana af 30 þúsund króna skuld fangelsisins við hann. Þá stofnaði Hundaræktarfélagið styrktarsjóð fyrir Fjölni til að koma til móts við vinnutap hans vegna fangelsunarinnar.

„Þjóðfélagið fór á hliðina því fólk fannst það hneisa að fangelsa 18 ára strák fyrir að hjálpa löggunni. Á þessum tíma átti Davíð Oddsson borgarstjóri hundinn Tanna og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra tókina Lucy. Í blöðunum birtust oft myndir af þeim með hundum sínum. Það komu blaðamenn frá Þýskalandi og Frakklandi til að taka viðtal við mig.“

Þá birtist einnig umfjöllun um málið í norrænum blöðum. Hér á Íslandi fjallaði DV mest um málið og Loki henti grín að því. „Voff



Við Hegningarhúsið

Voff“ og „Hvað ætli hundurinn sé upp á marga fiska“.

Vandræðalegt fyrir lögregluna

Eftir einn dag inni var Fjölni sleppt og honum sagt að ónefndur maður hefði gert upp skuldina um hádegisbil 5. júlí. Fjölnir segist enn í dag ekki vita hver það var eða hvort það sé yfir höfuð satt.

„Einhver huldumaður á að hafa komið og leyst mig út og ég kann honum bestu þakkir ef svo er. En mig grunar að mér hafi verið sleppt vegna þess að þetta var vandræðalegt mál fyrir yfirvöld og þau vildu losa sig undan þessu sem fyrst.“

Fjölnir segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi í þjóðfélaginu í mörg ár eftir þennan atburð. Ókunnugt fólk stöðvaði hann út á götu til að þakka honum fyrir að standa á sínu. Úr styrktarsjóðnum fékk hann greiddar tvö þúsund krónur og til stóð að halda sjóðnum gangandi ef fleiri sambærileg mál kæmu upp.

Hafði áhrif

„Fjöldi fólks var búinn að berjast fyrir að fá að halda hunda í Reykjavík í mörg ár. Þetta varð til þess að borgin fór að gefa út undanþágur til hundaeigenda.“

Árið 1984, ári eftir fangelsun Fjölnis, lét borgarstjórn undan þrýstingi almennings og samþykkti að veita undanþágur frá banninu. Undanþágurnar áttu að gilda til ársins 1988 þegar atkvæðagreiðsla var haldin um málið. Samþykkt var að halda óbreyttum reglum en atkvæðagreiðslan olli hins vegar miklum deilum vegna orðalags spurningarinnar sem borin var upp. Hundahald var alfarið leyft í Reykjavík árið 2012 en enn þá þarf að sækja um leyfi.

Leiðir Fjölnis og Pete skildi hins vegar skömmu eftir sumaríð 1983. Fjölnir fór á verbúð um haustið og móðir hans gaf þá Pete frá sér. Fjölnir fagnaði því þó að hann komst á gott heimili. ■



Margrét var besta flugfreyja Norðurláfu

Laugardaginn 15. júlí árið 1950 var haldin hæfileika-keppni flugfreyja í London og tóku fimm-tán stærstu flugfélög Norðurláfu þátt. Keppninni lauk með sigri íslenska keppandans, Margrétar Guðmundsdóttur, 22 ára gamallar flugfreyju hjá Loftleiðum. Keppt var í öllum þeim kostum sem úrvalsflugfreyja verður að hafa, svo sem lipri og alúðlegri framkomu, snyrtimennsku, þokka og stillingu ef eitthvað ber út af. Í Morgunblaðinu segir: „Ekki var um fegurðarsamkeppni eingöngu að ræða. Málakunnátta var t.d. einnig tekin til greina.“ Keppninni var sjónvarpað í Bretlandi og töluvert fjallað um hana í erlendum blöðum.

Úr annálum:

Á Sólheimum í Mýrdal fæddist barn augnalaust eður með húð yfir augun gróinni.“ – Espihólsannáll, 1797



Forseti Finnlands datt í Laxá

Í ágúst árið 1977 kom Urho Kekkonen Finnlandsforseti í heimsókn til Íslands en hann var nokkuð þekktur á alþjóðavísu fyrir þýð samskipti heimalands síns við Sovétrík-in. Var Finnland gjarnan kallað Kekkóslóvakía á þeim árum. Kekkonen renndi fyrir lax í Laxá í Kjós með fylgdarliði sínu. En forsetinn hrasaði og fékk kalt bað eins og kom fram á forsíðu Dagblaðsins. Greint var frá því að forsetinn hefði tekið þessu eins og sannur íþróttamaður og gert lítið úr atvikinu. Veidinni var haldið áfram með allgóðum árangri og að minnsta kosti einn lax var dreginn á land eftir fallið.

Samtal við hressan Breiðfirðing

Í júlímánuði árið 1967 leit Jónas Jóhannsson bóndi við á ritstjórnarskrifstofu Tímans og sagði fréttir úr heimahögum sínum í Öxney á Breiðafirði. „Það hefur verið kalt tíðarfar undanfarið. Vor-íð var kalt og mikil norðanátt, og gróðri fór seint fram,“ sagði Jónas. „Það var kalt um sauðburðinn og yfirleitt kuldi út júní.“

Hann hafði þungar áhyggjur af fuglavarpinu í eyjunum sem var ógnað af minknum sem væri orðinn yfirgnæfandi. „Minkurinn hefur verið mesti vággestur, sem hefur komið og kemur í varplönd, og hann hefur eytt mestöllu fuglalífi úr eyjunum. Hann étur líka hrognkelsin úr netunum, flettir kvíðnum af þeim öðru megin

og étur síðan fiskinn. Minkurinn hefur verið með meira móti í vor.“

Til að vinna á minknum notaði Jónas hunda. En minkurinn dvaldi í holum og mikill klaki hafði verið í eyinni sem gerði leitina erfiða.

Fáar eyjar í byggð og deyfð yfir félagslífi

Jónas sagði fleiri hressandi fréttir af Breiðafirði. „Það eru fáar eyjar í byggð á Breiðafirði núna. Í minni sveit eru tvær og að nokkru leyti sú þriðja í byggð, þegar ég man eftir fyrst voru þær sjö, og fámennst orðið yfirleitt. Í heimilum þar sem ég man eftir tuttugu manns eru nú tveir til þrjár.“

Útlitið með byggðina í eyjunum væri ekki glæsilegt. Brátt

væri hægt að fljúga út í eyjarnar og þá þyrfti fólk ekki að búa þar heldur gæti háttað í Reykjavík. „Þá þurfa engir að vera sjóveikir, sjóveiki og þíkuskærkir hverfa.“ Hann sagði að brátt yrðu allir landsmenn fluttir til Reykjavíkur og þyrfti þá ekki stærra svæði undir byggð.

„Yfirleitt er deyfð yfir félagslífi í sveitunum, einkum að vetrinum, en þá er líka hver maður upptekinn af starfi. Þó kemur fyrir að fólk slær sér saman og spilar, því að ef góð er færð er það fljótt að skreppa á milli á nútímafarartækjunum, bílunum.“

Blaðamenn Tímans þökk-uðu Jónasi fyrir upplífandi spjall og óskuðu honum góðrar heimferðar út í Öxney.



Uppfinningar sem urðu til fyrir hreina tilviljun

Uppfinningamenn og frumkvöðlar vinna oft og tíðum óeigingjarnt starf í þeim tilgangi að gera líf okkar allra aðeins bærilegra. Sumir eyða mörgum árum ævi sinnar í að þróa leiðir til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika á meðan aðrar uppfinningar verða til fyrir hreina tilviljun. Vissirðu til dæmis að franskir rennilásinn, stinningarlyfið Viagra og Corn Flakes-morgunkornið urðu til fyrir tilviljun? Business Insider tók saman lista yfir nokkrar slíkar uppfinningar.



Spencer er maðurinn á bak við örbylgjuofninn.

Örbylgjuofninn

Árið 1946 var maður að nafni Percy Spencer, bandarískur verkfræðingur, að vinna að ratsjárverkefni fyrir fyrirtæki að nafni Raytheon Corporation. Til að gera langa sögu stutta var hann með súkkulaði í vasanum á tilraunastofu fyrirtækisins og byrjaði súkkulaðið skyndilega að bráðna. Athugun hans leiddi í ljós að súkkulaðið bráðnaði vegna hita frá útvarpslampa á tilraunastofunni. Spencer, sem var eðlis- og verkfræðingur að mennt, áttaði sig á því að hitinn kæmi frá örbylgjum. Segja má að Spencer hafi því verið upphafsmaður örbylgjuofnsins sem finna má á flestum heimilum nú til dags. Tæknin þróaðist mikið upp úr miðri 20. öldinni sem er kannski eins gott. Þannig var fyrsti örbylgjuofninn rúm 300 kíló.



Franski rennilásinn

Árið 1941 var svissneski verkfræðingurinn George de Mestral á göngu í Ölpunum. Þegar hann kom heim úr göngunni sá hann að nálar úr jurtinni króklappa sátu fastar í fótum hans. Eins og sönnun verkfræðingi sáemir vakti þetta athygli Mestral og þegar hann fór að skoða þetta nánar sá hann að á nálunum voru litlar krækjur sem gerðu að verkum að þær festust. Mestral þróaði sína eigin útfærslu á þessu og í kjölfarið varð til það sem í daglegu tali kallast riflás eða franskur rennilás.



Play-doh leirinn

Flestir foreldrar þekkja eflaust hinn litríka Play-doh leir sem flestum börnum finnst gaman að leika sér með. Stáreyndin er sú að Play-doh leirinn varð til fyrir hreina tilviljun, hann átti að minnsta kosti aldrei að verða leikfang. Á fjórða áratug liðinnar aldar ráku bræðurnir Noah og Cleo McVicker sápuvirkni og ein af aukaafurðum framleiðslunnar var leir sem bræðurnir töldu að hægt væri að nota sem eins konar hreinsiefni. Leirinn gat drukkið í sig sót sem oftast settist á vegg, sérstaklega hjá þeim sem hituðu heimili sín með því að brenna kol. Síðar kom á markað veggfóður sem hægt var að þrifa með vatni og þá minnkaði eftirspurnin eftir leirnum. Það var í raun þá sem hjólin fóru að snúast. Bræðurnir, með aðstoð leikskólakennara að nafni Kay Zufall, bættu litarefnum við leirinn sem varð vinsælt leikfang í leikskólum. Kay fann svo nafn á leirinn, Play-doh, sem er enn meðal þeirra leikfanga sem börn sækja einna mest í.



Röntgentækið

Árið 1895 var eðlisfræðingurinn Wilhelm Roentgen á rannsóknarstofu sinni þar sem hann vann að rannsóknum á rafmagni og ýmsu því tengdu. Kvöld eitt vann hann við rannsóknir á rafeindalampa og eins og fram kemur á Vísindavefnum prófaði hann að hylja lampann með ljósbéttum pappír. Þegar hann hleypti straumi á lampann kom ljósbjarmi frá efni á öðrum stað í herberginu. Þegar hann setti svo aðra hönd sína fyrir geislann sá hann beinin í höndinni. Geislann nefndi hann X sem er oftast ekki notað yfir óþekktar breytur í stærðfræði. Þaðan kemur enska nafnið X-Ray. Geislann var síðan nefndur í höfuðið á Roentgen.



Viagra

Það þekkja eflaust allir stinningarlyfið Viagra sem kom á markað skömmu fyrir aldamót. Áður en lyfið var markaðssett sem lyf fyrir karla með stinningarvandamál var tilgangur þess allt annar. Virka efnið í Viagra heitir Sildenafil og lyfjarisinn Pfizer, sem framleiðir Viagra, kynnti það fyrst til sögunnar sem hjartalíf. Í klínískum rannsóknum kom í ljós að gagnsemi þess við hjartavandamálum var lítil en þeir sem tóku þátt í rannsóknum, karlar þá eingöngu, tóku eftir undarlegri aukaverkun. Þeir gátu viðhaldið stinngu lengur og betur. Pfizer ákváð í kjölfarið að prófa lyfið á um fjögur þúsund körlum sem allir áttu við stinningarvanda að stríða og viti menn! Þeir lýstu sömu áhrifum og því fór sem fór; lyfið var markaðssett sem stinningarlyf og hefur komið milljónum karla að góðum notum.



Corn Flakes

Segja má að morgunkornið Corn Flakes (kornflex eins og við Íslendingar köllum það) hafi orðið til vegna mistaka. Árið 1894 gerði maður að nafni John Kellogg tilraunir með hveiti. Hann starfaði sem læknir á Battle Creek Sanitarium ásamt bróður sínum, William, og var markmið þeirra að koma skikk á mataræði sjúklinga. Dag einn settu þeir hveiti ásamt ýmsu öðru í pott og hituðu það. Þeir hituðu það aðeins of mikið og komust að því þegar þeir reyndu að fletja deigið út að það brotnaði í litlar flögur. Þeir ákváðu svo að hita þessar flögur og komust þá að því að þær urðu stökkr og nokkuð bragdgóðar. Það sama gerðist þegar þeir gerðu tilraunir með að elda korn. Uppskriftin var svo þróuð og varð að því sem við köllum Corn Flakes í dag.



Nett fjölnotataæki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON



Ný nuddstofa og magadansstúdíó að Ármúla 40

Fólk vissi lítið um magadans þegar ég byrjaði að kenna hann hér, en í dag er hann miklu vinsælli og Íslendingar kunna að meta þessa list. Ég hef upplifað í gegnum þetta starf að Íslendingar eru bæði blóðheitari og hjartahlýrri en þeir virðast. Stundum eruð þið dálítið stíf en þegar maður hreyfir við ykkur og leiðbeinir ykkur þá finnið þið Íslendingar taktinn. Þið eruð líka yndislegt fólk og mér líður hvergi betur en hér," segir Josy Zareen sem hefur kennt íslenskum konum magadans alveg frá aldamótum.

Josy er frá Brasilíu og byrjaði að æfa magadans þegar hún var 13 ára. Hún dansar og kennir tignarlega útgáfu af magadansinum sem þróuð var í Egyptalandi en Josy dvaldist lengi í Kairó og lærði magadans þar. Að sögn hennar eru munúðarfyllri útgáfur dansins tíðkaðar í Tyrklandi.

Josy byrjaði að kenna Íslendingum magadans árið 2000 og árið 2003 fór hún með leikkonunni vinsælu Helgu Braga um landið og þær kenndu víðs vegar þessa heillandi, austurlensku fótamennt. Í dag er magadans orðinn að vinsælli íþrótt og listgrein. Kennir Josy konum á öllum aldri magadans, alveg frá fjögurra ára stúlkum upp í aldraðar konur.

Magadans og nudd eru góð blanda

Josy hefur nú opnað nýtt og glæsilegt magadansstúdíó og nuddstofu að Ármúla 40. Nuddararnir á stofunni eru frá ýmsum löndum, Tailandi, Brasilíu, Kúbu, Venesúela og einn frá Íslandi. 80% viðskiptavina nuddstofunnar eru karlmenn en vefsíða nuddstofunnar er www.costa-verde.is.

Að sögn Josy finnst mörgum konum frábært að sameina nuddtíma og magadansstíma og þær fara endurnærðar í burtu. Einnig er staðurinn frábær vettvangur fyrir gæsa- og steggjapartí þar sem þokkafullur dansinn setur sinn blæ á stemninguna.

„Á meðan meirihluti þeirra sem koma hingað í nudd eru karlmenn eru nær allir nemendurnir í magadansi konur. Í hreinskilni sagt þá er magadans fyrir konur. Hann er hins vegar fyrir konur á öllum aldri, af öllum húðlit og af öllum stærðum," segir Josy og að hennar sögn er það mikill misskilningur að magadans sé bara fyrir grannar konur með sléttan maga, hann hentar öllum konum.

Josy fræðir okkur einnig um að magadans sé afar hollur og heppilegur fyrir ófrískar konur til að örva samdráttarhreyfingar. Einnig er hann mjög góð hreyfing fyrir konur eftir barnsburð til að endurheimta þrótt í líkamann.

Auk magadansins kennir Josy einnig jóga, burlesque-dans, zumba, Brazil Dance Fit og Hawaiian-dans frá Tahítí.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni magadans.is og í síma 7742345.



Menning



„Svona batterí eins og Universal sem er með 7.000 starfsmenn, það er ekki nema fyrir risa að fara í mál við þá.“

Á blaðamannafundi í vikunni Jóhann Helgason kynnti nýja enska útgáfu af lagi sínu „Söknuður“, en hann leitar nú að fjárfestum til þess að taka þátt í málshöfðun á hendur útgáfurisnum Universal. Hann sakar norska lagahöfundinn Rolf Løvland um að hafa stolið lagiinu þegar hann samdi „You raise me up“ sem varð heimsfrægt í flutningi Josh Groban.



Þar sem hægist á tímanum

12 tónar hafa verið í miðri hringiðu íslensks tónlistarlífs á ótrúlegum umbrotatímum, Láraus Jóhannesson rifjar upp 20 ára ferð

Kristján Guðjónsson
kristjan@div.is



Við höfum verið svo heppnir að vera í hringiðunni á þessum ótrúlegu árum sem hafa gjörbreytt íslensku tónlistarlífi,“ segir Láraus Jóhannesson, annar eigenda plötubúðarinnar og útgáfunnar 12 tóna, sem fagnar 20 ára afmæli nú í apríl.

12 tónar er ekki bara ein elsta stofnunin í plötubúðaflóru Reykjavíkur heldur hefur hún fyrir löngu fest sig í sessi sem mikilvæg menningarmiðstöð – tónleikastaður og félagsheimili íslensku tónlistarsenunnar. Afslöppuð stemning og sérstök blanda klassískrar, raf- og jadarrokkónlistar hefur tryggt búðinni einarða aðdáendur og komið henni á ófáa lista yfir bestu plötubúðir veraldar.

Undir merkjum 12 tóna hafa svo komið út hátt í hundrað plötur og margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar hafa stigið sín fyrstu skref hjá útgáfunni sem hefur tekið virkan þátt í einu gróskumesta tímabili íslenskrar tónlistarsögu.

Brjóta múra í tónlistinni

„Við kynntumst í skákinni þegar við vorum börn. Við vorum báðir nokkuð sterkir skákmenn,

ferðuðumst mikið saman á mót erlendis, kenndum skák og svo framvegis,“ segir Láraus Jóhannesson um vinskap þeirra Jóhannesar Ágústssonar, meðeiganda hans.

Það var þó ekki bara skákin sem hélt þeim saman heldur áttu þeir sameiginlegt áhugamál í tónlistinni, og kannski, eins og margir tónlistarunnendur, draum um að stofna sína eigin plötubúð. „Við höfðum lengi talað um að gera eitthvað saman og á þessum tíma var ég á ákveðnum krossgötum. Jóhannes hafði verið verslunarstjóri í Japis og ég hafði lengi verið stór kúnni þar,“ segir Láraus og hlær. Í apríl 1998 opnuðu þeir 12 tóna í litlu leiguhúsnæði við Grettisgötu – „fyrst og fremst sérverslun með klassíska tónlist,“ eins og það var orðað í tilkynningu í DV.

Á þessum tíma var landslagið á plötubúðamarkaðnum allt annað en í dag, þar voru tveir risar, plötubúðakeðjan Skífan og Japis – sem einnig rak stórar verslanir – en Hljómalind og nokkrar smærri plötubúðir sinnu það.

„Við höfðum alltaf haft áhuga á öllum tegundum tónlistar og sáum tækifæri í því að koma með svolítið af nýrri tónlist á markaðinn – tónlist sem hafði ekki verið aðgengileg á Íslandi áður. Við vorum að flytja inn mikið af klassískri

tónlist, en líka reggí, döbb og raftónlist. Þetta var blanda sem hafði ekki sést áður,“ segir Láraus.

„Það var líklega þessi blanda ásamt nýjum straumum sem voru að koma fram sem varð til þess að unga kynslóðin gerði búðina strax að sinni. Krakkarnir í Múm og fólkíð í kringum þá voru mjög fljótlega farin að mæta á hverjum einasta degi, bara sitja uppi í sófa í búðinni og hlusta á tónlist. Líka þau sem héldu úti tilraunaeldhúsinu, Kitchen Motors: Jóhann Jóhannesson heitinn, Kristín Björk og Hilmar Örn.“

Það er svolítið eins og búðin hafi kristallað hugmyndafræði þessarar kynslóðar tónlistarfólks, sem hefur æ síðan verið að blanda saman ólíkum stefnum – klassík og raftónlist, poppi og tilraunatónlist – og oft fundið sér stað á mörkum þeirra.

„Já. Eitt af því sem hefur verið gegnumgangandi hjá okkur í gegnum tíðina hefur verið að brjóta niður múra milli tónlistarstefna – og eflaust höfum við átt okkar þátt í þessu. Við náðum að skynja tíðarandann að þessu leyti.“

Besta plötubúð í heimi?

Þó að plötubúðir snúist fyrst og fremst um tónlistina skiptir andrúmsloftið ekki síður máli – og það

er eitthvað sem 12 tónar hafa alltaf lagt áherslu á. Árið 2001 var búðin flutt í tveggja hæða bárujárns-hús við Skólavörðustíg 15 og hefur verið þar allar götur síðan. Fyrir utan tónlistarúrvalið hefur búðin einstakan sjarma, þar er hægt að sitja í gömlum ömmulegum sófum, drekka ókeypis sérmálað espressókaffi, hlusta á tónlist í ferðageislaspilurum búðarinnar, fletta í gegnum hrúgur af tónlistartímaritum og í kjallaranum eru himinháir staflar af diskum og plötum sem hægt er að grúska í.

„Frá upphafi lögðum við áherslu á það að setja búðina upp út frá sjónarhorni neytandans.“

Þegar þú kemur inn í plötubúðina er eins og það hægist aðeins á tímanum, þú getur sest niður og fengið þér sérmálað kaffi frítt, getur hlustað á allt sem er í búðinni – ef það er ennþá í plastinu er það bara tekið upp.

Þetta virkaði strax mjög vel. Sölumennskan var með öðrum hætti en gekk og gerðist,“ segir Láraus, en erlendir ferðamenn eru oft gapandi yfir þessum móttökum. Verslunin hefur þannig skapað sér alþjóðlegt orðspor og orðið að nauðsynlegum áfangastað tónlistarpílagríma sem heimsækja landið: „Er þetta besta plötubúð í heimi?“ spurði blaðamaður

Þegar þú kemur inn í plötubúðina er eins og það hægist aðeins á tímanum, þú getur sest niður og fengið þér sérmálað kaffi frítt, getur hlustað á allt sem er í búðinni – ef það er ennþá í plastinu er það bara tekið upp.

Gramophone í grein sinni um verslunina. „Ein af 27 plötubúðum sem þú þarft að heimsækja áður en þú deyrð,“ hélt vefsíðan Buzzfeed fram.

Ef annar hvor eigendanna, Lalli eða Jói, situr ekki bak við búðarborðið er það Einar „Sonic“ Kristjánsson, sem hefur unnið í 12 tónum alveg frá því að búðin var flutt á Skólavörðustíginn – sem sagt, reynslumiklir menn sem geta ráðlagt fólk og mælt með tónlist sem

Vinsælustu bækurnar
Víkuna 28. mars til 3. apríl.

- 1 Í nafni sannleikans - Viveca Sten
- 2 Þorsti - Jó Nesbø
- 3 Runes The Icelandic book of Furþark
- 4 Dagar höfnunar - Elena Ferranet
- 5 Iceland Exposed - Páll Stefánsson
- 6 Mið-Austurlönd - Magnús Þorkell Bernharðsson
- 7 Það sem að baki býr - Merete Pryds Helle
- 8 Stóra bókin um Hvolpasveitina - Mary Tillworth
- 9 Iceland in a Bag
- 10 Um harðstjórn - Timothy Snyder



Vinsælustu plöturnar
Víkuna 25. til 31. mars

- 1 Floni - Floni
- 2 XXXTentacion - 7
- 3 JóiPé & Króli - Gerviglingur
- 4 Herra Hnetusmjör - KÖPBOI
- 5 Rari Boys - Atari
- 6 Sam Smith - The Thrill Of It All
- 7 Ed Sheeran - +
- 8 Kendrick Lamar - Black Panther, The Album
- 9 XXXTentacion - 17
- 10 Post Malone - Stony



Vinsælast í bíó
Helgina 30. mars til 1. apríl

- 1 Víti í Vestmannaeyjum
- 2 Ready Player One
- 3 Peter Rabbit
- 4 Tomb Raider
- 5 Pacific Rim: Uprising
- 6 Hostiles
- 7 Black Panther
- 8 Lói - Þú flýgur aldrei einn
- 9 Death Wish
- 10 Andíð eðlilega



Sumir

Ára sögu plötubúðarinnar

gæti höfðað til þess. „Sumir koma inn og vita alveg hvað þeir vilja, en svo eru aðrir sem eru alveg mótaðir af því sem við höfum bent þeim á. Það er alltaf jafn gaman að sjá andlitid á einhverjum sem er að heyrja eitthvað sem hittir í mark. Á meðan það gleður mann ennþá að sjá það gerast er maður á góðum stað.“

Huggulegheitin í 12 tönum geta reyndar stundum orðið svo mikil að fólk hefur orðið eftir í versluninni eftir lokun. „Einhvern tímann var stórleikur með Manchester United í sjónvarpinu og Jóhannes og Einar voru mættir niður á bar til að passa sæti - það hefur aldrei neinn unnið í fyrirtækinu sem hefur ekki haldið með Manchester United, það væri örugglega mjög erfitt. Á meðan sá ég um að loka búðinni og hljóp svo niður eftir. Einhverju seinna er hringt í mig frá Securitas. Þjófavarnarkerfið hafði byrjað að pípa og þeir mætt á staðinn. Þá var þar erlendur ferðamaður sem var læstur inni. Hann hafði setið niðri í kjallara og gleymst þegar ég dreif mig út til að missa ekki af leiknum.“

Klassík og pönk
Það var planið frá upphafi að hefja einnig útgáfu á tónlist undir merkjum 12 tóna. Og útgáfan fékk

„Þetta er auðvitað fyrst og fremst plötubúð og við ætlum að halda því þannig, þótt það verði sífellt erfiðara.“

fljúgandi start með Krákunni með Eivöru Pálsdóttur árið 2003, en þessi fyrsta plata útgáfunnar sló í gegn og var ein söluhæsta platan á Íslandi þau jólin. Nú fimmtán árum síðar eru útgefni titlar 12 tóna orðnir hátt í hundrad - ef allt er talið. „Allt frá klassískum gítarleik og yfir í pönk,“ segir Lárus.

Búðin og útgáfan hafa alltaf verið mjög samvinnuð og stutt við hvort annað. „Þetta er mjög organískt, hagnaðurinn úr búðinni var settur í útgáfuna. Þannig að því betur sem búðin hefur gengið því meira púður höfum við getað sett í útgáfuna. Þótt við höfum unnið með mörgum af þekktustu listamönnum þjóðarinnar höfum við alltaf lagt mesta áherslu á að gefa út listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref. Sem dæmi um fólk sem hefur gefið út fyrstu plötur sínar hjá okkur eru Mugison, Pétur Ben, Ólöf Arnalds, Ragnheiður Gröndal, Jóhann Jóhannsson, Hildur Guðnadóttir, Víkingur Heiðar Ólafsson og Daníel Bjarnason. Þetta er nöfn sem allir þekkja í dag.“

Er einhver ákveðin plata sem þú ert stoltastur af því að hafa gefið út?

„Það er erfitt að gera upp á milli barnanna sinna og ég held að það sé bara heildin. En þarna eru auðvitað plötur sem eru mjög persónulegar, plötur sem maður hefur unnið með nánum vinum og jafnvel haft úrslitaáhrif um hvort hafi komið út eða ekki.“

Sumar þessara platna munu lifa miklu lengur en við, og er það ekki einhvers virði, að hafa skapað eitthvað sem að mun lifa löngu eftir að þú ert horfinn af þessari jörð? Ég held það.“

Öll tannhjólin skipta máli

Þegar litið er yfir þessa upptalningu á útgefnum listamönnum er augljóst að áhrif 12 tóna á íslenskt tónlistarlíf hafa verið mikil og kannski hefur útgáfan jafnvel átt einhvern þátt í því að klassísk tónlist frá Íslandi hefur verið að ná máli erlendis á undanföllum árum.

„Já, við erum komin með tónskáld sem eru mjög hátt skrifuð í hinum alþjóðlega heimi. Þetta er auðvitað fyrst og fremst þessu frá bærar fólk sjálfu að þakka. En svo eru það margir ólíkir þættir sem hafa spilað saman, frá bærar starf ólíkra aðila í langan tíma. Það er til dæmis frá bærar starf unnið í tónlistarskólunum og án þeirra væri þetta ekki í gangi. Menn þurfa að átta sig á því hvernig svona ævintýri gerast. Verslunin okkar er eitt lítið tannhjul í stóru úrverki. Öll þessi litlu tannhjul skipta máli fyrir heildina. Það er vonlaust að menn séu að taka „kredit“ fyrir þessa velgengni í einhverjum ræðum en gera ekki neitt til að styðja



Hugguleg stemning 12 tónar hafa alla tíð lagt mikið upp úr því að skapa þægilegt andrúmsloft í plötubúðinni.

við úrverkið,“ segir Lárus.

„En eitt af því sem einkennir íslensku tónlistarsenunna er að þetta er lítil heimur, það er náinn vinskapur og samvinna milli fólks úr ólíkum áttum, fólk í klassíkinni vinnur með fólk í rokki og elektróník - á meðan í stærri samfélögum er þetta meira aðskilið. Þessir krakkar sem eru í klassíkinni eru flestir búnir vinna úti um allt. Þetta er kosturinn við smæðina. En hin hliðin á peningnum er að þegar við förum að koma okkur á framfæri erlendis þá höfum við ekki nægilegt bolmagn og þurfum á stærri aðilum að halda. Best væri ef við gætum gert þetta sjálf og þyrftum ekki að láta þessa hluti frá okkur.“

Bensínlausir í Köben

12 tónar, búðin og útgáfan, hefur í hugum margra verið samofin þessari tónlistarútrás Íslendinga á undanföllum tveimur áratugum. Og raunar reyndu eigendur 12 tóna sjálfir að færa út kvíarnar á árunum fyrir hrun, þegar stofnað var útibú verslunarinnar í Kaupmannahöfn.

„Útgáfan var á fullri ferð og við vorum með mikið af ungum íslenskum listamönnum sem við töldum að ættu fullt erindi á alþjóðlegan markað. Á þessum árum eyddum við því öllum okkar peningum í að markaðssetja íslenska tónlistarmenn. Við vorum með stóran samning við þýskt fyrirtæki sem sá um að dreifa plötunum okkar um alla Evrópu, og héldum stóra tónleikaferð til að fylgja þessu eftir. Svo opnuðum við búð á besta stað í Kaupmannahöfn árið 2006. Við vorum með mikinn metnað því við vissum að við værum með gott efni í höndunum. En við reyndumst ekki hafa bolmagn í þetta einir. Þetta var rosalega metnaðarfull tilraun, en eins og gerist svo oft þá urðum við bara bensínlausir. Við höfðum tekið lán til þess að opna búðina og þegar upp var staðið var það þrefalt herra en stóð til í upphafi. Við lokuðum í janúar 2008 - og héldum gott partí,“ segir Lárus.

„Það var miklu erfiðara tilfinningalega að játa ósigur en mig

hafði grunað. En núna lít ég á þennan kafla í sögu fyrirtækisins sem rómantíska tilraun til að sigra heiminn. Og það sem við fengum upp úr krafsinu var masternám í viðskiptum - sem hefur reynst okkur ágætlega.“

Erfiðara að selja bara plötur

Það hefur verið mikið rætt um breytingar á tónlistarsölubransanum undanföllum áratugum. Niðurhal og síðar streymi hefur aukist á kostnað geisladisksins, þó að í einhverjum mæli hafi vinylplatan aftur byrjað að seljast. Hvernig blasa þessar breytingar við þér?

„Þetta hefur breyst mjög hratt og mikið og mörg vandamál sem fylgja því. Til dæmis eru Íslendingar að streyma tónlist fyrir um þúsund milljónir á ári. Allur þessi peningur fer hins vegar úr landi - svo koma kannski hundrad og fimmtíu milljónir hægt og rólega til baka. Fólk er því að neyta tónlistarinnar á Íslandi en senda peningana út í heim, við erum að flytja út hundruð milljóna króna. Áður fyrir hrískaðist stærstur hluti þessara peninga í gegnum kerfið hérna. Þetta hefur til dæmis gert það að verkum að við höfum ekki lengur bolmagn til að taka peninga úr búðinni og setja í útgáfuna - og ég veit hreinlega ekki hvort nokkur setur peninga í grasrótna í dag. Þetta er mjög alvarlegt mál sem menn hafa svolítið forðast að ræða.“

Við höfum hins vegar verið heppnir að fá erlenda ferðamenn á móti - og það má segja að þeir hafi haldið búðinni uppi í nokkuð mörg ár. Ferðamennirnir eru virkilega að styðja við bakið á íslensku tónlist - og búðin virkar oft eins og hálfgerð kynningarskrifstofa fyrir íslenska tónlist.“

En fer þetta þá ekki að hafa áhrif á hvernig búðin er rekin, vörurvalið miðað að erlendum ferðamönnum frekar en íslenskum tónlistarunnum?

„Við höfum reyndar alltaf lagt mikla áherslu á að hafa allt íslenskt efni fáanlegt í búðinni - oft þurfum við að leggja ýmislegt á

Reynsluboltar Lárus og Jóhannes hafa rekið 12 tóna frá árinu 1998 og Einar hefur setið á bak við búðarborðið frá árinu 2001.


okkur til að elta allt þetta efni uppi, alls konar fólk er að gefa út plötur en áttar sig ekki á að það þarf að dreifa þeim líka. En jú, við erum með ýmsar vörur sem okkur finnst að geti verið skemmtilegar fyrir ferðamenn. Við framleiðum okkar eigin póstkort, boli og poka og seljum Hugleiksþækurnar, sultur, krydd og te og annað sem okkur finnst vera framúrskarandi íslensk framleiðsla. Við gerum það sem þarf.“

Þetta er auðvitað fyrst og fremst plötubúð og við ætlum að halda því þannig, þótt það verði sífellt erfiðara.“

Lárus segist ekki taka það inn á sig að einhverjir gagnrýni þennan lífróður plötubúðanna, enda sé það oftast en ekki fólk sem eyði mun meiri peningum í streymi en plötur - og þeir sem hafi ekki keypt plötur í mörg ár hafi ekki atkvæðisrétt í þessari umræðu. Og þrátt fyrir bólsýnisspar virðist plötubúðin lifa ágætis lífi í Reykjavík um þessar mundir.

„Við erum með fimm plötubúðir í miðborginni - hverja með sína sérstöðu - og miðað við stærð borgarinnar er það bara mjög gott. En ég held að allar þessar búðir gangi fyrst og fremst vegna þess að þeir sem reka þær brenna fyrir tónlistina - þeir harka þetta af sér og gefast ekki upp. Og þessar búðir mega ekki deyja út. 12 tónar er til dæmis ekki bara verslun heldur hálfgerð menningarstofnun. Við erum með tónleika, sýningar, fólk heldur fundi og hittist hérna. Þetta er því miklu meira en verslun. Ég held að tónlistarlífið yrði miklu fátækara ef við myndum útrýma plötubúðunum.“ ■

VEISTU SVARIÐ?




Lárétt

- 3 Sígild dæmisaga og íslenskur rapp-dúett (5,5)
- 7 Stærsta pláneta sólkerfis okkar (7)
- 11 Hann nær frá Dandong til Lop Lake (10)
- 12 Einhentur guð úr norrænni goðafræði (3)
- 13 Hún söng á þýsku um 99 blöðrur (4)
- 14 Þjóðarblóm Íslands (10)
- 18 Eina íslenska karlmansnafnið með þremur i-um (7)
- 20 Pessi Ivan heimsótti Ísland árið 1980 og hélt tónleika um allt land (7)
- 22 Hörkutól sem brýtur niður mat (8)
- 23 Dönsk verslunargata (7)
- 24 Þessi skemmtistaður brann en fólkíð fann sér annan samastað (8)
- 25 Hann gaf út plötuna Confessions árið 2004 og yfir 20 milljónir manna hafa keypt hana (5)
- 28 Grískur guð og landabréfabók (5)
- 29 Björttegund sem var auglýst á treyju Liverpool (9)
- 31 Annað orð yfir hnakk (6)
- 32 Fylki í BNA og kekkökutegund (8)
- 33 Hryggleysingi og aðalsöguhetja Gauragangs (5)

Lóðrétt

- 1 Stærsta eyja Danmerkur (7)
- 2 Frumefni sem er oft tengt við lýsingu og skiltagerð (4)
- 4 Hugtak yfir tækni-framfarir síðustu ára og þeirra sem eru í vændum (6,12)
- 5 Tökustaður og sögusvið kvikmyndarinnar Brúðguminn (6)
- 6 Pastategund (8)
- 8 Íþrótt þar sem þeir bestu fá afhentan Stanleybikarinn (13)
- 9 Gary Oldman lék hann og fékk Óskar fyrir vikið (9)
- 10 Teiknimyndasníggill sem átti Alla álf sem vin (6)
- 15 Hljóðfæri og tveir flatfiskar (5)
- 16 Hæsta fjall Alpanna (4,5)
- 17 Hún ku hafa strandað á fjallinu Ararat í Tyrklandi (5,4,3)
- 19 Fyrsti dagur Góu (9)
- 21 Íslensk hljómsveit sem gæti verið útvarpsstöð á Norður-Írlandi (2,7)
- 22 Skordýr og iðnaðarmaður (10)
- 26 Hún er 1836 sinnum þyngrri en ein rafeind (7)
- 27 Ómar Ragnarsson ferðaðist um byggðir landsins í þessum geysivinsæla sjónvarpsþætti (7)
- 30 Ástarguð (4)

Lausnarorð:



Myndagáta

Spurt er um íslenska kvikmynd



VINNINGAR



■ Tveir miðar í Sambíóinn



Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



Magnaðar óbirtar myndir frá eldgosinu í Vestmannaeyjum

► Fékk bakteríuna frá afa ► Hætti að mynda eftir gos ► Keypti gamla filmuvél í Góða hirðinum

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Daníel Guðmundsson var áhugaljósmyndari og vörubílstjóri í Vestmannaeyjum þar sem hann bjó með konu sinni, Mörtu Hjartadóttur, fram að gosi 1973. Hjónin fluttu, eins og svo margir Eyjamenn, til Þorlákshafnar eftir gos og voru þar næstu árin. Seinna fluttu þau til Reykjavíkur. Daníel féll frá þann 17. júlí 1996 en Marta er enn á lífi.

Barnabarn þeirra hjóna, Óðinn Yngvason, smitaðist af bakteríunni og hefur vakið athygli fyrir sína myndasmíð. Þá hefur Óðinn verið að framkalla og birta myndir afa síns á samfélagsmiðlum við góðar undirtektir.

„Hann var iðinn með myndavélina á ferðum sínum með fjölskyldunni, en eftir gos þá held ég að hann bara hætti að mynda, eða gerði afar lítið af því,“ segir Óðinn. „Hann þekkti fólk úti um allar trissur eins og sagt er, og man ég sem krakki þegar ég var með honum í litla Land Cruiser-jeppanum á þeysingi út um allar sveitir. Lengi vel þá átti hann lítinn kindakofa og sumarhús rétt utan við Þorlákshöfn.“


Daníel keyrði daglega til og frá Reykjavík til Þorlákshafnar að heilsa upp á skepnurnar.

„Ég gæti trúað að ég hafi svo fengið bakteríuna frá afa, en mamma og faðir minn sálugi voru einnig alltaf dugleg að mynda alls kyns ferðalög. Ég eftir mér sem smáþjakk að stelast í myndavélarnar hjá foreldrum mínum og klára filmurnar, eða smella af flasskubbunum, þeim til lítillar ánægju,“ segir Daníel glettinn, en hann tekur oft myndir á eldri vélar og framkallar sjálfur. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Óðinn kemur fram í fjölmiðlum.

„Eitt sinn keypti ég gamla Kodak Brownie Six-20 myndavél í Góða hirðinum, og er ég kom heim þá sá ég að í vélinni var full átekin filma,“ segir Óðinn. Hann



framkallaði filmuna, deildi myndunum á Facebook og auglýsti eftir fólkinu og komst í kjölfarið í samband við ættingja. Óðinn gaf DV góðfúslegt leyfi til að birta myndir Daníels, afa hans frá eldgosinu í Vestmannaeyjum árið 1973.



Mýtur um næringu sem þú ættir alls ekki að trúá

Á hverjum degi dynja á okkur ýmsar misgáfulegar fullyrðingar um hreyfingu, mataræði, næringu og þyngdartap. Ljóst er að margar þessara fullyrðinga eiga rétt á sér á meðan aðra eru hrein og klár þvæla. Vefritið Business Insider leitaði til nokkurra næringarfræðinga um algengar mýtur varðandi næringu sem fólk ætti alls ekki að trúá.




1. Kolvetni eru óvinur númer eitt

Þessu er stundum haldið fram en rétt skal vera rétt. Kolvetnasnaut mataræði getur vissulega hjálpað þér að léttast hraðar en ella og þeir sem til dæmis þjást af sykursýki þurfa að takmarka neyslu á vissum kolvetnum; fæða með lágan sykurstuðul getur lækkað hættuna á sykursýki af tegund 2 og bætt sykurstjórnun hjá þeim sem þjást af sykursýki.

Almennt eru kolvetni talin mikilvægur orkugjafi. „Ein stærsta mýtan hvað varðar næringu í dag er að kolvetni séu óvinur og þar af leiðandi eigi að forðast þau,“ segir næringarfræðingurinn Lauren Artise. Hún segir að neyslu kolvetna megi líkja við að setja bensín á bílinn. Af sömu ástæðu og þú vilt ekki að bíllinn verði bensínlaus viltu ekki ganga um of á kolvetnabirgðir líkamans.

Lauren bendir á að til séu mismunandi kolvetni. Hún mælir með því að fólk neyti flókinna kolvetna; korns og trefja til dæmis en haldi sig frekar frá einföldum kolvetnum; til dæmis matvælum sem innihalda viðbættan sykur.



4. Sykurlausar vörur stuðla að þyngdartapi

„Ég er að hugsa um að fá mér Pepsi Max eða Coke Zero því það inniheldur ekki sykur eins og venjulegt Pepsi eða kók.“

Það hafa eflaust margir hugsað þetta þegar þeir eru úti í búð og um leið að hugsa um línurnar.

Staðreyndin er sú að svokallaðar „Diet“-vörur eða sykurlausar vörur hafa þveröfug áhrif en stundum er haldið fram. Þessar vörur innihalda vissulega ekki sykur, eða mjög lítinn sykur, en þær innihalda þó ýmis efni sem eru ekki endilega mjög góð fyrir líkamann, sætuefni þar á meðal. Rannsóknir hafa gefið til kynna að sætuefni ýti undir þyngdaraukningu, segir næringarfræðingurinn Heather Wolf. Hún bendir á að einn sopi af diet-drykk komi af stað atburðarás í líkamanum sem er ekki mjög heppileg. Til dæmis kemur ójafnvægi á blóðsykurinn og sykurlöngunin verður meiri en ella. Þetta geti, þvert á það sem margir halda, ýtt undir þyngdaraukningu.



2. Það er betra að léttast hratt

Fólk hefur tilhneigingu til að hrósa þeim sem léttast mjög hratt. Hver myndi ekki vilja fá líkama eins og undirfatafyrirsæta á einni viku? Sannleikurinn er sá að þyngdartap á mjög skömmum tíma er eins og að pissa í skóinn sinn. „Ef ákveðið mataræði, fæðutegund eða loforð tiskufyrirbæris um mjög hratt þyngdartap hljómar of gott til að vera satt þá er raunveruleikinn yfirleitt sá,“ segir Artise. Hún bætir við að jafnvel þótt við náum markmiðinu lærum við aldrei að nota þær aðferðir sem þurfi til að viðhalda þyngdartapinu. Þess vegna föllum við oft aftur í sama farið. Næringarfræðingurinn Aubrey Uhling tekur undir þetta. „Það er mikilvægt að muna að þú þyngist ekki á einni nóttu.“ Hvetur hún fólk til að sýna þolinmæði og minnka ekki neyslu hitaeininga um of. Fínt viðmið sé að léttast um hálf til eitt kíló á viku.



3. Kúamjók er ekki fyrir fólk

Sumir neytendur eru farnir að forðast mjólkurvörur, til dæmis mjólkina sem á að vera svo góð fyrir bein, eins og hvítan sykur eða unnar kjötvörur. Rökin eru oft á þá leið að við séum með mjólkuróþol eða að líkami okkar hafi ekki verið gerður fyrir neyslu á kúamjólk. Ef þú ert ekki með raunverulegt fæduofnæmi eða fæduóþol er engin ástæða til að forðast neyslu á mjólk.

Næringarfræðingurinn Anne Danahy segir að fólk sé vissulega í sjálfsvald sett hvort það neyti mjólkur – staðreyndin sé sú að fólk þurfi ekkert endilega á henni að halda. Hún bendir á að mjólkinn sé samt næringarrík og neysla margra mjólkurafurða, jógúrtar sem dæmi, hafi heilsufarslegan ávinning í för með sér. En getum við ekki alveg eins notað mjólk úr plönturíkinu? Soja-, hrísgrjóna- eða möndlumjólk? Anne segir að plöntumjólkinn sé í eðli sínu ágæt en hún komi þó ekki í stað kúamjólkur sem inniheldur hágæðaprótín, náttúrulegt kalk og mörg vítamín og steinefni.



5. Morgunmat er mikilvægasta máltíð dagsins

Fyrir suma jaðrar það við guðlast að borða ekki morgunmat. Á undanförunum árum hafa okkur þó borist misvísandi upplýsingar um mikilvægi þess að borða morgunmat og sitt sýnist hverjum í þeim efnun.

Sumir telja sig þurfa að borða morgunmat; þeir vakna sársvangir á meðan aðrir hafa hreint enga lyst fyrr en í hádeginu í fyrsta lagi. Næringarfræðingurinn Maya Nahra segir að fólk eigi ekki að elta neina tiskustrauma í þessum efnun. Þeir sem telji sig þurfa að borða morgunmat eigi að gera það en hinir geti sleppt því. „Borðu þegar þú ert svangur og hættu þegar þú ert saddur,“ segir hún og bendir á að morgunmaturinn sé ekkert mikilvægari en aðrar máltíðir. „Við fáum ýmsar upplýsingar um það hvenær við eigum að borða og hvenær við eigum ekki að borða. Það er enginn betur til þess fallinn en þú til að meta hvenær þú þarft að borða og hvenær ekki.“

Góð þjónusta yfir 90 ár

**10%
afsláttur**
fyrir 67 ára
og eldri



TAXI
56 10 000
BSR



“Æ greyið. Varstu að keyra full? Misstirðu prófið? Áttu lítinn pening?”

Í eftirfarandi grein er gerður samanburður á því hversu langan tíma það tekur að koma sér á milli staða í höfuðborginni og hvað það kostar:

Ferðamátar, tími og peningar: Hvað kostar eitt korter?

Margrét H. Gústavsdóttir
Ari Brynjólfsson
margret@dv.is / ari@dv.is



Eftir að vélin í hvítu súkkunni minni bræddi úr sér eftir mjög dygga þjónustu í rúmlega fimm ár ákvað ég að prófa aðrar leiðir til að koma mér á milli staða. Ég vil ekki tala um bíllausan lífsstíl, því ég nota stóran gulan bíl næstum alla daga, – en þess á milli reiðhjól, tvo jafnfljóta eða aðra bíla.

Merkilegt nokk hafa margir Íslendingar (ég segi margir því ég vil ekki alháfa) mjög skrítíð viðhorf til þeirra sem kjósa að eiga ekki bíl. Það liggur við að það sé einhver svona aumingjastimpill á þeim sem kjósa að nota strætó. „Æ greyið. Varstu að keyra full? Misstirðu prófið? Áttu lítinn pening?“ er gjarna viðkvæði þeirra forðomafullu.

Þessi viðhorf til þeirra sem velja almenningsgöngur fram yfir það að eiga og reka einkabíl tíðkast ekki í öðrum borgum Evrópu, að mér vitandi. Í Kaupmannahöfn er það til dæmis undantekning fremur en regla að pör eða einstaklingar reki eigin bíl. Það er bæði dýrt og fyrirhafnarmikið og svo er líka afar einfalt að láta sig rúlla milli staða á reiðhjólum eða stökkva upp í næsta strætó. Ég bjó þar sjálf í rúm fjögur ár og keypti ekki bíl fyrir en ég flutti aftur til Reykjavíkur.

SLEPP VIÐ ÚTGJÖLD OG STREITU EN FÓRNA SIRKA KORTERI

En aftur að reynslusögunni. Eftir að hafa brunað um á einkabílum í mörg ár þótti mér kominn tími á nýjar aðferðir. Það er strætóskýli í einnar mínútu fjarlægð frá heimili mínu og þaðan tekur 14 mínútur að komast á Hlemm sem er, eins og allir vita, orðinn frábær viðkomustaður. Svo má líka fara með hjólið í strætó. Hví skyldi ég ekki láta á þetta reyna?

Fyrsta skrefið var að kaupa mánaðarkort í gegnum appið í snjallsímanum en slíkt kostar 12.300 krónur fyrir stakan mánuð

(ein ferð kostar 460 kr.). Á meðan ég borða hafragrautinn og bíð eftir vagninum get ég samtímis fylgst með því hvar strætóinn minn er staddur í borginni og stokkið svo út þegar ég sé hann nálgast biðskýlið mitt. Nútíma tækni! Þvílík undur! Að komast til og frá vinnustaðnum á Suðurlandsbraut tekur svo um það bil hálf tíma og á meðan mála ég mig, les fréttir, sendi tölvupóst ... nú eða spila Tetris.

Það kom mér mjög ánægjulega á óvart hvað mér þótti afslappandi að sitja bara og stússast eitthvað í símanum mínum eða horfa út um gluggann á leiðinni. Kannski má líkja tilfinningunni við að losna allt í einu við ósýnilegan, þungan bakpoka sem maður er búinn að bera í nokkur ár, án þess hafa tekið eftir honum? Það er nefnilega lúmskt stressandi að setjast inn í kaldan bíl, berjast í gegnum umferðina, fram og til baka á hverjum degi, leita að bílastæði, borga fyrir það, taka bensín, kaupa rúðupiss, þrifa bílinn, láta smyrja, skipta um dekk, finna geymslupláss fyrir sumardekkinn og svo framvegis. Og þegar allt kemur til alls þá er þetta stúss ekki bara stressandi og kostnaðarsamt, – heldur líka tímafrek viðbót í annarsama tilveru nútímakonunnar.

VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA – FRÁ SMÁRALIND

Til að fá úr því skorið hversu hagkvæmt það er að eiga og reka eigin bíl í Reykjavík fórum við Ari Brynjólfsson blaðamaður, á stúfana. Við bárum meðal annars saman hvað það tekur langan tíma að koma sér á milli staða með strætó, bíl og/eda reiðhjólum og líka hvað það kostar.

Við byrjuðum á að gefa okkur þær forsendur að Smáralindin væri miðja höfuðborgarsvæðisins. Svo drögum við beina línu frá Smáralind í fjórar áttir. Áfangastaðirnir sem við völdum voru Egilshöll (10,8 km.), Lækjartorg (10,1 km.), Kórinn í Kópavogi (4,5 km.) og Fjarðarkaup í Hafnarfirði (4,7.).

Óhætt er að segja að niðurstöðurnar hafi komið mjög á óvart. Ef

Ferðatími	Fólksbíl	Hjól	Strætó
Frá - Smáralind			
Fjarðarkaup	8 mín.	15 mín.	30 mín.
Lækjartorg	14 mín.	33 mín.	29 mín.
Kórinn	8 mín.	16 mín.	12 mín.
Egilshöll	14 mín.	33 mín.	33 mín.

“Ef strætóleiðirnar milli skóla og tómstunda eru þægilegar ættu foreldrar hiklaust að kynna sér hvort strætó gæti ekki komið í staðinn fyrir að sækja og skutla enda oft mikill tími sem fer í það.

umferðarþunginn er venjulegur þá ertu bara korteri fyrir á staðinn með bíl meðan hjólaferðin og strætóferðin taka álíka langan tíma. Það er að segja; ef ferðin tekur 15 mínútur með fólksbíl þá máttu reikna með að sama ferð taki um það bil 30 mínútur með strætó eða reiðhjólum! Og kostnaðurinn? Jú ... ef tekið er mið af upplýsingum á vef FÍB, Félags íslenskra bifreiðaeigenda, þá kostar það um 1,5 milljónir að eiga og reka miðlungs stóran fólksbíl (1.250 kg.) á ári meðan dýrasta árskorttið hjá Strætó kostar 72.000.

BEIÐ EFTIR STRÆTÓ

Flestar strætisvagnaleiðir ganga oftar þegar flestir halda til skóla eða vinnu, eða milli klukkan 7.00 og 9.00 á morgnana og svo aftur milli 15.00 og 17.00. Þá fara vagnar á 15 mínútna fresti og svo á 30 mínútna fresti þess á milli. Leið 1



(Hafnarfjörður - Hlemmur) og leið 6 (Spöng í Grafarvogi - Hlemmur) ganga aftur á móti á 10 mínútna fresti á háannatímum og síðan á 15 mínútna fresti á öðrum tímum.

Að meðaltali eru 122 strætisvagnar á ferðinni um höfuðborgarsvæðið yfir daginn en þeir fara eftir ýmsum leiðum sem stöðugt er unnið að því að bæta. Flestir nota vagnana til að komast til og frá vinnu og skóla en erlendum ferðamönnum sem nota strætó fjölgar líka jafnt og þétt. Á síðasta ári voru 16 prósent notenda erlendir ferðamenn.

HVAÐ MEÐ AÐ HÆTTA AÐ SÆKJA OG SKUTLA?

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi hjá Strætó, bendir á að strætó sé líka frábær valkostur fyrir upptekið fjölskyldufólk.

„Krakkakortin kosta til dæmis ekki nema 8.600 fyrir heilt ár og ungmennakortin eru á 21.700

krónur. Ef strætóleiðirnar milli skóla og tómstunda eru þægilegar ættu foreldrar hiklaust að kynna sér hvort strætó gæti ekki komið í staðinn fyrir að sækja og skutla enda oft mikill tími sem fer í það,“ segir hann og bendir á vef Strætó.is eða appið vilji fólk kynna sér frekari verð og valkosti.

„Einn þeirra er til dæmis samgöngustyrkurinn svokallaði sem fyrirtæki geta boðið þeim starfsmönnum sem nota strætó í staðinn fyrir einkabíl. Samgöngustyrkurinn, sem er hámark 7.500 skattfrjálsar krónur á mánuði, er mögulegur þegar fyrirtæki og launamenn gera skriflegt samkomulag um nýtingu vistvænna samganga til og frá vinnu. Fyrirtæki geta einnig gert samning við Strætó um Samgöngukort sem veitir starfsfólki árskort í Strætó á verði níu mánaða korts, 63.900 krónur. Ef starfsmaður kaupir Samgöngukort og fær einnig samgöngustyrk frá sínum



“Bæði Iceland og Nettó bjóða upp á heimsendingu í gegnum www.aha.is en sendingin kostar 1.490 krónur innan höfuðborgarsvæðisins.

vinnuveitanda upp á 7.500 geta sparast talsverðar fjárhæðir yfir árið,“ útskýrir Guðmundur en gera má ráð fyrir að um 1.500 krónur verði þá afgangur af styrknum í hverjum mánuði, eða 18.000 á ári. Það er vel hægt að kaupa flugmiða fyrir þá peninga. Nú eða nýjan lúxus reiðhjólaljálms?

(Vextirnir af greiðsludreifingunni lækka alltaf með hverjum mánuðinum, en það er fínt að áætla að kostnaðurinn sé um 6.000 krónur á mánuði í greiðsludreifingu).

HVAÐ MEÐ AÐRA VALKOSTI?

Fyrir fólk sem getur ekki hugsað sér að setjast upp í strætisvagn er hægt að velja margar um aðrar leiðir til að komast á milli staða, fyrir utan hið augljósa, – að ganga.

Reiðhjól: Reiðhjól fást bæði notuð og ný á breiðu verðbili en meðalverð fyrir nýtt götu-reiðhjól er í kringum 80.000 krónur á meðan nýtt rafmagnshjól kostar í kringum 400.000 krónur. Viðhaldskostnaður á götuhjólum fer yfirleitt ekki yfir 5.000 krónur á ári.

Leigubíll: Gömlu góðu leigubíllarnir eru svo að sjálfsgöðu augljós valkostur í hvers konar skutl. Meðal biðtími eftir leigubíl er 3 til 10 mínútur og verðið fer eftir því hvert ferðinni er heitið og hvort farið er um kvöld og helgar eða á virkum degi. Færri vita að hægt er að taka leigubíl í klukkutíma í senn í hvers konar snatt og kostar þá fjögurra manna bíll 9.000 krónur.

Bílaleigubíll: Flestar bílaleigur landsins bjóða upp á hagstætt verð á langtímaleigu (mánuð eða lengur), – þá sérstaklega yfir veturinn þegar minna er um erlenda ferðamenn. Inni í verðinu eru allar tryggingar, viðhaldskostnaður og þess háttar en sjálfsábyrgðin er yfirleitt í kringum 100.000 krónur.

Rekstrarleiga: Þá er einnig hægt að fá bíla á rekstrarleigu hjá flestum bílaumboðunum en leigutímabilið er oftast einn, þrjú, sex, níu eða tólf mánuðir og verður í sumum tilfellum ódýrara eftir því sem bíllinn er tekinn lengur á leigu. Tryggingar og viðhaldskostnaður er á ábyrgð rekstrarleigunnar.

Zip Car: Leigðu bíl í klukkutíma

Í september hóf fyrirtækið Zip Car starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu en Zip Car er eins konar klúbbur í kringum bíla sem leigðir eru í nokkra klukkutíma í senn,

oftast einn til tvo en hámark sól-arhring. Zip Car-bílum er lagt á nokkrum stöðum í miðborginni og bíl skal skilað á sama stað og hann var upphaflega sóttur.

Vilji fólk prófa þetta fyrirkomulag er fyrsta skrefið að sækja um aðild í gegnum heimasíðuna eða appið hjá Zip Car og borga svo meðlimagjald á bilinu 500–2.500 krónur á mánuði, allt eftir því hve langur skuldbindingartími er valinn og hversu lengi og mikið fólk telur sig þurfa að nota bílana. Hámarks notkun er þó alltaf sólarhringur í senn en algengast er að fólk noti bílana um það bil þrisvar sinnum í mánuði í tvo klukkutíma í senn en við það er miðað í töflunni hér að neðan.

Algengast er að fólk velji leið sem kallast Zip Car Smart en þá fæst ókeypis klukkutími í hverjum mánuði gegn meðlimagjaldi upp á 1.500 krónur. Með þessu má segja að meðlimagjaldið núllist út þar sem leiga fyrir meðalstóran bíl á klukkutíma er einmitt 1.500 krónur. Ef miðað er við ofangreinda notkun, tvo tíma í senn, þrisvar í mánuði, má reikna með að útgjöldin séu í kringum 9.000 krónur mánaðarlega. Bensínverð er innifalið og hámarks akstur á klukkutíma er 55 kílómetrar. Ef óhapp skyldi eiga sér stað er sjálfsábyrgðin 100.000 krónur, svipuð og hjá flestum rekstar- og bílaleigum.

SKUTLARARNIR Á FACEBOOK: ÖLÖGLEGA LEIÐIN

Töluvert hefur verið fjallað um skutlaragrúppuna á Facebook í fjölmöldum. Þó flestir nýti sér „harkið“, eins og það hefur löngum verið kallað, á kvöldin og um helgar er fjöldi fólks á rúntinum yfir daginn líka.

Blaðamaður DV prófaði að þiggja far hjá einum skutlaranum í vikunni en þar sem ómöglegt reyndist að fá hana til að tjá sig undir nafni skulum við kalla hana Ölmu. Alma flautaði fyrir utan hjá honum rétt rúmlega 9 um morguninn og umsamið verð í einkaskilaboðum var 1.000 krónur.

„Við maðurinn minn búum rétt fyrir utan borgina. Ég byrja daginn á að keyra hann í vinnuna snemma á morgnana, sinni svo erindum og skutlast á meðan hann er í vinnunni. Svo sækji ég hann og við rúllum aftur heim,“ útskýrir Alma sem er búin að kynna þessari jaðarmenningu nokkuð vel.

Til dæmis segir hún að mesta fjörið fari fram á nóttunni um helgar, þegar bíleigendur eru ekki í ástandi til að keyra eigin bíla. Svo vilji konur helst þiggja far með öðrum konum og að það kosti alltaf minnst þúsund krónur aukalega að fara í Mosfellsbæ því þangað vilji enginn fara (hennar orð, ekki blaðamanns). Hún segir verðið misjafnt hjá skutlurum, sumir rukkji mikið, því skutlið sé hreinlega atvinnan þeirra, meðan aðrir noti skutlið til að niðurgreiða bensínkostnað því þeir séu hvort

Í eftirfarandi samantekt er miðað við meðaltölur frá bílaleigum, rekstrarleigum og öðrum valkostum. Tryggingar, rekstrar- og viðhaldskostnaður er innifalinn í verði frá bíla- og rekstrarleigum og bensínkostnaðurinn er innifalinn í Zip Car, Strætó og einkabíl.

Ferðamáti

Ár - Mánuður - Dagur - Vika - Klukkutími

KOSTNAÐUR

Einkabíllinn

- Ár 1.531.584
- Mánuður 109.654



REIÐHJÓL

- Meðalverð - nýtt hjól
 - 79.200 kr
- Meðalverð - rafmagnshjól
 - 400.000 kr
- Rekstrarkostnaður á ári
 - 5.000 kr

- Ár: 72.000
- Mánuður: 6.000
- Dagspassi: 1.700
- Ein ferð: 460

STRÆTÓ

AÐRIR BÍLAR

1. Bílaleiga A

Ford Fiesta - sjálfskiptur skammtímaleiga

- Mánuður 128.000
- Vika 37.600
- Dagur 7.300

2. Bílaleiga B

Ford Fiesta - sjálfskiptur langtímaleiga (m.v. 12 md.)

- Ár 814.800
- Mánuður 67.900

3. ZipCar.is

Klukkustund í senn bensín innifalið

- Ár 18.000
- Mánuður 1.500-9.000
- Klukkutími 1.500

4. Rekstrarleiga

Toyota Corolla - Lykill.is

- Ár 1.180.800
- Mánuður 98.400



“Ef ferðin tekur 15 mínútur með fólkabíl þá máttu reikna með að sama ferð taki um það bil 30 mínútur með strætó eða reiðhjól.



Zip Car-bílum er lagt á nokkrum stöðum í miðborginni og bíl skal skilað á sama stað og hann var upphaflega sóttur.

eð er á rúntinum.

„Sumir selja reyndar landa og eru þar af leiðandi alltaf á rúntinum á nóttunni um helgar,“ segir Alma en réttast er að benda lesendum á að bæði harkið og landasala eru refsvert athæfi svo velji nú hver fyrir sig, – á eigin áhættu og ábyrgð.

MATARINNKAUPIN Á NETINU

Á vefsíðunni (og appinu) aha.is er bæði hægt að kaupa í matinn

og fá heimsenda tilbúna rétti frá ótal veitingastöðum í borginni. Bæði heilsufæðu og skyndibita. Ef þú vilt kaupa í matinn þá bjóða bæði Iceland og Nettó upp á heimsendingu en heimsendingin kostar 1.490 krónur. Vöruverð er það sama og í verslunum og framboðið svipað. Þá hafa margir látið vel af þjónustunni hjá Eldum rétt sem bjóða einnig upp á að hráefni í fyrirfram ákveðnar uppskriftir séu send heim að dyrum. Greinarhöfundar hafa prófað hvoru tveggja og láta vel af. Flestar verslanir á

höfuðborgarsvæðinu, t.d. Ikea, BYKO, Rúmfatalagerinn o.fl. bjóða einnig upp á heimsendingu gegn gjaldi.

Upplýsingar frá skattinum um samgöngustyrki:

<https://www.rsk.is/einstaklingar/tekjur-og-fradrattur/styrkir/>.

Frekari upplýsingar um rekstrarkostnað á einkabíl:

<https://www.fib.is>



Hulda steig fram í tímaritinu MAN í febrúar í fyrra og lýsti því hvernig hún komst að sömu niðurstöðu og systir sín.

Stökkbreyttar ofurkonur

Lítt þekkt ættartengsl

Á dögunum sýndi Stöð 2 heimildamyndina „Þegar vitlaust er gefið“ sem fjallar um íslenskar konur sem greinst hafa með BRCA-stökkbreytinguna sem getur valdið krabbameini.

Ein af þeim konum sem var rætt við í myndinni var Bjarney Bjarnadóttir, íþróttafraeðingur og kennari, sem er 37 ára gömul. Bjarney ræddi um ákvörðun sína og greindi frá því að ættarsaga hennar væri þannig að líkur væru á því að hún fengi krabbamein. Amma hennar og tvær systur hennar létust af þeim sökum og móðir hennar og tvö systkini reyndust vera með stökkbreytinguna.

Ein af þeim er systir Bjarneyjar, Hulda Bjarnadóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Árvakurs. Hulda steig fram á forsiðu tímaritsins MAN í febrúar 2017 og ræddi þá ákvörðun sína að gangast undir títtnefnda aðgerð. Henni voru gefnar 50 til 90 prósentu líkur á því að fá brjóstakrabbamein og því sagði hún að ákvörðunin hefði ekki verið erfíð.

Hver er hún



■ Meðal vinsælustu snappara landsins með um 16 þúsund fylgjendur

■ Stundum kölluð Pony

■ Lék annað aðalhlutverk í spennumyndinni Týndu stelpurnar

■ Tók þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins og söng þar dúett

■ Gæðastjóri hjá fjölmiðlafyrirtækinu Áttunni þar til í apríl 2018

© DV

Syngur táknmálsútgáfu af Eurovision-laginu



Pórdís Lóa Pórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Áslaug Ýr Hjartar-dóttir er 21 árs viðskiptafræðinemi við Háskóla Íslands. Hún er með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Hún talar bæði íslensku og íslenskt táknmál. Áslaug Ýr hefur áhuga á cross-fit, bókmenntum, ferðalögum og að kynna nýjum tungumálum, fólk og menningu. Hún hefur einnig mikinn áhuga á ritstjórn og gaf sjálf út bók þegar hún var 15 ára. Þessa dagana ritstýrir hún Rösku og heldur úti bloggsíðunni slaugaslamm.blogspot.is. Áslaug vill leggja sitt af mörkum í réttindabaráttu ungs, fatlaðs fólks og er í stjórn Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Rosalegur Eurovision-aðdáandi

Áslaug Ýr hefur verið mikill Eurovision-aðdáandi frá því hún man eftir sér. Hún fylgdist með Söngvakeppninni í ár og átti erfitt með að gera upp við sig hvort lagið í úrslitunum stóð upp úr.

„Eftir að úrslitin voru tilkynnt sat ég eftir í sófanum og hugsaði með mér hvað ég hlakkaði til að sjá táknmálsþýðingu á laginu, enda textinn mjög þéttur og skrautlegur. En af eigin raun vissi ég að það gæti orðið löng bið eftir þýðingunni. Þannig kviknaði sú hugmynd að þýða lagið bara sjálf. Af hverju ekki?“ segir Áslaug Ýr.

Áslaug elskar tónlist en segist vera eins laglaus og hugsast getur. „Ég er hræðileg söngkona þegar kemur að raddmáli. Hins vegar hef ég litla sem enga reynslu af táknmálsöng, en sá í hendi mér að þar gæti ég orðið eitthvað annað en hávær hani á priki. Ég er nefnilega heyrnarlaus, og íslenskt táknmál er mitt annað mál á eftir íslensku,“ segir Áslaug Ýr.

Í kjölfarið hafði hún samband



Hægt er að horfa á myndbandið á DV.is.

við konu sem hún þekkir sem hafði mikla reynslu sem táknmálsöngkona.

„Fyrir en varði var ég búin að túlka lagið yfir á alþjóðlegt táknmál og gera alla vitlausa á heimilinu, eina ferðina enn, með því að spila Our Choice mjög hátt aftur og aftur.“

Ævintýrleg myndbandsgerð

Myndbandið var tekið upp á sólríkum mánudegi í Elliðarárdal og fékk

Áslaug nokkra vini sína til að hjálpa sér við upptöku þess.

„Við vorum lengi að leita að hinum fullkomna tókustað. Fyrir utan að flest trén voru nakin og dauð þá komst hjólastóllinn ekki alls staðar að. Á endanum ákváðum við að henda okkur bara beint í djúpu laugina og fara í torfæruleiðangur inn í skóginn þar sem við fundum loks draumastaðinn.“

Eftir að draumastaðurinn var fundinn gekk upptakan ekki

áreynslulaust fyrir sig, en Áslaug átti erfitt með að heyrja lagið sem var spilað í öðrum síma. Áslaug er með heyrnartæki á öðru eyra og heyrir eitthvað með því. Málinu var reddað með því að vinkona hennar söng lagið fyrir hana nógu hátt svo hún heyrdi.

„Þannig náði ég loksins að syngja lagið almennilega, þarna í lynginu úti í skógi á sólskinsdegi með allt heimagerða tókudótið og frábæra teymið mitt.“ ■

„Þú mátt alveg borða kókó puffs heima hjá mér í fyrramálið“

Leikarinn og ljúftlingurinn **Guðjón Davíð Karlsson**, eða **Góí** eins og við þekkjum hann best, hefur svo sannarlega slegið í gegn á leiksviðinu og í hláturstaugum landsmanna. Sýningin Slá í gegn, sem byggð er á lögum Stuðmanna, er nú sýnd fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu, en Góí skrifar handrit og leikstýrir. Í önnum og afmælisundirbúningi gaf Góí sér tíma til að sýna lesendum DV á sér hina hliðina.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Áð ég sé voða góður.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi, allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja?

Lagið Hveitibjörn með Stuðmönnum er klárlega lagið sem ég myndi vilja hafa. Það er sjúklega töff lag. Það er eitt af lögum í söngleiknum Slá í gegn sem verið er að sýna í Þjóðleikhúsinu.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Energi og trú með Stuðmönnum. Það er svo frábært lag. Það er einmitt í söngleiknum Slá í gegn sem er verið að sýna í Þjóðleikhúsinu núna og geggjaður dans við það lag.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Fyrsta bindið ætti að heita Draumar geta ræst.

Hvaða bímynd hefurðu séð oftast? Three Amigos, Stella í orlofi og Með allt á

hreinu.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið?

Slá í gegn sem er sýnt núna í Þjóðleikhúsinu. Sirkussöngleikur með lögum Stuðmanna. Sjúklega fyndið og skemmtilegt!

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölu dag? Já, ef augun og nefið segja að það sé í lagi.

Heilsardu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Áð sjálfsgöðu. Ég heilsa nú yfirleitt öllum, bara. En frægir þekkjast það er bara svoleiðis. Ég nikka svona og segi: „Sæll kollegi.“

Hver er myndasta „pick-up“ línan sem þú hefur heyrt? „Þú mátt alveg borða kókó puffs heima hjá mér í fyrramálið.“

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér?

HIN HLIÐIN



Guðjón Davíð Karlsson leikari

Áð Kúst og fæjö færi í Eurovision! Ég var alveg pottþéttur á því!

Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik? Three Amigos.

Hvað er framundan um helgina? Ég er að fara að leika í Slá í gegn í Þjóðleikhúsinu, sirkussöngleik með lögum Stuðmanna. Ég ætla að stökkva inn í sýninguna fyrir Hilmi Snæ og Baldur Trausta sem skipta með sér hlutverki Frimanns flugkappa. Þeir eru báðir uppteknir í öðru í leikhúsinu enda Þjóðleikhúsið gjörsamlega að

blómstra þessa dagana. Svo á laugardaginn ætla ég að vera í leikhúsinu og hjálpa til við þrúfur sem eru í gangi fyrir Ronju ræningjardóttur sem verður á sviðinu næsta vetur. Á sunnudaginn á ég svo AFMÆLI og ætla að eyða deginum með konunni minni og börnunum okkar. Gera eitthvað ofboðslega skemmtilegt saman.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Gleðja og gleðjast.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Klór í krítartöflu.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samíð? Fljúgðu með Stuðmönnum sem er einmitt eitt af lögum í Slá í gegn sem verið er að sýna í Þjóðleikhúsinu.

Hvað myndirðu nefna landið okkar ef við þyrftum að breyta? Stuðland, við búarnir værum Stuðmenn.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Guffa.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna?

Mér myndi örugglega bregða. Svo myndi ég örugglega segja: „Geir? Hvað ert þú að gera hér?“ Hann myndi þá væntanlega svara. Svo myndi ég segja: „Á ég að hringja á lögregluna?“ Ég myndi svo væntanlega meta næstu skref eftir það ... sjá hverju hann myndi svara og svona. Af því kannski var þetta bara algjör misskilningur eða bara eitthvert grín. Þú veist. Maður veit aldrei með Geir. Hann er lúmskur.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund kalli á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? 66°Norður! Alltaf! Engin spurning!

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? Áð veipa!

PIER

Pier hitar upp fyrir sumarið með

20%

afslátt af útihúsgögnum



PIER BISTRO BORD OG
TVEIR STÓLAR Á

12.990 KR.

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Gardenia



20%

AFSLÁTTUR AF
NÝJU HELSINKI
BORDSTOFUHÚSGÖGNUNUM

HELSINKI

HLIÐARBORD

20%

afsláttur þegar
keypt eru tvö

30%

afsláttur þegar
keypt eru þrjú

Skoðið nýju sumarhúsgögnin á
www.pier.is

Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Hvað segir mamma?



Björn Leví hefur alltaf verið fróðleiksfús

Ég hef alltaf verið mjög stolt af syni mínum. Hann er traustur, heiðarlegur og með mjög sterka réttlætiskennnd,“ segir Fanney Gunnarsdóttir, móðir Björns Levís Gunnarssonar, alþingismanns.

Björn Leví hefur farið mikinn í stjórnarandstöðu á yfirstandandi þingi. Sérstaka athygli hefur vakið spurningaflóð hans til framkvæmda- valdsins í fyrirspurnatímum þingmanna. Alls hefur Björn Leví lagt fram 78 fyrirspurnir á þinginu og hafa sumar vakið þjóðarathygli, til dæmis fyrirspurn hans varðandi hús-, dvalar- og aksturkostnað þingmanna sem varð til þess að þjóðfélagið fór á hliðina um tíma. Ekki eru þó allir á eitt sáttir en andstæðingar Björns Levís hafa sakað hann um að sóa skattpeningum með fyrirspurnaflóðinu.

Fanney hlær dátt þegar hún er spurð hvort Björn Leví hafi verið fróðleiksfúst barn. „Já, það er alveg hægt að segja það. Hann stóð sig afar vel í námi og ég sá hann eiginlega aldrei læra heima. Ég var ekkert að velta því of mikið fyrir mér fyrstu árin því of mikið fyrir mér fyrstu árin svo góðar,“ segir Fanney. Hún segist þó hafa spurt son sinn út í þetta þegar hann var tólf ára gamall og þá hafi hann sagst hlusta á kennarana í tíma og klára að læra þar. „Hann sagði að maður þyrfti bara að skilja hlutina. Það er mjög eftirminnilegt,“ segir Fanney.

Hún segir að Björn Leví hafi átt erfitt uppdráttar um tíma í skóla. „Hann hefur alltaf verið svolítið nörd og um tíma var það ekki líklegt til vinsælda. Þegar hann kom síðan í menntaskóla þá var allt í einu orðið töff að vera nörd og þá fór hann að blómstra,“ segir Fanney.



Þingkona selur húsið á yfirverði

Hanna Katrín Friðriksson, sem situr á Alþingi fyrir Viðreisn, og eiginkona hennar, Ragnhildur Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Novator, seldu glæsilegt raðhús sitt í Fossvogi á dögunum. Endanlegt söluverð eignarinnar var 97 milljónir króna sem var einni milljón króna hærra en ásett verð þegar húsið var auglýst.

Hanna Katrín og Ragnhildur keyptu húsið í apríl 2006 og hafa því búið í Fossvoginum í rúm tólf ár. Þar hefur þeim liðið vel ef

marka má orð Ragnhildar á Facebook-síðu sinni þegar eignin var auglýst til sölu í byrjun árs. „Þá er fjölskyldan í Logalandinu farin að hugsa sér til hreyfings og húsið komið á sölu. Þetta er dýrðarinnar hús (og garður!) og hér hefur farið vel um okkur fjórar alla grunnskólagöngu dætranna. Við mælum með þessu fyrir ykkur eða vini ykkar, sem hafa alltaf þráð að búa á besta stað í Fossvogi,“ skrifði Ragnhildur.

Húsið í Logalandinu er 231 fermetri að stærð og skiptist í fjögur

svefnherbergi, tvær stofur og tvö baðherbergi. Hjónin keyptu húsið á 67 milljónir króna á sínum tíma.

Það verður því nóg að gera hjá Hönnu Katrínu og Ragnhildi í sumar en þær eiga að afhenda húsið í síðasta lagi þann 1. ágúst næstkomandi. ■



HJÓLUM INN Í SUMARIÐ



Frábært verð ár eftir ár!

Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenhjól, 6 gíra með brettum og körfu.

28.995

49620200-1

Barnahjól
Gult eða ljósblátt 16".

20.995

49620062A/3A



Fyrir þau allra minnstu

Sparkhjól
Usa BMX 12".

12.995

49620127



ALLTAF HEITT OG GOTT

Geislahitari

Rafmagns 2000W, á fæti, stillanlegt hitastig 600/1300/2000W. Stillanleg hæð 120-200cm.

10.995

50615030

VIÐ ERUM BYRJUÐ AÐ GRILLA

Broil King Great Barbecues Every Time | weber | barbecue | NAPOLEON

NÝTT BLAÐ

HÖLF & GÖLF

Lestu blaðið á byko.is

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN